


# Bændablaðið

5. tölublað 2024 • Fimmtudagur 7. mars • Blað nr. 652 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon eru með 90 kinda sauðfjárbú, 19 geitur og reka ullarvinnslu í Gilhaga í Öxarfirði. Mynd / BÞV

– Sjá nánar á síðum 32–33.



## Uppgræðsla

Yfir tólf hundruð landeigendur hafa komið að verkefninu Bændur græða landið frá upphafi, fyrir rúmum þrjátíu árum.

Endurheimt vistkerfa fylgir fjölbreyttur ávinningur sem varðar nýtingarmöguleika framtíðarinnar, vatnshag og lífríki.

– 28 –

## Geðheilsa í brennidepli

Ný rannsókn sýnir vísbendingar um að auknar hlutfallslíkur séu á einkennum þunglyndis og streitu meðal bænda samanborið við aðrar vinnandi stéttir.

Þá er mun hærra hlutfall bænda sem segist hafa oft eða alltaf of mikið að gera en fólk í samanburðarhópnum. Miklu máli skiptir að leita sér aðstoðar við geðrænum kvillum, en bændur og fólk í dreifbýli nýtir sér síður sérfræðiþjónustu heilbrigðiskerfisins.

– 20 –

# Jafna þarf samkeppnisstöðu bænda

## – Trausti Hjálmarsson er nýr formaður Bændasamtaka Íslands

**Trausti Hjálmarsson, sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum, var kjörinn formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ) til næstu tveggja ára í beinum rafrænum kosningum félaga í BÍ um síðustu helgi.**

Trausti bauð sig fram gegn sitjandi formanni, Gunnari Þorgeirssyni, garðyrkjubónda á Ártanga í Grímsnesi, sem var kjörinn formaður á Búnaðarþingi árið 2020.

*Samstaða allra búgreina*

Trausti var formaður deildar sauðfjárbænda hjá BÍ frá 2022 en gaf ekki kost á endurkjöri á nýliðnum Deildarfundi sauðfjárbænda. Hann hefur setið í stjórn BÍ frá Búnaðarþingi 2022.

Hann segir það ekki breyta neinu, hvað varðar almenna hagsmunabaráttu bænda, að sauðfjárbóndi hafi valist til forystu nú. „Ég hef tekið það skýrt fram að mitt framboð var fyrir alla íslenska bændur og mun leggja áherslu á samstöðu allra búgreina, því að mörgu leyti erum við öll að glíma við sömu áskoranirnar," segir Trausti.

*Kerfisbreytingar í ytra umhverfi*

Varðandi þá áskorun að samdráttur er í innlendri kjötframleiðslu í flestum greinum, segir Trausti að nauðsynlegt sé að bændur nái vopnum sínum í þeirri baráttu. „Við þurfum að ná í gegn ákveðnum kerfisbreytingum í ytra umhverfi okkar gagnvart þeirri samkeppni sem kemur utan frá. Þannig þurfum við að nýta þann slagkraft sem hefur myndast á síðustu mánuðum, sem birtist í því að bændur standa þétt við bakið hver á öðrum, þvert á búgreinar.

En við náum því ekki öðruvísi en í góðu samtali við stjórnvöld og almenning í landinu sem hefur mikið að segja um hvað við bændur eigum að framleiða, því það er almenningur sem á að velja matvörur sínar í verslunum. En til þess að fólkið hafi almennilegt svigrúm til að velja á milli innfluttra og innlendra matvara þá þarf auðvitað framboð að vera til staðar af þeirri innlendu. Það er bara risastórt verkefni að vinna í þessu, sem hefur verið á borðum okkar bænda allra og verður áfram. Á meðan ekki er nægileg vörn í ytri skilyrðum landbúnaðarins höfum við þurft að gefa eftir á markaði. En þarna eigum við sóknarfæri."

*Stjórnvöld viðurkenna vandann*

Við síðustu endurskoðun búvörusamninga tókst samninganefnd bænda ekki að fá meira fjármagn inn í gildandi samninga til að bæta starfsskilyrðin fyrir sína skjólstæðinga. Trausti, sem sat í samninganefndinni, segir að það sé rétt að engir varanlegir fjármunir hafi fengist út úr endurskoðuninni. Hins vegar sé ljóst að stjórnvöld viðurkenni afkomuvanda búgreinanna, sem meðal annars hafi birst í fjárhagsstuðningi sem kynntur var í lok síðasta árs í kjölfar tillagna starfshóps ráðuneytisstjóra.

„Það segir sig alveg sjálft að það þarf að taka þetta samtal þéttar við stjórnvöld og hefjast handa fljótlega við undirbúning að gerð nýrra búvörusamninga. Við vonum að sá skilningur stjórnvalda sem hefur birst á undanförnum misserum sjáist í næstu samningaviðræðum um næstu búvörusamninga. Slíkar viðræður verða alltaf að byggja á afkomunni í landbúnaði og hvernig er brugðist við þessum afkomuvanda í landbúnaði sem hefur verið. Bændur eiga meira skilið heldur en þau skilyrði sem þeim hefur verið boðið upp á, miðað við hvað þeir hafa heilt yfir staðið sig vel," segir Trausti. „En þetta þarf að gerast í góðu samtali við stjórnvöld, því bændur fara ekki svo auðveldlega í verkfall," bætir hann við.

Að sögn Trausta er ástæða til bjartsýni, því það sem hafi gerst nýtt í þessum málum öllum sem snúa að kjarabaráttu bænda er að stjórnvöld hafi sjálf farið í mikla greiningu á stöðu landbúnaðarins. „Óhjákvæmilega verður byggt á þeirri vinnu og þeirri vinnu sem unnin hefur verið hjá Bændasamtökunum. Þá vaknar sú spurning hvað stjórnvöld séu tilbúin að gera til að standa vörð um innlenda landbúnaðarframleiðslu."

Þegar hann er beðinn um að nefna eitt atriði sem hann vildi breyta í starfsumhverfi landbúnaðarins, ef hann hefði fullkomið vald til þess, segir hann án umhugsunar að það væri tollaumhverfið. „Það verður að viðurkenna sem fyrst tollverndina sem hluta af starfsskilyrðum landbúnaðarins og endurskoða það sem okkur er boðið upp á þar."

/smh

# Bjóða sig fram í stjórn Bændasamtaka Íslands

**Sjö frambjóðendur hafa gefið kost á sér til setu í stjórn Bændasamtaka Íslands næstu tvö árin, en sex meðstjórnendur munu skipa nýja stjórn með Trausta Hjálmarssyni, nýkjörnum formanni.**

Af þeim stjórnarmönnum sem sitja nú í stjórn gefa tveir kost á sér til endurkjörs; þau Reynir Þór Jónsson, nautgripa- og sauðfjárbóndi á Hurðarbaki í Flóa, og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nautgripabóndi á Egilsstöðum á Fljótsdal.

Aðrir frambjóðendur eru Eyjólfur Ingvi Bjarnason, sauðfjárbóndi í Ásgarði í Dölum, Axel Sæland, garðyrkjubóndi á Espiflöt í Bláskógabyggð, Sigurbjörg Ottesen, nautgripabóndi í Eyja- og Miklaholtshreppi, Petrína Þórunn Jónsdóttir, svína- og kornbóndi í Laxárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, og Björn Ólafsson, sauðfjár- og skógarbóndi á Krithóli í Skagafirði. Til varastjórnar eru eftirfarandi frambjóðendur í kjöri: Eydís Rós Eyglóardóttir, alifuglabóndi á Vatnsenda í Flóahreppi, Steinþór Logi Arnarsson, sauðfjárbóndi á Stórholti í Dölum, og Björn Ólafsson, sauðfjár- og skógarbóndi á Krithóli í Skagafirði.

Þess skal getið að þegar blaðið fór í prentun voru enn eftir 12 tímar af framboðsfresti. Kosið er á Búnaðarþingi 2024 sem haldið verður á Hótel Natura í Reykjavík 14.–15 mars.

/smh



Ein af nýju ARR-kindunum (21-160) í Geirshlíð. Mynd / Aðsend

## Riðuvarnir:

# Sjö ARR-kindur finnast í Miðdölum

**Sjö kindur í Miðdölum í Dalabyggð hafa fundist til viðbótar sem bera genasamsætuna ARR.**

Tvær kindur eru staðsettar á bænum Háafelli og þrjár í Geirshlíð. Nýjustu tíðindi eru svo af tveimur á Sauðafelli.

Fundurinn kemur í kjölfar þess að í janúar var staðfest að ær og lambhrútur á bænum Vífilsdal í Dölum væru með þessa fágætu genasamsætu, sem þótti mikill happafengur fyrir ræktunarstarfið fram undan með verndandi arfgerðir. Hafist var handa við arfgerðagreiningar á hjörðum í Vífilsdal og á fimm öðrum bæjum sem eiga kindur sem skyldar eru þeim kindum sem fundust með ARR í Vífilsdal.

Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML, segir að í Geirshlíð sé um að ræða þrjár ær, tvær af þeim eru svargolsóttar, önnur hyrnd en hin kollótt.

Þriðja ærin í Geirshlíð sé hvít að lit, hyrnd og er hún sammæðra þeirri golsóttu hyrndu. Hann segir að á Háafelli séu báðar ærnar hyrndar og hvítar að lit. Nýjustu tíðindin eru sem fyrr segir frá Sauðfelli. Eyþór segir að þessar tvær ær á Sauðfelli séu mæðgur. „Þær eru báðar hyrndar og golsóttar á lit. Golsi 02-346 frá Háafelli er á bak við þær og tengir saman allar ARR-ær sem við höfum fundið til þessa í Dölum," segir hann.

/smh






Vopnafjörður. Sláturfélag Vopnfirðinga hættir rekstri en forsvarmenn félagsins vonast til að unnt verði að gera upp allar skuldir með sölu eigna. Að því búnu verði félaginu slitið. Mynd / sá

## Vopnafjörður:

# Ekkert sláturhús á ríflega helft landsins

## – Sláturfélag Vopnfirðinga hættir slátrun og leggst af

**Sláturfélag Vopnfirðinga hættir rekstri og þar með verður síðasta sláturhúsinu á Austurlandi lokað. Næsta starfandi sláturhús er nú á Húsavík.**

„Rekstraraðstæður Sláturfélags Vopnfirðinga hf. gera það að verkum að félagið er ekki lengur samkeppnishæft um verð á við stóru húsin," segir Skúli Þórðarson, framkvæmdastjóri Sláturfélags Vopfirðinga. „Því óskaði stjórnin eftir heimild til að hætta slátrun og selja eignir félagsins, og í framhaldi af því, slíta félaginu þegar allt hefur verið gert upp. Það var svo samþykkt á hluthafafundi, mótatkvæðalaust, 22. febrúar sl. Þar sem mætt voru 87% hluthafa Sláturfélags Vopnfirðinga hf.," segir hann.

Hluthafar voru um 64 talsins. Heimamenn, þ.e. Vopnafjarðarhreppur, Búnaðarfélag Vopnafjarðar og bændur, hafa átt meirihluta hlutabréfa en kaupandi afurða félagsins, Kjarnafæði Norðlenska, um 35% hlutafjár.

### *Veruleg áhrif*

Aðspurður um áhrif lokunarinnar á samfélagið og bændur á austurhluta landsins segir Skúli að við hana muni fjögur heilsársstörf hverfa, og umreiknuð öll störf hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga séu u.þ.b. 10 ársstörf.

„Þetta mun augljóslega hafa talsverð áhrif í litlu sveitarfélagi, með minnkandi útsvarstekjum sveitarfélagsins og minnkandi afleiddri veltu. Til viðbótar hefur innspýting af 30–40 manns í september og október, í sauðfjársláturtíð, haft jákvæð áhrif á samfélagið á Vopnafirði. Því verður ekki neitað að fyrir íbúa staðarins verður vissulega erfiðara að nálgast kjöt á hagstæðu verði, þar sem við höfum selt kjöt beint til neytenda á svæðinu, í Kauptún og jafnvel í togarana," segir hann.

### *Langt að fara með sláturfé*

Skúli segir þjónustu við bændur nú verða lengra í burtu og flutningur á fé um 150–250 km lengri, eftir því hvaða sláturhús bændur velji að leggja inn hjá. Gert sé ráð fyrir að gera upp við alla innleggjendur fyrir septemberlok, í síðasta lagi, hjá Sláturfélagi Vopnfirðinga. Reiknað sé með að bændur komist þokkalega að hjá öðrum sláturhúsum.

Ekkert starfandi sláturhús er nú frá Selfossi í suðvestri norður á Húsavík og þurfa bændur því eftirleiðis að leita þangað eða lengra með slátrun.

/sá

# Viðbótarstuðningur við nautakjötsframleiðendur

**Matvælaráðuneytið hefur ákveðið að leggja til 100 milljónir króna í stuðning við nautgripabændur á sláturálag, á móti þeim 50 milljónum sem stjórn deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökunum hefur ákveðið að ráðstafa úr búvörusamningi.**

Forsagan er sú að stjórnvöld tilkynntu í byrjun desember um stuðningsgreiðslur til bænda vegna þeirra fjárhagserfiðleika sem búgreinar glímdu við í kjölfar óhagstæðra efnahagsaðstæðna. Í þeim var nánast ekkert til að koma til móts við vanda nautakjötsframleiðenda. „Það kom vissulega aukning á gripagreiðslum holdakúa en sú framleiðsla er enn þá lítill hluti af heildar nautakjötsframleiðslunni. Stjórnin vakti strax athygli á þessu og einnig kom fram gagnrýni hjá bændum," segir Rafn Bergsson.

„Í framhaldinu ákvað stjórn að leggja til að ráðstafa 50 milljónum af framleiðslujafnvægisliðbúvörusamninga inn á sláturálag og óska eftir að ráðuneytið kæmi með fjármagn á móti til að koma á móts við vanda nautakjötsframleiðenda," heldur Rafn áfram.

„Þetta fjármagn alls, 150 milljónir, bætist við sláturálagspottinn sem fyrir er á árinu 2024. Þetta fer á þá gripi sem standast gæðakröfur sem til þeirra eru gerðar."

Fjármagnið fer á alla gripi sem standast kröfur, óháð kúakyni, og verður samtals 394,1 milljón króna í stað 244,1 milljón króna.

/smh



Rafn Bergsson.

### Ákvæði reglugerðar um stuðningsgreiðslur

- Lágmarksþyngd grips sé 250 kg.
- Nautakjöt falli ekki í EUROP gæðaflokka P+, P og P-.
- Gripur sé yngri en 30 mánaða.
- Fjárhæð sem ráðstafað er til að greiða sláturálag á nautakjöt skiptist jafnt á þá skrokka sem fullnægja gæðakröfum skv. 2. tl. 1. mgr.
- Greiðslum skal ráðstafað til framleiðenda ársfjórðungslega í maí, ágúst, nóvember ar hvert og febrúar árið á eftir og skipta þeir með sér greiðslum úr ¼ hluta heildarframlaga hvers árs. Miða skal við slátrun á tímabilinu 1. janúar til 31. desember ár hvert.


GERUM
MEIRA
TOYOTA HILUX
HILUX
Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.
Verð frá: 8.990.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.




Kjötframleiðsla annars vegar í janúar 2023 og hins vegar í janúar 2024.

Hagstofa Íslands:

# Kjötframleiðsla eykst á milli janúarmánaða

**Kjötframleiðsla jókst í janúar 2024 um 4,5 % samanborið við framleiðslu í sama mánuði á síðasta ári, og var samtals 1.914 tonn.**

Framleiðsla svínakjöts jókst mest og var 625 tonn í liðnum janúarmánuði, sem er sjö prósentum meira en á síðasta ári. Nautakjötsframleiðslan jókst um fjögur prósent og var 455 tonn, og alifuglaframleiðsla um þrjú prósent og var 835 tonn. Athygli vekur að fjöldi alifugla sem slátrað var dregst hins vegar lítillega saman á milli janúarmánaða, fer úr tæpum 487 þúsund í tæplega 482 þúsund fugla.

Engin skráð framleiðsla var í sauðfjárrækt nú í janúar, en á sama tíma í fyrra voru rúm þúsund kíló dilkakjöts framleidd og rúm 684 kíló af fullorðnu. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar varð samdráttur í kjötframleiðslu á Íslandi á síðasta ári í öllum kjötgreinum nema alifuglakjöti.

*/smh*

# Matvælastofnun kærir fjárflutninga bænda

**Matvælastofnun (MAST) hefur kært til lögreglu meintan fjárflutning bænda á tveimur bæjum úr Snæfellshólfi yfir sauðfjárveikivarnarlínu í Vesturlandshólf.**

Kæran kemur í kjölfar ábendingar sem MAST barst í haust um að kindur hefðu verið fluttar yfir varnarlínu, sem er bannað samkvæmt dýrasjúkdómalögum. Einar Örn Thorlacius, lögfræðingur hjá Matvælastofnun, segir að til grundvallar ákvörðuninni um að vísa málinu til lögreglu hafi meðal annars verið myndefni sem stofnunin hefur undir höndum.




Bæirnir eru í gamla Kolbeinsstaðahreppi. Að sögn Einars neituðu bændurnir sök, þegar þeir var veittur andmælafrestur. Hann segir að samkvæmt 30. grein laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, varða brot gegn lögunum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim sektum eða fangelsi allt að 2 árum. „Allt bendir til að féð hafi sloppið yfir varnarlínuna vegna þess að varnarhlið var opið eftir ferðamenn. Bændurnir sóttu það aftur yfir varnarlínuna að vitnum ásjáandi. Í fyrstu málsgrein 25. greinar dýrasjúkdómalaga segir að sleppi sauðfé yfir varnarlínur skuli því slátrað. Við vísum málinu til lögreglu fyrst og fremst vegna þess að lögregla hefur víðtækari rannsóknarheimildir en MAST. Í öðru lagi hefur MAST engar refsiheimildir samkvæmt dýrasjúkdómalögum, öfugt við til dæmis dýravelferðarlög þar sem MAST getur refsað með stjórnvaldssektum," segir Einar. */smh*




Skógrækt:

# Kolefniseiningar tilvonandi tekjustoð í búrekstrinum

**Oddný Steina Valsdóttir og Ágúst Jensson, bændur á Butru í Fljótshlíð, eru fyrstu aðilarnir sem hefja skógræktarverkefni á vegum Kolefnisbrúarinnar.**

Það er ráðgjafarfyrirtæki í eigu Bændasamtaka Íslands og skógarbændafélaganna víða um land sem miðar að framleiðslu kolefniseininga.

Oddný segir markmiðið með skógræktinni ekki einungis að græða landið og mynda skjól, heldur sjái þau fyrir sér að með tíð og tíma geti sala kolefniseininga orðið ein af tekjustoðum búsins þegar kolefnismarkaðir nái fullum þroska. Núna byggist búskapur þeirra á sauðfjárrækt og eru þau farin að þreifa aðeins fyrir sér í ferðaþjónustu.



Á Butru í Fljótshlíð hefur fyrsta verkefni Kolefnisbrúarinnar verið hleypt af stokkunum. Myndir / Aðsendar

***Valdefling bænda***

„Hlutverk Kolefnisbrúarinnar finnst mér vera að veita bændum ráðgjöf og valdefla þá í þeim ákvörðunum sem þeir þurfa að taka í kringum þetta." Öll vinnan við gróðursetningu og efniskostnaðurinn sé í höndum Oddnýjar og Ágústs, á meðan Kolefnisbrúin veiti ráðgjöf við atriði eins og skjalavinnslu, samningsgerð og skrásetningu.

„Ef maður er á annað borð að fara í skógrækt, því ekki að framleiða einingar?" segir Oddný.

Verandi leikmaður sé ekki einfalt að átta sig á hvaða leið sé best. Því finnist henni mikilvægt að Kolefnisbrúin sé í höndum samtaka bænda og henni finnist hún geta treyst því að ráðgjöfin sé af fullum heilindum. Þýðingarmikið sé að verkefnin og frumkvæðið að þeim sé á forsendum frumframleiðanda eininganna, ekki eingöngu kaupenda eða milliliða. Það skipti máli þar sem gera megi ráð fyrir framleiðslu talsverðra verðmæta til framtíðar.

Oddný bendir á að markaðir með kolefniseiningar séu það sem koma skal. Hvort sem fólki finnist kaup og sala með þessar einingar rökréttar eða ekki, þá sé þetta ein af lausnunum sem settar hafa verið fram á heimsvísu til að berjast gegn loftslagsbreytingum. Í Kolefnisbrúnni sé lagt upp úr að mæla nákvæmlega með viðurkenndum aðferðum hversu mikil kolefnisbinding eigi sér stað og fá vottun þriðja aðila um að sannarlega sé eitthvað á bak við kolefniseiningarnar sem þau framleiða.

„Það er ekki hægt að kalla þetta grænþvott. Skógurinn verður að vaxa upp til þess að þetta verði raunverulegar einingar."

***Ábatinn kemur ekki strax***

Aðspurð af hverju hún myndi mæla með þessari leið fyrir aðra bændur, þá segir Oddný að Kolefnisbrúin sé líkleg til að gera skógrækt ábatasama til framtíðar. Ólíkt hefðbundnum skógræktarverkefnum þá fái bændur



Oddný Steina Valsdóttir.

í Kolefnisbrúnni ekki greitt fyrir að gróðursetja, heldur sé gert ráð fyrir að tekjurnar komi síðar þegar skógurinn fer að binda kolefni.

Helsti ókosturinn við þetta sé að framleiðsluferlið sé langt og það geti liðið talsverður tími frá því farið er af stað í skógrækt þangað til að kolefniseiningarnar verða til. Erlendis hafi verið nokkuð um að landeigendur fái greitt fyrir fram þegar trjám er plantað, en þá sé kaupandinn búinn að tryggja sér kolefniseiningar í bið og landeigandinn hafi ekkert með þær að gera.

Aðspurð um hvenær hún geri ráð fyrir að skógræktin fari að skila tekjum, þá segir Oddný þeim ekki liggja á að selja kolefniseiningarnar, en þau gætu selt svokallaðar einingar í bið núna strax finnist kaupandi. Eftir tíu til tuttugu ár verði mikill vöxtur í skóginum og þá verði mesta verðmætasköpunin.

„Við sáum þetta sem fýsilega leið. Við getum gert þetta á tiltölulega ódýran hátt þó að við séum að leggja hellings vinnu í þetta. Mér finnst mjög traustvekjandi að hafa Kolefnisbrú Bændasamtakanna með í liði. Ég myndi hvetja bændur, ef þeir eru að hugsa sér að fara í kolefnisbindingarverkefni, að skoða leið Kolefnisbrúarinnar," segir Oddný. */ál*

Mjólkurframleiðsla:

# Framleiddu úrvalsmjólk allt árið

**Þrjátíu og fimm mjólkurfram-leiðendur á starfssvæði Auðhumlu fengu greitt fyrir úrvalsmjólk alla mánuði síðasta árs.**

Þetta er svipaður fjöldi og hefur verið undanfarin ár, en árið 2022 náðu þrjátíu og sex kúabændur þessum árangri. Að stórum hluta eru sömu bændur sem framleiddu úrvalsmjólk alla tólf mánuðina í fyrra og árið á undan. Samtals framleiddu þessir 35 aðilar tæpa ellefu milljón lítra úrvalsmjólkur. Frá þessu er greint í frétt á heimasíðu Auðhumlu, þar sem bændurnir eru taldir upp. Auðhumla er samvinnufélag í eigu mjólkurframleiðenda og móðurfélag Mjólkursamsölunnar, með 80% eignarhlut. Starfssvæði Auðhumlu nær til alls landsins nema Skagafjarðar. */ál*


BYD
BUILD YOUR DREAMS
UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA
Í BYD ATTO 3
KOMDU OG REYNSLUAKTU BYD ATTO3,
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR
BYD ATTO 3
BYD ATTO 3 VERÐ KR. 6.490.000
Verð með styrk frá Orkusjóði allt að 900.000- samtals: 5.590.000.-
204 hestöfl
60 kwh rafhlaða
BYD Atto3 er rafdrifinn, nettur jepplingur með hágæða frágangi og nútíma útliti.
Atto3 er fyrsti bíllinn frá BYD sem smíðaður er á nýja undirvagninn e-Platform 3.0.
Hann er með nútímalegt og ungæðislegt útlit og er hlaðinn búnaði í staðalgerð.
ATTO 3 hraðar sér úr 0 í 100 km/klst á 7,3 sekúndum.
Nánari upplýsingar á byd.is
BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI
byd.is / soludeild@vatt.is / Vatt ehf. Skeifunni 17 / Sími 568 5100
vatt ehf

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## Beðið eftir jarðræktarmiðstöð

**Sex ár eru síðan Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands flutti frá Korpu en ekkert bólar á nýrri miðstöð á Hvanneyri þrátt fyrir að fjármögnun vegna uppbyggingarinnar hafi verið tryggð árið 2021 við sölu Korpulands.**

Um áratugaskeið var starfsemi Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ staðsett í landi Korpu þar sem tilraunir fóru fram. Aðstaðan vék fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar og Borgarlínu og var færð upp á Hvanneyri árið 2018 og hefur síðan þá verið staðsett í gamla bútæknihúsinu á Hvanneyrartorfunni. Sú bygging, gjarnan kölluð Gamla Bút, var reist árið 1963 og er mjög illa farin. Aðstaða sem var talin ófullnægjandi og heilsuspillandi og er enn í dag metin óboðleg fyrir daglega starfsemi. Áform hafa verið um byggingu nýrrar jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri og var hún m.a. fjármögnuð með sölu Korpulands. Verkefnið fékk byr undir báða vængi þegar Magnús Óskarsson, fyrrverandi kennari við LbhÍ, arfleiddi skólann að öllum eigum sínum árið 2020, til uppbyggingar á rannsókna- og kennsluaðstöðu til jarðræktarfræða. Árið 2021 gerðu LbhÍ og þáverandi mennta- og menningamálaráðherra með sér samkomulag en skv. minnisblaði átti að tryggja fjárveitingu til uppbyggingar jarðræktarmiðstöðvar, afla heimildar til kaupa LbhÍ á jörðinni Mið-Fossum og til að byggja tilraunagróðurhús í ylrækt á Hvanneyri. Auk þess átti að ráðast í gagngerar endurbætur á Garðyrkjuskólanum á Reykjum. Gert var ráð fyrir að heildarfjárfesting þessara fjögurra verkefna væri aðeins þriðjungur af áætluðu verðgildi Korpulands. Sala á Mið-Fossum gekk eftir og þar að auki hafa miklar framkvæmdir átt sér stað á Reykjum að undanförnu. En engar framkvæmdir eru hafnar á nýrri jarðræktarmiðstöð. Í ársskýrslu LbhÍ frá 2022 segir að tafir hafi orðið á að hefja byggingu miðstöðvarinnar og óvíst hvenær svo verði. Þrátt fyrir það er búið að vinna alla grunnvinnu, t.d. hefur aðalskipulagi Borgarbyggðar verið breytt og gerir nú ráð fyrir byggingarreit fyrir jarðræktarmiðstöðina auk gróðurhúsa suðaustan við Gamla Bút.

> ... við núverandi aðstæður geti jarðræktarrannsóknir ekki farið fram vorið 2024 ...“

Í svari við fyrirspurn til Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur, rektors LbhÍ, segir hún að til hafi staðið að byggja jarðræktarmiðstöðina 2023–2024. Hins vegar hafi heimild frá ráðuneytinu til að hefja framkvæmdir árið 2023 ekki borist. „Ráðuneytið bað okkur um að gera nýja áætlun yfir lengra tímabil. Sú áætlun var send í fyrra og miðaðist við þriggja ára framkvæmdatímabil, 2024–2026. Ég bind enn vonir við að við náum að hefja framkvæmdir í ár enda miklir hagsmunir í húfi vegna stórra verkefna sem eru þegar fjármögnuð og bíða eftir þessari aðstöðu.“ Sem dæmi um stór verkefni sem bíða aðstöðunnar nefnir Ragnheiður kornkynbótaverkefni samkvæmt samningi við matvælaráðuneytið sem undirritað var á dögunum.

Bjarni Jónsson, þingmaður VG, sendi þann 16. desember fyrirspurn um uppbyggingu aðstöðu til jarðræktarrannsókna á Hvanneyri. Spurði hann m.a. um fjármögnun byggingarinnar, hvenær hafist verði handa og hvenær verklok væru áætluð. Fyrirspurninni hefur enn ekki verið svarað en samkvæmt þingsköpum á ráðherra að senda svör innan fimmtán virkra daga.

Deildarfundur Ræktunar og fæðu hjá LbhÍ ályktaði um jarðræktarmiðstöð í desember sl. og krafðist frekari eftirfylgdar með málinu. Deildin beindi því til háskólaráðs og rektors LbhÍ að beita sér tafarlaust fyrir uppbyggingu á aðstöðu til rannsókna og kennslu á sviði jarðræktar. „Það er álit deildarfundar að við núverandi aðstæður geti jarðræktarrannsóknir ekki farið fram vorið 2024,“ segir í ályktuninni.

Í svari háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins við fyrirspurn um hvenær vænta megi ákvörðunar um miðstöðina segir: „Ákvörðun um uppbyggingu Jarðræktarmiðstöðvar liggur ekki fyrir og mun líklega ekki gera það fyrr en vinnu við næstu fjármálaáætlun er lokið.“

*Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.*








**Rauðar íslenskar kartöflur eru ræktaðar sem stofnútsæði með vefjaræktun hjá Matís.** Myndir / smh

### Kartöfluræktun:

# Vilja banna innflutning á erlendum kartöfluyrkjum

## – Ógn stafar að íslenskri kartöfluræktun vegna nýrra myglustofna

**Deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands hefur sent erindi til matvælaráðuneytisins þar sem þess er farið á leit að bannað verði að flytja inn stofnútsæði fyrir kartöfluræktun.**

Á Deildarfundi garðyrkjubænda á dögunum var kartöflumygla til umræðu vegna endurtekinna vandamála sem hún hefur valdið í ræktun hjá íslenskum kartöflubændum.

Ályktað var að þar sem kartöflumygla ógnaði kartöflurækt á Íslandi þyrfti að finna leiðir til að fullnægja markaði með íslensku útsæði og innflutningi á stofnútsæði fyrir erlend kartöfluyrki hætt.

### *Sjúkdómar og mygla geta fylgt innfluttum yrkjum*

Ræktun á stofnútsæði með vefjaræktun fyrir íslensku kartöfluyrkin Premier, Gullauga, Helgu og Rauðum íslenskum hefur verið hjá Matís á undanförnum tæpum tveimur árum. Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda, segir hana snúast eingöngu um að halda íslensku kartöfluyrkjunum sjúkdómsfríum og hreinum.

„Það eru engar reglur sem banna að flytja inn stofnútsæði og bændur hafa verið að prófa sig áfram með ný yrki, sem getur verið vafasamt þar sem sjúkdómar og mygla geta fylgt nýjum yrkjum til landsins.

Nú er svo komið að nýir myglustofnar hafa komið upp í kartöflum í Evrópu, þessir myglustofnar eru þolnir fyrir varnarefnum og því afar erfitt að ráða við þá. Því viljum við loka á innflutning núna í vor til að verja íslensku yrkin og finna betri leiðir til að prófa ný yrki hér á Íslandi,“ segir Axel.



Vefjaræktaðar kartöfluplöntur.



Helgi Jóhannesson. Mynd / Aðsend

### *Mygla komið upp á hverju ári frá 2019*

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að kartöflumygla sé vel þekktur og algengur sjúkdómur í kartöfluræktun sem oft hefur valdið uppskerubresti. Á Íslandi hafi hún verið landlæg á árunum frá 1890 til 1960. Frá 1990 hafi komið upp mygla af og til, og á hverju ári frá 2019 þar sem mismikill skaði hefur hlotist af henni.

Helgi segir að venjuleg kartöflumygla lifi ekki íslenska veturinn af úti í náttúrunni. Smitið berst milli ræktunartímabila með útsæðinu, annaðhvort því íslenska eða með innfluttu útsæði.

„Vandamálið er að kartöflubændur hafa verið að flytja inn erlend yrki á vorin sem kannski eru notuð mest í margs konar vinnslu og í tilbúna rétti til dæmis.

Ef nýir myglustofnar berast til landsins með þessum kartöflum verða varnirnar erfiðari, aðallega vegna þess að þeir hafa myndað þol gegn ákveðnum varnarefnum.

Mygla getur svo líka smitast með innfluttum matarkartöflum þannig að bann við innflutningi á útsæði útilokar ekki að smit berist til landsins.

Það er vel hægt að hætta innflutningi og rækta stofnútsæði hér af öðrum yrkjum líka, en það tekur hins vegar nokkur ár að búa til nægilegt magn af hreinu útsæði og útheimtir umtalsvert fjármagn.“

Hann telur að ef bann verði sett á innflutninginn geti það valdið þeim framleiðendum skaða sem hafi notað þá leið til að afla sér útsæðis og það geti flækt málin ef vegið sé þannig að þeirra rekstrarafkomu. Með hlýnandi veðurfari verði mygluhættan hins vegar viðvarandi hér á landi og kartöfluræktendur þurfi því að setja sig í varnarstellingar til frambúðar gegn þessum vágesti. /smh



„Það er alveg rétt að gjörðir hafa ekki fylgt orðum síðustu ár,“ segir Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi á Melum á Flúðum. „Það er spurning þegar engar breytingar verða á búvörusamningum hversu langt bændur þurfa að fara til að bregðast við því.“ Hún veltir fyrir sér hvort stemning væri fyrir því að dreifa mykju fyrir framan Alþingi og segist geta komið með laufblöð og afskurð ef svo beri undir.



„Ég held að það sé ekki nógu mikil samstaða hjá bændum,“ segir Þórunn Sigurðardóttirn, sauðfjárbóndi á Dvergasteini í Seyðisfirði. Hún telur að þeir gætu ekki tekið höndum saman eins og kollegar þeirra erlendis. Væru slík mótmæli á döfinni reiknar hún ekki með að hún kæmist frá búskapnum til að taka þátt.

# Bændamótmæli á Íslandi?

**Mótmæli bænda í Evrópu hafa verið í fréttum undanfarin misseri þar sem þeir valda usla í stórborgum og tefja umferð á hraðbrautum.**

Aðferðir þeirra hafa meðal annars falist í að dreifa mykju í þéttbýli, hella niður mjólk eða gera vegatálma með heyrúllum. Með þessu vilja þeir vekja athygli á erfiðri stöðu stéttar sinnar.

Er orðið tímabært að íslenskir bændur fari að mótmæla að evrópskri fyrirmynd? Þetta var spurning sem Bændablaðið lagði fyrir lítið úrtak bændastéttarinnar. Þá voru þeir einnig inntir eftir því hvort þeir tækju þátt ef slík mótmæli væru á döfinni. Svör þeirra voru mismunandi, en heilt yfir virðast þeir vilja beita friðsömum aðferðum fyrst. /ál



„Ég tel að aðrar leiðir séu ekki fullreyndar,“ segir Hafdís Sturlaugsdóttir, sauðfjárbóndi í Húsavík á Ströndum. Aðspurð um hvort hún tæki þátt í slíkum mótmælum segir hún það velta á því hvernig þau væru lögð upp. „Ég færi allavega ekki á dráttarvélinni.“



„Nei, ég tel það ekki endilega tímabært,“ segir Jón Árni Magnússon, sauðfjárbóndi í Steinnesi í Austur-Húnavatnssýslu. „Við þurfum að láta í okkur heyra en þurfum að gera það á málefnalegan hátt. Ég myndi fara suður til að sýna mátt í fjöldanum en tæki ekki þátt í ofstækisaðgerðum.“ Mynd / Eydís Ósk Indriðadóttir



„Það er spurning hvenær rétti tímapunkturinn er til þess,“ segir Bjarni Rúnarsson, kúabóndi á Reykjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. „Ég er samt á því að við mættum vera almennt háværari þannig að það gæti komið sá tímapunktur að við þurfum að ræsa vélarnar og tengja dreifarana við.“ Hann segir enga spurningu um hvort hann tæki þátt í slíkum mótmælum, enda ekki langt fyrir hann að fara. „Ef maður gerir það ekki sjálfur, hver gerir það þá?“



„Nei, er ekki betra að taka þetta á öðrum vettvangi?“ segir Birgir Freyr Ragnarsson, kúabóndi í Flatey á Mýrum í Hornafirði. Hitt væri reyndar gott sjónvarp. Þá segir hann svo leiðinlegt að ferðast með haugsugu að hann myndi ekki nenna að keyra með hana til Reykjavíkur.



„Nei, af því að ég tími alls ekki búfjáráburði í svoleiðis mótmæli,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, sauðfjárbóndi í Víðidalstungu í Vestur-Húnavatnssýslu. Það færi eftir skipulagi mótmælanna hvort hún tæki þátt sjálf, en hún færi allavega ekki með mykju með sér.

## Hagyrðingakvöld á Flúðum

Karlakór Hreppamanna mun standa fyrir hagyrðingakvöldi í Félagsheimilinu að Flúðum laugardagskvöldið 16. mars. Húsið verður opnað kl. 19.30 og samkoman hefst klukkan 20.00. Veitingar verða seldar á staðnum og kórinn mun taka nokkur lög í hléinu.

Kórinn hefur áður staðið fyrir hagyrðingakvöldum við góðar undirtektir. Þátttakendur eru allir þjóðþekktir hagyrðingar;

Jóhannes Sigfússon frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði, Pétur Pétursson læknir, Akureyri, Magnús Halldórsson, vélsmiður og sundlaugarvörður á Hvolsvelli og núverandi umsjónarmaður Vísnahornsins í Bændablaðinu, og ekki sístur er Gylfi Þorkelsson framhaldsskólakennari, Laugarvatni og félagi í kórnum.

Stjórnandi verður Árni Geirhjörtur, Akureyri, sem áður sá um Vísnahornið í Bændablaðinu.

Þessar skemmtanir hafa notið mikilla vinsælda og margar fleygar stökur orðið þar til enda löng hefð fyrir slíku hér á landi. Húnvetningurinn Óskar í Meðalheimi kvað:

*Að meitla rím og móta brag*
*margur gat og vildi:*
*Aldagamalt íslenskt fag*
*enn í fullu gildi.*

## Vísnahornið

Fyrir augu mín bar eitt lítið kver, sem Jón úr Vör gaf út tvítugur. Ég ber að dyrum heitir þessi bók. Fremst í bók þeirri er handskrifuð vísa til stúlku sem var meinað að lofast Jóni, vegna skoðana skáldsins til vinstri.

Bók þessi var jólagjöf.

*Og dagarnir hverfa í djúpan*
*bláinn*
*sem draumar, er svefninn þver.*
*-En minningar vaka*
*og minningar brosa*
*og minningar geymast,*
*sem betur fer.*

„Sumardagur í þorpinu við sjóinn“ heitir eitt ljóð Jóns. Þar eru þessi erindi m.a.:

*Morguninn er svo mildur*
*og hljóður,*
*máttvana svali blæs af hafi.*
*Við unnarsteina er aldan*
*á skrafi*
*-allir bátarnir komnir í róður.*

*Konurnar reka krakkana*
*í fötin,*
*koma þeim út í veðrið góða,*
*ná sér í fisk og fara að sjóða,*
*finna sér sokka og rippa*
*í götin.*

**Hjörtur Gíslason** hét maður, rithöfundur o.fl. á Akureyri (f. 190 –d. 1963) sem orti margt. Bærinn Hlíðarendi við Akureyri hét Tyllingur til forna en Ólafur bóndi breytti nafninu í Hlíðarenda. Því mönnum hætti til að bera það ekki nógu skýrt fram. Hjörtur orti af því tilefni:

*Lögmannshlíðar vífum vænum,*
*verður margt að bitlingi,*
*ekur fríður útúr bænum,*
*Ólafur á „Hlíðarenda“*

Skólayfirvöld á Akureyri forðum daga sendu miða heim til foreldra varðandi hreinlæti. Þá orti Hjörtur:

*Hanga lýs í hárunum*
*hoppar fló á búknum.*
*Nartar maur í nárunum*
*njálgur rís á kúknum.*

Hjörtur átti ekki fyrir afborgun af víxli í Útvegsbankanum og afhenti Braga bankastjóra þessa stöku:

*Litlu munar músin kvað*
*sem meig í Atlantshafið.*
*Eins fer skammarskáldið að*
*skuldafjötrum vafið.*

Um mann er níddi skáldið:

*Lostafulla lygahít*
*lasta þræðir strikið.*
*Eg vil að þú etir skít*
*og etir bara mikið.*

**Gísli „skáldi“ Jónsson** í Bolungarvík, faðir Hjartar, 1851–1919, orti um illa fenginn gróða:

*Mikill auður misreyttur*
*magnar dauða og pínu,*
*oft er snauður ánægður*
*af dagbrauði sínu.*

*Maura kenndur karlinn minn*
*hverful enda heimsgæðin,*
*illa lendir auður þinn*
*upp er brenndur framhlutinn.*

Um réttlátan vin:

*Stillir snilli orð sín af*
*illum spillir rógi,*
*stillir villu vegum af*
*vill að hyllir grói.*

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
mhalldorsson0610@gmail.com




Smjörinu frá MS er pakkað í bréf sem flokkast ekki sem pappír. Mynd / ál

# Óflokkanlegar umbúðir

**Bréfpakkningarnar á smjöri þurfa að fara í almennt sorp þar sem þær eru úr samsettu efni sem er ekki hæft til endurvinnslu.**

Silfurlitaða bréfið á 500 og 250 g smjöri er laminerað úr áli plasti og pappa, og á það sama við um græna bréfið utan um ósaltað 250 g smjör. 400 g bakkarnir eru úr plasti og pappír sem neytandinn getur sjálfur skilið í sundur fyrir flokkun.

Í svari við fyrirspurn blaðamanns kemur fram að Mjólkursamsalan (MS) horfi til þróunar í einþátta og endurvinnanlegum umbúðum, en þar sé þróunin ekki eins hröð og vonir stóðu til. Þá þurfi að huga að ýmsu varðandi slíkar breytingar, eins og hvort breyttar umbúðir gangi í þann tækjabúnað sem MS hafi yfir að ráða og hvort þær tryggi geymsluþol vörunnar.

Fulltrúi MS bendir á að mjólkursamlagið Arla noti að mestu lamineraðar umbúðir fyrir smjör sem framleitt er undir danska vörumerkinu Lurpak. Þar á bæ hafi verið kynntar til sögunnar svokallaðar Butterbox umbúðir úr stífum endurvinnanlegum pappa, þó þær hafi ekki orðið ráðandi í sölu. Þá hefur MS átt í samskiptum við Wipak, sem er breskur framleiðandi sem kynnti nýlega til sögunnar endurvinnanlegt bréf til að pakka inn smjöri. */ál*

# Ragnheiður skipuð rektor LbhÍ á ný

**Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir var áfram skipuð rektor Landbúnaðarháskóla Íslands til fimm ára frá 1. janúar 2024.**

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, gaf út skipunarbréf þess efnis í september síðastliðnum.

Ragnheiður tók við stöðu rektors þann 1. janúar 2019 en skipað er í embættið til fimm ára í senn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla er rektor formaður háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans.



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t. ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. */ghp*

Trefjaplastbátar frá Rönnqvist í Finnlandi



Svansson ehf

Erum komin með umboð fyrir þessa vönduðu og góðu vatna-og innfjarðarbáta.
Stærðir frá 4.5 m. til 7 m.
Fyrirspurnir sendist á sala@svansson.is

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697-4900, Netfang: sala@svansson.is




**Notkun á sýklalyfjum í landbúnaði í Evrópu 2021. Líkt og fyrri ár var sala sýklalyfja í dýrum minnst á Íslandi mælt í tonnum, eða 0,57 tonn. Þegar miðað er við mg/PCU (milligrömm á áætlaða þyngd búfjár) var salan þó minnst í Noregi, eða 2,5 mg/PCU, en Ísland kom þar á eftir með 3,6 mg/PCU. Svíþjóð kom svo næst með 12,1 mg/PCU og Finnland með 17 mg/PCU.** Heimild / Skýrslan Sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum á Íslandi 2022

## Sýklalyfjaónæmi:

# Reglulegt eftirlit og aukin fræðsla

**Þverfaglegur starfshópur hefur skilað Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra aðgerðaráætlun til að sporna við útbreiðslu sýklalyfjaónæmis hér á landi, sem talin er vera ein helsta alþjóðlega heilbrigðisógnin sem heimurinn stendur frammi fyrir.**

Hingað til hefur vandamálið ekki verið eins stórt hér á landi og í mörgum öðrum löndum, en í samantekt aðgerðaráætlunarinnar kemur fram að það hafi farið vaxandi á undanförnum árum. Alþjóðlegar stofnanir hafa varað við yfirvofandi ógn og hvatt þjóðir til að taka höndum saman gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og gera aðgerðaráætlanir áður en það verður of seint.

### *Lítil sýklalyfjanotkun í íslenskum landbúnaði*

Ísland hefur státað af því að vera með mjög litla notkun sýklalyfja í landbúnaði, en ein helsta ástæða þess að sýklalyfjaónæmi fer ört vaxandi í heiminum má rekja til ofnotkunar á sýklalyfjum bæði hjá mönnum og *dýrum*. Bakteríurnar verða þolnar og ekki er hægt að drepa þær með hefðbundinni sýklameðferð. En sýklalyfjaónæmar bakteríur virða ekki landamæri og komast með ýmsum hætti inn í landið þar sem þær geta dreifst í umhverfinu og fjölgað sér.

Í samræmi við áherslur alþjóðlegra stofnana er í aðgerðaráætluninni lagt upp með nálgunina „Ein heilsa" sem felur í sér að aðgerðirnar þurfa að beinast að mönnum, dýrum, matvælum og umhverfi.

### *Ónæmar bakteríur í umhverfinu*

Í niðurstöðum skimunarverkefnis Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar árið 2019 á sýklalyfjaónæmi baktería í umhverfi, kom í ljós að tilteknar ónæmar bakteríur virtust vera nokkuð útbreiddar í umhverfinu. Í yfirborðsvatni reyndist 60 prósent sýnanna jákvæð sem var mun hærra hlutfall en finnst í dýrum og dýraafurðum.

Það sama ár voru tekin sýni úr innlendu og erlendu svína-, nautgripa- og alifuglakjöti, bæði á markaði og í afurðastöðvum og reyndust 2,6 prósent sýna af kjúklingakjöti innihalda ónæmu bakteríuna sem skimað var fyrir; eitt prósent innlendra sýna en 14,8 prósent erlendra sýna. Ekkert sýnanna af svínakjöti var jákvætt en eitt af 143 sýnum af nautgripakjöti var greint jákvætt, en það átti uppruna í Póllandi.

Ónæmar bakteríur geta borist úr matvælum yfir í mannfólk, til dæmis úr kjöti og grænmeti, sérstaklega þegar þau hafa ekki verið nægilega vel elduð eða hitameðhöndluð.



**Mögulegar leiðir á dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería í umhverfinu eru margvíslegar eins og sést á þessari skýringarmynd.** Mynd / WHO

## Sex aðgerða áætlun

Aðgerðaráætlunin nær til fimm ára, frá 2025 og út árið 2029, og felur í sér eftirtaldar sex aðgerðir.

1. Aðgerðir sem stuðla að markvissri og skynsamlegri notkun sýklalyfja hjá mönnum og dýrum.
2. Fyrirbyggjandi aðgerðir sem fela í sér aukna upplýsingagjöf, fræðslu og forvarnir.
3. Aðgerðir sem bæta þekkingu á sýklalyfjaónæmi með aukinni vöktun og vísindarannsóknum.
4. Ýmsar íhlutandi aðgerðir sem miða að því að uppræta sýklalyfjaónæmar bakteríur þegar þær greinast.
5. Auka þátttöku í alþjóðlegu starfi um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi.
6. Aðgerðir sem tryggja samhæfingu og stjórn aðgerða gegn sýklalyfjaónæmi á Íslandi til framtíðar. Fyrir hverja aðgerð eru sett markmið sem stefnt skuli að og fyrir hvert markmið eru tilgreind verkefni sem hópurinn telur nauðsynlegt að ráðast í til að ná viðkomandi markmiðum. Fyrir hvert markmið eru einnig tilgreindir framvindumælikvarðar og -viðmið. Fyrir hvert verkefni eru tilgreindir ábyrgðaraðilar, verkefnum forgangsraðað og þeim settir tímarammar.

Flest verkefnin eru langtímaverkefni sem þarf að endurskoða reglulega eða á minnst fimm ára fresti.

### *Engin umhverfisvöktun frá 2019*

Vigdís Tryggvadóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, var í starfshópnum sem skilaði aðgerðaráætluninni og hefur einnig yfirumsjón með vöktun sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum og matvælum hér á landi. Hún segir að ekkert sambærilegt verkefni á sviði umhverfisvöktunar hafi verið í gangi frá 2019.

„Eitt af markmiðum aðgerðaráætlunarinnar er að bæta yfirsýn og þekkingu á útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería og sýklalyfjaleifa í umhverfi, meðal annars koma á reglulegri vöktun en til þess þarf Umhverfisstofnun til dæmis ýmis úrræði eins og mannafla og fjármagn sem gert er ráð fyrir í kostnaðaráætlun aðgerðaráætlunarinnar."

### *Meira eftirlit og aukin fræðsla*

Þegar Vigdís er spurð um helstu aðgerðir áætlunarinnar sem snúa að landbúnaði og matvælaframleiðslu, segir hún að þær beinist aðallega að meiri áherslu á eftirlit með notkun sýklalyfja í dýrum, auka fræðslu til almennings, dýralækna og matvælaframleiðenda. „Þá á að setja á reglulega vöktun á tilteknum ónæmum bakteríum í svínum og



Vigdís Tryggvadóttir.

lömbum til viðbótar þeirrar vöktunar sem er nú þegar tilgreind í reglugerð, leiðbeiningar um skimanir í öðrum matvælum en eru í reglugerð og leiðbeiningar um viðbrögð ef tilteknar ónæmar bakteríur greinast í dýrum eða í matvælum."

Hún segir að ekki sé hægt að treysta á þróun nýrra sýklalyfja. Það sé litið að gerast í þeim efnum og ef það koma ný lyf á markað þá verði þau eflaust mjög dýr og notkunin takmörkuð, einungis fyrir erfiðar sýkingar í fólki. „Að framleiða nýtt sýklalyf er bæði tímafrekt og dýrt og lyfjafyrirtækin hafa verið mjög opinská með það að það borgi sig ekki fyrir þau að fara út í þannig framleiðslu að ráði, einmitt vegna þeirra takmarkana sem mun líklegast verða á notkuninni." */smh*

# can-am®

# NÝJA OUTLANDER G3L 500 & 700




**2024 ÁRGERÐIN ER AÐ LENDA.**
**SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.**

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

**ELLINGSEN**

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND

## Kjötiðnaðarmenn:

# Sterk iðngrein margra nýjunga

### – Skortur er á nýliðun og auka þarf áhuga ungs fólks

**Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna (MFK) verður haldin 13.–16. mars. Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, formaður félagsins, segir iðngreinina vera sterka um þessar mundir með mörgum nýjungum og alls konar breytingar á kjötskurði, en töluvert vanti upp á nýliðun í henni.**

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



„Hlutfall þeirra nema sem ljúka iðnnámi fer minnkandi. Þessi þróun er þó ekki séríslenskt fyrirbæri heldur er þetta þekkt víða í nágrannalöndum okkar,“ heldur Hreiðar áfram. „Áhyggjur okkar iðnaðarmanna eru þó nokkrar og mikið hefur verið rætt um að finna leiðir til að auka áhuga ungs fólks á iðnnámi. Eitt af markmiðum MFK er að kynna iðngreinina fyrir ungu fólki, að það sjái fjölbreytileikann í starfi kjötiðnaðarmannsins. Ein slík leið er í keppnum iðnaðarmanna eins og fagkeppni kjötiðnaðarmanna.“

### *Aukin menntun og verkkunnátta*

MFK var stofnað 10. febrúar 1990. Að sögn Hreiðars var tilgangurinn með stofnun félagsins að safna kjötiðnaðarmeisturum um allt land saman í ein samtök. „Markmið félagsins er og hefur alltaf verið að vinna að aukinni menntun, verkkunnáttu og vöruvöndun þeirra sem í faginu vinna, svo og að standa fyrir kynningu og fræðslu á þeim sviðum sem varðar kjötiðnina.“



Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson.

Fagkeppnin er eitt þeirra verkefna sem MFK hefur haldið úti frá öðru starfsári félagsins og fagkeppnin í ár er sú sextánda í röðinni, en hún er haldin annað hvert ár.

### *Kjötiðnaðarmenn ekki lengur sýnilegir*

Að sögn Hreiðars starfa flestir íslenskir kjötiðnaðarmenn hjá stórum og millistórum kjötvinnslum, eins og til dæmis Sláturfélagi Suðurlands, Norðlenska og Kjarnafæði, Esju, Síld og fiski, Matfugli og Ísfugli. „Það er von okkar í MFK að keppnin og önnur verkefni félagsins verði góð kynning á starfi kjötiðnaðarmannsins og hvetji þannig ungt fólk til að læra iðngreinina. Starf kjötiðnaðarmannsins er ekki eins sýnilegt og mörg önnur störf innan matvælaiðnaðarins.

Í lok síðustu aldar var töluverð bið eftir því að komast í nám í kjötiðn, en með breytingum í okkar samfélagi hefur þetta breyst töluvert. Síðastliðin ár eru örfáar matvöruverslanir með kjötvinnslu og opið kjötborð, allt er innpakkað í kæliborðum stórmarkaða. Nú eru hins vegar vinsælar sérstakar sérvörubúðir með kjöt og þeim fer ört fjölgandi.“

### *Kjötskurður, pylsur, kæfur og paté*

Hreiðar metur framtíð kjötiðnarmanna bjarta og segir að ef einhver iðn innan matvælageirans sé spennandi um þessar mundir þá sé það kjötiðn.

„Mikið er um nýjungar og alls konar breytingar á kjötskurði, pylsum, kæfum, paté, göngubitum og svo mætti lengi telja. Ásamt hefðbundnum vörum hvers tíma. Hið gamla handbragð er enn vinsælt og þær vörur sem framleiddar voru á síðustu öld eru enn vinsælar hjá þjóðinni. Má til dæmis minnast á sífellt vinsælli þorramat. Þá má segja að fortíð, nútíð og framtíð mætist í handbragði kjötiðnaðarmanns hvers tíma. Í nútíma og síbreytilegu fjölmenningarsamfélagi eru auknir möguleikar í fjölbreyttri nýsköpun í okkar iðn. Ungt fólk leitar stöðugt að sinni leið í lífinu. Það vill skapandi vinnuumhverfi, góð laun og góðan frítíma fyrir sig og fjölskylduna. Í kjötiðn fæst þetta allt. Skapandi vinnuumhverfi þar sem sköpunargleðin getur gefið tækifæri á nýjungum ásamt því að framleiða mikið magn af fjölbreyttri matvöru, laun kjötiðnaðarmannsins eru svipuð launum matreiðslumannsins.

Síðast en ekki síst má nefna vinnutímann, en hann er á allmörgum vinnustöðum frá 7–15. Með honum skapast aukinn frítími fyrir fjölskylduna til að njóta þess að vera saman.

Eins og staðan er í dag má segja að vanti nýliðun í iðnina. Stéttin er að eldast og okkur vantar skapandi ungt fólk til starfa í þessari iðn enda þörfin mikil.“

### *Áhorfendur velkomnir á fagkeppnina*

Fagkeppnin í ár verður haldin í húsnæði Matvís við Stórhöfða, með stuðningi fyrirtækja og búgreina. Dæmt verður miðvikudag og fimmtudag, en verðlaunaafhending fer fram á laugardeginum þann 16. mars. Áhorfendur eru velkomnir á staðinn til að fylgjast með keppninni á meðan húsrúm leyfir.

Hreiðar segir að MFK vilji þakka öllum þeim sem hafa stutt og styrkt við starf félagsins sem og framkvæmd fagkeppnanna öll þessi ár. „Sérstaklega ber að þakka þeim fjölda kjötiðnaðarmanna sem komið hafa beint og óbeint að framkvæmdinni með undirbúningi og dómgæslu.

Einnig viljum við þakka Matvís fyrir hlýhug og fyrir aðstöðu við dómgæslu og aðra aðstoð við framkvæmd keppninnar í ár,“ segir Hreiðar að lokum.



Sigurður Haraldsson í Pylsumeistaranum var útnefndur Kjötmeistarinn árið 2022. Hann er hér með Guðráði Gunnari Sigurðssyni og Jóni Þorsteinssyni.
Myndir / Björk Guðbrandsdóttir



Fortíð, nútíð og framtíð mætist í handbragði kjötiðnaðarmanns hvers tíma.



Örfáar matvöruverslanir eru eftir á Íslandi með kjötvinnslu og opið kjötborð.

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR
Tónskóli AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

**Frá Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu**

Tónskóli A-Skaft. Höfn Hornafirði auglýsir, í samtals 2 stöður, eftir tré- og málmblásarakennurum, lúðrasveitastjórnanda, tónfræðakennara og forskólakennara fyrir skólaárið 2024 – 2025.
Einnig vantar tónmenntakennara í 35% stöðu við Grunnskóla Hornafjarðar.
*Gerð er krafa um menntun í tónlist og reynslu af tónlistarstarfi.*
*- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.*
*- Sveigjanleiki, stundvísi og áreiðanleiki.*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FT.
Umsóknarfrestur er til 20. maí 2024
**Nánar inn á: hornafjordur.is – þjónusta – Tónskóli**
Umsókn sendist á netfangið: joimor@hornafjordur.is
Nánari upplýsingar fást hjá Jóhanni í síma 661-2879.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is





# Að baki hverjum bolla býr sérfræðiþekking og þjónusta

Mörg okkar stærstu og bestu fyrirtækja í verslunar-, hótel- og veitingageiranum treysta á öruggan vélbúnað og framúrskarandi viðhald og þjónustu sérfræðinga okkar hjá Expert.

EXPERT

VINNUM MEÐ ÞEIM BESTU

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | expert.is

## Stjórnvöld:

# Landbúnaður í brennipunkti

## – Áætlanadrög um aðgerðir vegna landbúnaðar- og matvælastefna í samráðsgátt

**Í samráðsgátt stjórnvalda eru nú til umsagnar aðgerðaáætlanir vegna landbúnaðarstefnu annars vegar og matvælastefnu hins vegar, hvort tveggja til 2040.**

Í landbúnaðarstefnu er framtíðarsýn fyrir íslenskan landbúnað sem tekur til umhverfis, samfélags og samkeppnishæfni. Meginmarkmið stefnunnar eru að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Aðgerðaáætlun vegna landbúnaðarstefnu er til fimm ára og er ætlað að ná yfir verkefni stefnunnar á forræði matvælaráðuneytisins sem verða í forgangi á tímabilinu, eins og segir í inngangi að aðgerðaáætluninni. Forsendur einstakra aðgerða séu ekki ljósar í öllum tilvikum og byrjað verði á að draga þær fram til að hægt sé að kostnaðarmeta og fjármagna þær aðgerðir þar sem það eigi við.



Kornskurður á sunnanverðu Snæfellsnesi. Meðal þess sem fjallað er um í fimm ára aðgerðaáætlununum landbúnaðar- og matvælastefna til 2040 er kornrækt og efling hennar. Mynd / smh

### *Kornrækt, hagtölusöfnun og loftslagsbókhald*

Lögð eru fram tíu aðgerðamarkmið með undirflokkum vegna landbúnaðarstefnu. Má þar meðal margs annars sjá tillögur sem varða eflingu kornræktar og lúta að kynbótum, stuðningi, kornsamlögum, búskaparháttum, tryggingum og vörnum gegn fuglum.

Fjallað er um bætta hagtölusöfnun í landbúnaði, ekki síst hvað varðar afkomu. Á að halda áfram þróun Mælaborðs landbúnaðarins.

Fara á í aðgerðir tengdar loftslagsbókhaldi fyrir landbúnað og tengja betur saman þau kerfi sem fyrir eru, svo sem Afurð, skýrsluhaldskerfi landbúnaðarins og landupplýsingakerfi Lands og skógar. Jafnframt á að byggja upp loftslagsráðgjöf fyrir bændur og styrkja loftslagsvæna hvata í landbúnaði auk þess að herða á rannsóknum. Þar má nefna rannsóknir á ræktarlandi, metanlosun búfjár, geymslu búfjáráburðar, framleiðslu og notkun lífkola til kolefnisbindingar og möguleika á metanvinnslu heima á búum.

### *Varðveisla landbúnaðarlands*

Áhersla er lögð á að landnotkun í landbúnaði tryggi verndun og endurheimt viðkvæmra og mikilvægra tegunda og vistkerfa og á m.a. að leita leiða til að tryggja langtímaseiglu í náttúrulegum kerfum sem tryggja fæðuöryggi.

Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hefur um alllangt skeið verið í vinnslu. Nú á að setja skýr viðmið um land- og beitarnýtingu og horfa frekar til varðveislu landbúnaðarlands. Gera á skráningu beitilands í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu stafræna.

### *Nýting lífrænna efna og tollamál*

Þá á að rannsaka áhrif skjólbelta og skjólskóga á kornrækt og gera langtímarannsóknir á áhrifum skjóls á gæði, þroska og uppskerumagn á byggi, hveiti og höfrum.

Eitt stefnumið aðgerðaáætlunar fyrir landbúnaðinn fjallar um hringrásarhagkerfið. Þar eru sett fram markmið um að styðja þar við með þróun í fullvinnslu og fullnýtingu afurða til að stuðla að minni sóun og minna kolefnisspori. Jafnframt er horft til nýtingar á lífrænum efnum. Sagt er brýnt að nýta mun betur til áburðargjafar þau lífbrjótanlegu efni sem til falla innanlands. Á að framkvæma áhættumat á notkun áður ónýttra lífbrjótanlegra efna til áburðar. Tengist þetta aðgerð í matvælastefnu um nýtingu dýraleifa (ABP). Fjölmargt fleira má finna í drögum að fimm ára aðgerðaáætlun vegna landbúnaðarstefnu. Snertir það t.a.m. alþjóðleg markaðsmál, framleiðendafélög, bætta stafræna umsýslu í tollamálum svo unnt sé að fylgjast m.a. með tollkvótum og nýtingu tollkvóta í rauntíma. Lagðar eru til aðgerðir varðandi neytendamál og betri tengsl og dýnamík milli framleiðenda og neytenda.

Undir liðnum nýsköpun og tækni má sjá aðgerðir varðandi m.a. ræktunaráætlanir gegn riðu í sauðfé, kynbætur í korni og kyngreint nautgripasæði. Þá er fjallað um menntun, rannsóknir og þróun.

### *Stuðningskerfið óskilvirkt*

Lokakafli aðgerðaáætlunar vegna landbúnaðarstefnu fjallar um fyrirkomulag stuðnings við landbúnað. Segir þar m.a. að „Núgildandi búvörusamningar gilda í 10 ár og renna út árið 2026. Í vinnu ráðuneytisstjórahóps sem skipaður var í október 2023 vegna erfiðrar fjárhagsstöðu bænda, kom fram að núverandi stuðningskerfi er óskilvirkt, með óskýr markmið og hvata sem eru ekki í samræmi við áherslur stjórnvalda eða hagsmuni atvinnugreinarinnar í heild. Í ljósi þess var lagt til að þegar í stað yrði ráðist í vinnu við að undirbúa heildarendurskoðun stuðningskerfisins. Gert er ráð fyrir að hefja vinnuna á árinu 2024 með samtali við hagaðila en tímalína í heild liggur ekki fyrir. Vinnan felst í því að móta og útfæra stuðningskerfi landbúnaðarins sem tekur við eftir að gildistíma núverandi kerfis lýkur,“ segir í áætlunardrögunum

### *Skurkur í söfnun dýraleifa*

Aðgerðaáætlun matvælastefnu liggur enn fremur í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er sömuleiðis lögð áhersla á tíu meginviðfangsefni sem verði í forgangi næstu fimm árin. Felast þau í aðgerðum á sviði sjálfbærni matvælaframleiðslu, samfélags og neytenda, fæðu- og matvælaöryggis og rannsókna, nýsköpunar og menntunar.

Meðal annars er þar að finna tillögu að söfnunarkerfi fyrir dýraleifar. Er aðgerðin sögð „mikilvægur liður í hindrun útbreiðslu dýrasjúkdóma líkt og riðu, og að auki liður í því að bæta fyrir þau brot sem íslensk stjórnvöld fengu dæmd á sig í samningsbrotamáli fyrir EFTA-dómstólnum og koma til móts við þær úrbótakröfur sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur beint til íslenskra stjórnvalda í þessum málaflokki um árabil.

Dýraleifum sauð- og geitfjár auk nautgripa úr áhættuflokki 1 verður safnað á landsvísu, smitefni fjarlægð, sýni vegna dýrasjúkdóma (TSE) tekin úr þeim og þau flutt á viðeigandi úrvinnslustöð/líforkuver til frekari meðhöndlunar eða úrvinnslu. Sláturúrgangi sem fellur til á sauðfjár- og nautgripabúum verður einnig safnað og komið í vinnslu. Efnið er unnið og eftir standa fita og kjötmjöl sem hægt er að nýta frekar, eins og t.d. í lífdísil,“ segir í drögunum.

Engar umsagnir um aðgerðaáætlanirnar höfðu verið birtar í samráðsgáttinni þegar Bændablaðið fór í prentun. Opið er fyrir umsagnir til 21. mars. */sá*




**Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram**

## Brothættar byggðir:

# Jákvæð upplifun styrkþega

**Nýverið var framkvæmd könnun meðal þeirra byggðarlaga sem þátt hafa tekið í verkefni Brothættra byggða, þar sem styrkþegar voru inntir eftir því hver upplifun þeirra væri af verkefninu í heild sinni.**

Svarhlutfall var um 60%, tekið til áranna 2020–2023 úr sjö byggðarlögum og er einkennandi hversu mikil jákvæðni var í garð verkefnisins. Kom einnig fram ítrekun á mikilvægi stuðnings við íbúa hvers byggðarlags, viðurkenning á hugmyndum þeirra og eftirfylgni. Var samróma upplifun að þó ekki væri endilega um háar upphæðir að ræða í mörgum tilvika styrkja, fælist í þeim hvatning til að framfylgja verkefnunum.

Rúmur helmingur svarenda gaf 9–10 stig af tíu mögulegum við spurningunni „Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú myndir sækjast eftir öðrum/áframhaldandi styrk frá Brothættum byggðum?“ og yfir 80% svarenda gáfu einkunn frá bilinu 6–10. Verkefni á sviði menningar/lista/viðburða og tækjakaupa/vinnuaðstöðu/uppbygginga stóðu hvað hæst þó styrkirnir hafi annars þjónað víðu sviði.




Verkefnissvið styrkþega var nokkuð vítt, en innan þessara flokka eru margvíslegar hugmyndir. Mynd / Úr skýrslu Byggðastofnunar

Varðandi þau skref sem taka þarf til þess að sækja um styrkinn, gáfu um 70% þátttakenda í könnuninni einkunnina 6–10 og þótti ferlið fremur auðvelt. Vert er að geta þess að verkefnastjórar veita aðstoð ef þarf við hugmyndavinnu og umsóknaskrif. Kom í ljós að 90% styrkþega síðustu þriggja ára þótti aðgengi að verkefnastjóra eiga skilið háa einkunn, vel eða mjög vel hafi gengið að fá aðstoð.

Samkvæmt skýrslunni kemur fram að um 74% töldu auðvelt eða mjög auðvelt að fá hjálp verkefnisstjóra. 20% hafa ekki þurft eða ekki borið sig eftir aðstoð í umsóknarferlinu á meðan um 3% telja ferlið mjög erfitt eða erfitt.

Niðurstöður eru því þær að víðtæk sátt er með verkefnið í heild sinni þar sem upplifun um þakklæti, traust, hvatningu og samheldni ber hæst og verkefnastjórar Brothættra byggða, þau Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir afar ánægð með málalyktir. */sp*

# Nú er skattframtalið þitt opið á *skattur.is*

**14 MARS**

## Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til 14. mars.

Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

## Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með tvenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum og með veflykli RSK.

Ríkisskattstjóri mælir með að rafræn skilríki séu notuð við auðkenningu.

## Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Athuga skal sérstaklega hvort einhverjar upplýsingar vanti inn á framtal, s.s. verktakatekjur.

## Aðgengilegar leiðbeiningar

Leiðbeiningar er að finna á *skatturinn.is*. Einnig er auðvelt að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtalinu sjálfu.

## Framtalsaðstoð

Aðstoð er veitt í síma 442-1414 mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:30 og á föstu-dögum frá kl. 9:00 til 14:00.

**Ekki er unnt að veita framtalsaðstoð á starfsstöðvum Skattsins.**

**Símaþjónusta í 442-1414**
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

**Sendu okkur tölvupóst**
Þú getur líka sent okkur tölvupóst á póstfangið *framtal@skatturinn.is*

**Spurðu Ask**
Hann getur líka leiðbeint þér með skattframtalið



Skatturinn

## Blóðmerabúskapur:

# Búgrein blóðnytja ekki svarthvít

## – Engin tenging milli aðbúnaðar svína og notkunar á PMSG, að sögn forsvarsmanna Ísteka

**Sú ákvörðun matvælaráðherra að fella starfsemi blóðtöku úr fylfullum hryssum undir tilskipun ESB um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni á ekki við og er dæmi um gullhúðun, að mati forsvarsmanna líftæknifyrirtækisins Ísteka. Þeir segja bæði afurðavinnslu fyrirtækisins og frumframleiðslu blóðbænda siðferðislega ásættanlegt.**

**Guðrún Hulda Pálsdóttir**
gudrunhulda@bondi.is



„Ef ESA-álitið héldi einhverju vatni þá væri allur íslenskur landbúnaður ein tilraun. Við teljum mikinn meinbug á að taka upp tilskipunina því túlkunin er svo bersýnilega röng. Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum er afurðaframleiðsla og þar með búgrein. Afurðanytjarnar eru engin tilraunamennska, hvorki á stigi bóndans þar sem frumframleiðslan fer fram, né heldur á stigi Ísteka, sem er afurðastöð þessarar búgreinar þar sem fullvinnsla lyfjaefnisins fer fram,“ segir Kristinn Hugason, samskiptastjóri fyrirtækisins.

Starfsemi Ísteka byggist að sögn Arnþórs Guðlaugssonar framkvæmdastjóra á margreyndri rútínu sem hefur verið notast við í áratugi. „Það væri í fullkomu lagi að fá leyfi samkvæmt tilskipun ESA ef til stæði að breyta einhverjum ferlum sem tengjast dýrunum og hafa áhrif á líðan þeirra. En þetta er ferill sem hefur verið óbreyttur í 45 ár. Ég veit ekki hvenær nokkuð getur komist af tilraunastiginu ef ekki eftir fjörutíu ár.“

Ísteka lætur nú reyna á lögmæti þess að fella starfsemina undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni fyrir dómi. Mál fyrirtækisins gegn íslenska ríkinu var þingfest þann 7. febrúar og er nú beðið greinargerðar frá lögmanni ríkisins sem væntanleg er um miðjan mars.

### *Aftur í hámæli*

Þangað til annað verður ákveðið hefur Ísteka gild leyfi til starfsemi sinnar. Samkvæmt nýuppfærðri vefsíðu þess framleiðir líftæknifyrirtækið virkt lyfjaefni „til að bæta framleiðni og dýravelferð búfjár og draga úr kolefnisfótspori í nútíma landbúnaði“.

Í því felast kaup á blóði frá bændum sem halda stóðmerar, en árið 2023 voru slík stóð skráð á um 90 bæjum og heildarfjöldi hryssna um 4.700 talsins. Blóði er safnað úr fylfullum hryssum á grundvelli leyfis frá Matvælastofnun, en dýralæknar á vegum Ísteka sjá um blóðtökurnar.

Úr blóðinu er svo framleitt virkt lyfjaefni, PMSG, í verksmiðju Ísteka í Reykjavík sem síðan er selt til lyfjaframleiðenda erlendis. Útflutningstekjur Ísteka vegna sölu efnisins námu um 1,9 milljörðum króna árið 2023.

Árið 2021 komst starfsemi Ísteka í hámæli eftir útgáfu myndbands frá dýraverndarsamtökunum AWF sem sýndu ámælisverð vinnubrögð við blóðtöku. Síðan þá hafa samtökin gefið út fleiri myndbönd sem fela í sér gagnrýni á notkun lyfjaefnisins PMSG í svínarækt. Í viðtali við Bændablaðið árið 2022 sögðu fulltrúar samtakanna, Sabrina Gurtner og York Ditfurth, daga blóðmerabúskapar talda.

Á dögunum fjallaði fréttaskýringaþáttur Ríkisútvarpsins, Kveikur, um starfsemina í tengslum við sögu Sæunnar Þóru Þórarinsdóttur, bónda á Lágafelli, sem sagðist hafa misst fjórar hryssur í tengslum við blóðtöku á sínum bæ. Að minnsta kosti eitt dauðsfallið er rakið til mistaka við verklag reynslulítils dýralæknis við framkvæmd blóðtöku.

Arnþór segir að um leið og fyrirtækið harmi atvikin sem upp komu eigi þau sér skýringar, þó misljósar. Brugðist hafi verið við þeim með greiðslu bóta og innleiðingu á frekari þjálfun fyrir dýralækna sem koma nýir inn í starfsemina.

„Við byrjuðum reyndar strax með þjálfunarferli þegar við réðum þessa dýralækna árið 2022. Þeir komu þó með stuttum fyrirvara og þjálfunin var aðallega bókleg auk leiðsagnar með reyndari dýralæknum en í dag felur þjálfunin í sér ítarlegri leiðsögn, þeir kynna sér atferli skepnanna, hvernig eðlileg blóðsöfnun gengur fyrir sig og hvernig rétt er að standa að verki, allt frá því hvernig skepnurnar eru reknar, settar í bás, bandaðar og svo með leiðsögn við blóðtöku,“ segir Arnþór.

Kristinn bætir við að sú staða sem kom upp árið 2022 hafi verið óvenjuleg í sögulegu tilliti enda hafi venjan verið sú að dýralæknar lærðu með því að fylgja reyndari dýralæknum í lengri tíma áður en þeir tóku að sér blóðtöku.

„Vitaskuld þjálfuðust þessir dýralæknar líka fljótt upp á þessu blóðtökutímabili. Þannig gengu blóðtökur ársins 2023 betur en árið 2022 og úr þjálfuninni fengum við



Forsvarsmenn líftæknifyrirtækisins Ísteka, Arnþór Guðlaugsson framkvæmdastjóri og Kristinn Hugason samskiptastjóri. Þeir segja að hagnýting PMSG hafi umhverfisvænan ávinning. Mynd / ghp

> „Allir vita að við brauðfæðum ekki átta milljarða manna án tæknivædds landbúnaðar, það dugar ekki að gróðursetja bara gulrót ...“

fært fólk til verka sem mun starfa áfram fyrir fyrirtækið,“ segir Arnþór.

### *Siðferðislega ásættanlegt dýrahald*

Umfjöllun um blóðmerahald og blóðtökurnar eru margslungnar. Starfshópur matvælaráðherra rekur í skýrslu sinni, „Blóðtaka úr fylfullum hryssum. Starfsemi, regluverk og eftirlit“, mismunandi sjónarmið er fram hafa komið um starfsemina, sem snýr meðal annars að siðferðilegum álitamálum tengdum velferð dýra, eftirliti með starfseminni og atvinnufrelsi. Þegar talað er um siðferði þess að taka blóð úr fylfullum hryssum og vinna úr því efni sem notað er í gangsemislyf fyrir búfé í þaulræktun segir Arnþór:

„Þetta er tvívítt efni. Annars vegar siðferði þess að taka blóðið. Ég sé ekki meginmun á þessari brúkun hrossins miðað við aðra afurðaframleiðslu. Auðvitað er hún öðruvísi, þetta eru allt mismunandi greinar og byggja á mismunandi afurðum, sem teknar eru með mismunandi hætti. Aðrar afurðir og aðferðir þeirra eru betur þekktar. En þegar litið er til líðanar skepnanna, bæði á ársgrundvelli og síðan þennan stutta tíma þegar afurðin er tekin, þá sjáum við ekki að þetta sé verra á neinn hátt nema síður sé.

Á hinum endanum er spurningin um siðferði notkunar PMSG í búfjárhaldi í útlöndum. Við erum engir sérfræðingar í notkun efnisins, heldur framleiðsluaðili efnis fyrir markað. Engu að síður höfum við síðustu misseri farið að skoða betur hvar þetta er notað, hvernig og af hverju. Við höfum hitt fólk sem notar efnið.

Meðal annars komu hingað franskir sauðfjárbændur sem nota það til að samstilla kindur og geitur til að fá ferska mjólk allt árið, sem þeir nota svo til að búa til ferskmygluosta á borð við Roquefort. Þeir fá betra verð þegar ostarnir eru búnir til úr ferskri mjólk og því er notkun PMSG mikilvægur hluti í þeirra keðju. Þannig er PMSG notað í ýmsum sérhæfðum mengjum, en það er líka notað víðar, til dæmis mikið í nautaeldi. En það eina sem virðist talað um hér er notkun þess í svínaeldi.

Okkur er sagt í Kveik að PMSG sé notað til að fjölga fjölda grísa í goti. Ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum að þetta sé ekki rétt lýsing á notkun efnisins í svínaeldi. Það er víst engin þörf á því að fjölga fjölda grísa í svínaeldi, kynbætt hefur verið fyrir þeim eiginleika í áratugi og staða þessara búfjárstofna er þannig að ekki sé þörf á fjölgun grísa. PMSG er fyrst og fremst notað í samstillingar, til þess að grísirnir komi í heiminn þegar það hentar framleiðslunni,“ segir Arnþór og segist meðvitaður um að margir séu mjög á móti hormónanotkun og þaulræktun í landbúnaðarframleiðslu.

„Þetta er bara eitt af þessum tækjum sem við mennirnir höfum skapað til að geta lifað á jörðinni. Allir vita að við brauðfæðum ekki átta milljarða manna án tæknivædds landbúnaðar, það dugar ekki að gróðursetja bara gulrót. Við erum ekki þar. Græna byltingin var risastórt skref fyrir mannkyn og við þurfum samt að halda áfram til að geta nært alla.“

Kristinn bendir á að hægt sé að tengja blóðnytjar og notkun á PMSG við jákvæð loftslagsáhrif. „Hagnýting hormónsins hefur umhverfislegan ávinning á heimsvísu. Það leiðir af sér fóðursparnað, sem hefur áhrif á landnotkun og orkunotkun. Þá hefur þetta áhrif á notkun á húsunum sjálfum sem og vinnutíma starfsfólks. Það kom fram í viðtali við hollenskan bónda á dögunum, sem heldur fjögur hundruð gyltur, að hann telji sig spara þrjátíu þúsund evrur á ári með því að nota PMSG.“

Að því sögðu segist Arnþór ekki sjá tenginguna milli notkunar á PMSG og slæmum aðbúnaði og utanumhaldi á evrópskum svínabúum. „Ég neita að trúa því að í Evrópusambandinu standi ekki steinn yfir steini í kjötframleiðslumálum. En ef það væri svo þá hefur það ekkert með PMSG notkun að gera. Annaðhvort ferðu vel með dýrin þín eða ekki. Það er enginn þráður milli ætlaðs ömurlegs utanumhalds á svínabúum, eins og birtist í myndböndum dýraverndarsamtakanna AWF, og hormónanotkunar.

Ég get tekið þetta saman í afskaplega einföld orð sem eiga við um dýr, hvort sem við höldum þau til að borða þau eða sem gæludýr: Öll dýr eiga að eiga gott líf og í samræmi við þeirra náttúru eins vel og mögulegt er og fá svo snöggan dauðdaga. Ef við getum uppfyllt það, þá er dýrahaldið siðferðislega ásættanlegt.“

### *Íslenski hesturinn fjölnytjakyn*

Kristinn starfaði lengi sem landsráðunautur BÍ í hrossarækt og er fæddur og uppalin í hrossarækt og hestamennsku og hefur stundað það alla sína ævi. Blóðmerabúskapur orkar tvímælis hjá mörgum ræktendum reiðhrossa sem endurspeglast m.a. í sjónarmiðum Landssambands hestamannafélaga, Félags tamningamanna og Alþjóðasambands Íslandshestafélaga (FEIF) í fyrrnefndri skýrslu starfshóps matvælaráðherra, en þar leggjast félögin gegn starfseminni og telja að banna eigi blóðmerahald.

Þrátt fyrir að tilheyra hópi hrossaræktenda hefur Kristinn beitt sér fyrir búgrein blóðnytja enda sé íslenski hesturinn svokallað fjölnytjakyn.

„Við erum með hesta sem við teljum vera virkilega góða hesta, gæðaframleiðslu. Þá gerir ekkert til þótt aðrir hestar séu í öðru. Þetta er engin staðgönguvara. Þetta er bara mismunandi notkun á einu og sama kyninu enda eina hrossakynið í landinu. Þess vegna þurfum við, sem ræktum reið- og keppnishesta, ekkert að hafa áhyggjur því blóðnytjabúskapur er stóðhald á allt öðrum grundvelli. Menn verða að átta sig á því að ef fólk vill fara í hágæðavöru þá borgar sig að kaupa slíka vöru. Hugsunin með blóðnytjunum er ekki sú að henda hrossunum inn á lífhrossamarkað, en ef einhverjir vilja kaupa hross fyrir lítinn pening, þá ryður það hinu ekkert brott.“

Arnþór bætir við að munurinn sé skýr. „Þetta er eins og með til dæmis Yaris og Land Cruiser, notkun þeirra og tilgangur er gerólíkur, eins og í því tilfelli sem við erum að tala um hér þá hefur önnur varan engin áhrif á sölu hinnar og öfugt.“





# ...og rækta nýjan skóg

## Milljón plöntur

Pokasjóður og Land og skógur hafa tekið höndum saman og hrint af stað skógræktar-verkefni sem ber nafnið Nýmörk. Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum víðs vegar um landið og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og rafrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is

Nýmörk

SAMSTARFSVERKEFNI:

POKASJÓÐUR

Land og skógur



Heimatún Hofstaða. Bæjarhúsið efst til hægri og útihús til vinstri. Uppgrafinn víkingaaldarskáli sést neðanvert til hægri og miðaldakirkjugarður til vinstri

Mynd / Þingeyjarsveit

## Þingeyjarsveit:

# Fræðasamfélag í uppbyggingu

**Í Mývatnssveit er verið að byggja upp svokallaða vettvangsakademíu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði fornleifafræði, minjaverndar og menningarferðaþjónustu.**

Á fræðasamfélagið að vera að Hofstöðum og stendur til að bjóða þar upp á fjölbreytt námskeið á meistara- og doktorsstigi. Jafnframt verður þar aðstaða til þverfaglegra vettvangsrannsókna, tilrauna og þróunar til að byggja upp þekkingu á íslenskri menningarsögu og hagnýtingu hennar.

Í tilkynningu frá Þingeyjarsveit kemur fram að vettvangsakademían sé samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Minjastofnunar. Hún hlaut á dögunum styrk upp á 30,9 milljónir króna úr Samstarfi háskóla fyrir árið 2023 en það miðar að því að auka gæði háskólanáms og samkeppnishæfni háskólanna. Á Hofstöðum hafa verið stundaðar fornleifarannsóknir samfellt í hartnær öld. Þar hefur m.a. fundist skáli frá víkingaöld, miðaldakirkja og -kirkjugarður. Í akademíunni mun m.a. gefast færi á vettvangsnámi í fornleifafræði.

*Seigla í Þingeyjarsveit*

Fleira er á döfinni í Þingeyjarsveit. Nokkuð hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu undanfarið, einkum raðhús og parhús, en íbúar sveitarfélagsins voru í janúarbyrjun 1.467 og hafði þá fjölgað um 67 yfir undangengið ár. Sveitarstjórn stefnir á áframhaldandi uppbyggingu enda mikil fjölgun í sveitarfélaginu, að sögn Ragnheiðar J. Ingimarsdóttur sveitarstjóra.

„Nýlega fékk Þingeyjarsveit afhentar fjórar nýjar íbúðir og eru fleiri í byggingu, bæði fyrir sveitarfélagið og einnig stefna Jarðböðin á uppbyggingu tíu íbúða, fimm klárast fyrir vorið og fimm svo árið eftir. Einnig koma tvær íbúðir í eigu Bríetar á Laugum í útleigu undir vorið. Þá eru einkaaðilar jafnframt að byggja," segir Ragnheiður.

Nýtt stjórnsýsluhús, Seigla, verður tekið í notkun innan tíðar en verið er að bæta húsið að innan og utan. Um er að ræða hinn gamla Litlu-Laugaskóla í Reykjadal. Eru verklok áætluð í ágúst nk. Húsið mun eiga að vera suðupottur hugmynda og verkefna þar sem allir eru velkomnir, líkt og Gígur í Mývatnssveit.

Þá er sveitarfélagið að fara í endurhönnun á leikskólanum Tjarnaskjóli í Stórutjarnaskóla.

*Fleiri í framkvæmdahug*

Unnið er að stækkun Jarðbaðanna í Mývatnssveit og verður baðlónið stækkað og byggð ný 2.700 fm aðstöðubygging. Eldri hús verða aflögð. Stefnt er að framkvæmdalokum vorið 2025.

Landsvirkjun áætlar svo að bjóða út 45 MW stækkun jarðgufuvirkjunar að Þeistareykjum síðar á árinu en í slíkri stækkun felst að bæta við þriðju vélinni. Stöðin var tekin í gagnið 2017–18 með 90 MW og er talið að svæðið beri allt að 200 MW virkjun.

*/sá*

# Úrgangur í fráveitum hefur aukist verulega

## – Sveitarfélög geta sótt um ríkisstyrk til úrbóta

**Magn úrgangs sem berst í fráveitukerfin hér á landi hefur meira en tvöfaldast á fimm árum. Aðeins tvö þéttbýli uppfylla hreinsunarákvæði samkvæmt reglugerð.**



Sveitarfélög geta sótt um styrk úr ríkissjóði fyrir allt að 20–30% af heildarkostnaði úrbóta í fráveitu.

Mynd / Aðsend

Umhverfisstofnun birti á dögunum nýja skýrslu um stöðu fráveitumála á Íslandi. Slík skýrsla kemur út á tveggja ára fresti þar sem gögn um stöðu fráveitu í þéttbýlum hringinn í kringum landið eru tekin saman. Samantektin tekur til 29 þéttbýla, sem losa um eða yfir 2.000 persónueiningar (pe.) og ná yfir 89% íbúa landsins.

Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp er meginreglan sú að skólp skuli hreinsað með tveggja þrepa hreinsun áður en því er veitt viðtaka. Með ákveðnum sérreglum er þó hægt að beita vægari hreinsun, þegar viðtaki er skilgreindur „síður viðkvæmur". Einnig er hægt að ætlast til ítarlegri hreinsunar en tveggja þrepa ef viðtaki er skilgreindur „viðkvæmur".

Í skýrslunni má finna mynd sem sýnir hreinsiaðferð skólps miðað við íbúafjölda og þar sést að 97% svæða viðhafa grófhreinsun eða enga hreinsun. Aðeins tvö þéttbýli uppfylla kröfur um hreinsun, Borgarnes og Dalvík. Í báðum tilfellum er þó aðeins um grófhreinsun að ræða sem fer út í sjó og magnið minna en 10.000 pe. og því hreinsun viðunandi samkvæmt heilbrigðisnefnd.

*Fæst sveitarfélög uppfylla kröfur*

Hreinsunarkröfur þeirra 29 þéttbýla sem samantektin tekur til er í allmörgum tilfellum „viðeigandi" en núverandi hreinsun er skráð „engin". Tíu þéttbýli eru skráð með tveggja þrepa hreinsunarkröfu í skýrslunni. Nokkur þeirra munu hafa möguleika á að vera skilgreind sem „síður viðkvæm". Önnur uppfylla einfaldlega ekki kröfur.

Á Selfossi er til að mynda engin hreinsun þrátt fyrir að kröfur séu um tveggja þrepa hreinsun. Í skýrslunni segir að áætlanir séu í gangi um að setja upp tveggja þrepa hreinsun í bænum.

Á Egilsstöðum og Fellabæ er 60% skólps hreinsað með tveggja þrepa hreinsun og 40% með eins þreps hreinsun. Skólplosun er þó oft á yfirfalli og hreinsivirki anna ekki magni vatnsblandaðs skólps sem í þau koma. Fram kemur að vinna sé hafin við bygginguna á nýrri skólphreinsistöð á svæðinu.

Fjallað hefur verið um fráveitumál Hveragerðis hér í blaðinu, en þar er krafa um tveggja þrepa hreinsun ekki fullnægjandi vegna þess að hreinsivirkið annar ekki skólpmagni sem hefur aukist með árunum.

Á Hellu ætti einnig að vera viðhöfð tveggja þrepa hreinsun en í dag er aðeins grófhreinsun. Í skýrslunni segir að sveitarfélagið muni leggja fram úrbótaáætlun á næstu árum í samræmi við aðgerðaráætlun vatnsáætlunar.

Á Hvolsvelli, hvar krafa er um tveggja þrepa hreinsun, er forhreinsun sögð ófullnægjandi og viðtaki ekki talinn góður, enda skurðir og lækir með litlu vatni. Óvíst sé að hreinsunarkröfur séu uppfylltar vegna skorts á mælingum en í skýrslunni kemur fram að úrbótaáætlun sé væntanleg á árinu.

*Vilji er til úrbóta*

Almennt eru allir viðtakar venjulegir þar til rannsóknir og gögn sýna fram á annað. Í skýrslu Umhverfisstofnunar segir að níu þéttbýli geti fallið innan þeirrar skilgreiningar að vera „síður viðkvæmur" en enn sem komið er hafi þrjú þéttbýli gilda skilgreiningu þess efnis. Það eru Akureyri, Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar. Þó sé unnið nú markvisst að því að bæta úr því, sveitarfélögunum til gagns. Því verði viðtaki ekki skilgreindur sem síður viðkvæmur þarf tveggja þrepa hreinsun að vera komið á innan sjö ára, að því er fram kemur í skýrslunni.

Fram kemur að unnið sé að gagnaöflun og vöktun til að skilgreina viðtaka sem síður viðkvæma á Akranesi, Höfn í Hornafirði, Reykjavík og Sauðárkróki.

Í frétt Umhverfisstofnunar um skýrsluna segir að úrbætur í fráveitu taki oft nokkurn tíma og greina megi meiri vilja sveitarfélaga til að gera betur í fráveitumálum. Þá er bent á að sveitarfélög geti sótt um styrk úr ríkissjóði fyrir allt að 20–30% af heildarkostnaði úrbóta í fráveitu, sem hafi hjálpað til við að ýta á eftir úrbótum. Í skýrslu Umhverfisstofnunar kemur einnig fram að magn úrgangs sem berst í fráveitur, það er ristarúrgangur, hafi aukist gríðarlega milli ára. Tölur stofnunarinnar ná til þriggja þéttbýla. Árið 2018 var magnið 171 tonn en árið 2022 var 373 tonnum af úrgangi safnað saman úr ristum og urðað. Mun það sýna hversu mikilvægt er að hafa góða hreinsun til að ná sem mestu af úrgangi og aðskotahlutum úr skólpinu.

*/ghp*

Svansson ehf



GEMINI gúmmíbátar
og harðbotna gúmmíbátar
fyrir björgunarsveitir og aðra
sem þurfa sterka og vandaða báta.
Fyrirspurnir sendist á sala@svansson.is
Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697-4900, Netfang: sala@svansson.is

## Áburðareftirlit 2023:

# Fimm tegundir teknar af skrá

**Samkvæmt niðurstöðum áburðareftirlits Matvælastofnunar fyrir innfluttan tilbúinn áburð til bænda á síðasta ári voru fimm áburðartegundir með efnainnihald undir leyfðum vikmörkum og hafa því verið teknar af skrá.**

Umræddar tegundir eru áburðurinn Völlur 22-6-4 frá Búvís, þar sem köfnunarefni reyndist undir leyfilegum mörkum og Græðir 9 frá Fóðurblöndunni, þar sem áburðartegundin reyndist vera misjöfn að gerð.

Einnig tegundirnar LÍF-27-6-6 og LÍF-16-15-12 frá Líflandi, sem reyndust vera með köfnunarefni undir leyfðum vikmörkum í fyrri tegundinni og í seinni tegundinni var fosfór og bór undir leyfðum vikmörkum, og loks tegundin OEN 20-18-15 frá Skeljungi, þar sem gildi fyrir brennistein var undir leyfðum mörkum.

Ekki er heimilt að dreifa áburðartegundunum aftur til notenda fyrr en að lokinni endurskráningu, sýnatöku og að niðurstöður eftirlits sýni að áburðurinn standist kröfur.

*Innflutningur á 305 tegundum*

Í skýrslu Matvælastofnunar um niðurstöður eftirlitsins kemur fram að á síðasta ári hafi 22 fyrirtæki flutt inn áburð og jarðvegsbætandi efni, alls 305 tegundir og 77.892 tonn. Innlendir áburðarframleiðendur séu 18 á skrá.

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá fimm fyrirtækjum sem flytja inn tilbúinn áburð fyrir bændur. Alls voru 24 áburðarsýni tekin af 24 áburðartegundum á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

*Kadmíum alltaf undir leyfilegu hámarki*

Kadmíum var mælt í öllum áburðartegundum sem innihalda fosfór. Í niðurstöðunum kemur fram að efnið var oftast undir mælanlegum mörkum og alltaf undir leyfilegu hámarki sem nú er 150 mg á hvert kg fosfórs.

Fyrr á þessu ári breytti matvælaráðherra leyfilegum hámarksgildum fyrir kadmíum í áburði, úr 50 mg á hvert kg fosfórs, til að tryggja nægjanlegt magn fosfóráburðar á þessu ári. Útlit var fyrir að ekki tækist að útvega fosfór sem stæðist fyrri skilyrði, vegna stríðsátaka í Úkraínu og viðskiptaþvingana á Rússland, en sá fosfór kemur aðallega frá Kólaskaga.

Einnig voru gerðar mælingar á fleiri óæskilegum efnum og voru þau í öllum tilfellum undir þeim mörkum sem gefin eru upp í nýrri reglugerð um áburðarvörur.

*/smh*

limtrevirnet.is

# HRAÐUR BYGGINGARTÍMI

# HAGKVÆMT EFNI

# FLJÓT AFGREIÐSLA

Hefur þú kynnt þér steinullareiningar?

**Skoðaðu nánar á Limtrevirnet.is**






- Steinullareiningar henta í milliveggi, þök eða heilar byggingar.
- Einfalt byggingarferli með stöðluðum lausnum.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Íslensk framleiðsla sem tryggir fljótari afgreiðslu.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Byggingadeild: 412-5380 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi



Hundagerðið verður allt hið glæsilegasta eins og sjá má á þessari þrívíddarteikningu frá Bjarnheiði Erlendsdóttur. Svæðið verður með fjölbreyttum leiktækjum fyrir bæði tví- og ferfætlinga. Myndir / Aðsendar

## Reykjanesbær:

# Stærsta hundagerði landsins reist

**Hvutti, hagsmunafélag hunda á Suðurnesjum, ætlar sér að byggja 10.500 fermetra hundagerði á svæði bak við Reykjaneshöllina í Reykjanesbæ.**

Stefnt er að því að svæðið verði með fjölbreyttum leiktækjum fyrir bæði tví- og ferfætlinga, lýsingu á svæðinu og góðum skýlum þar sem fólk getur setið í skjóli fyrir veðri og vindum. Göngustígar verða gegnum grassvæði sem verður með litlum hæðum og hólum. Hönnuður svæðisins er Bjarnheiður Erlendsdóttir.

Ævar Eyjólfsson er formaður Hvutta og hvatamaður að stofnun þess. „Félagið var stofnað með það að markmiði að bæta aðstöðu til útivistar hunda og eigenda þeirra á Suðurnesjum, og veita stuðning við uppbyggingu hundagerða sem uppfylla þarfir samfélagsins.

Góð aðstaða fyrir hunda er lykilatriði fyrir vellíðan þeirra og eigenda. Hundagerðið mun bjóða upp á öruggt umhverfi fyrir leik og samveru en það verður það stærsta á Íslandi," segir Ævar en hagsmunafélagið var stofnað í nóvember 2022.

*– En hvað með kostnaðinn við hundagerðið?*

„Það hefur hvorki verið gerð verk- né kostnaðaráætlun því þetta verður spilað af fingrum fram. Ég gæti þó trúað að kostnaðurinn yrði um fimmtán milljónir króna en



Ævar Eyjólfsson og hundurinn hans, hann Týr.

við ætlum að reyna að fá styrk frá Reykjanesbæ og fyrirtækjum, auk hundavina," segir Ævar.

Bjarnheiður teiknaði svæðið upp í þrívídd, sem gefur mjög skýra mynd af því hvernig hugmyndirnar eru hugsaðar og hvernig svæðið kemur til með að líta út að verki loknu. „Þetta svæði er hugsað sem sameiginlegt hundum og fjölskyldum þeirra sem og öðrum hundavinum. Hundarnir geta hlaupið frjálsir um eða leikið sér í þar til gerðum leiktækjum þar sem og eigendur þeirra geta þjálfað þá sé til þess vilji. Börn hafa leiktæki fyrir sig og æfingatæki eru til staðar fyrir fullorðna.

Þetta er því ekki einungis svæði fyrir hunda heldur alhliða svæði þar sem hundar og menn geta notið lífsins saman í sátt og samlyndi," segir Bjarnheiður. */mhh*

## Lambakjöt:

# Fita á lambahryggvöðvum hefur jákvæð áhrif á bragðgæði

**Samkvæmt niðurstöðum úr nýlegri skýrslu Matís eru vísbendingar um að fita á lambahryggvöðvum hafi jákvæð áhrif á bragðgæði og því sé ástæða til að slaka á núverandi kynbótamarkmiðum um minni fitusöfnun.**

Guðjón Þorkelsson var í teymi Matís sem vann að rannsóknunum þar sem borin voru saman kjötgæði lambaskrokka sem flokkaðir væru í mismunandi kjötmatsflokka evrópska EUROP-flokkunarkerfisins. Hann segir að feitustu skrokkarnir hafi komið best út, þeir sem voru í fituflokki 3+, samkvæmt reglum Evrópusambandsins, en mögrustu skrokkarnir sem eru í fituflokki 2- hafi komið lakast út úr kjötgæðamælingu þótt munurinn hafi verið frekar lítill.

*Fitusprenging gefur bragðgæði og meyrni*

Hann segir fituflokkana í EUROP-kerfinu segja til um hvað það er mikil fita utan á skrokkunum. „Skrokkarnir eru flokkaðir frá því að vera mjög magrir í að vera mjög feitir. Flokkarnir eru aðgreindir með tölustöfum frá 1 til 5, frá því að vera mjög magrir til þess að vera mjög feitir.

Fitusprenging er svo annar hlutur, en það er fita sem við sjáum inn í vöðva. Við getum líka mælt hana með efnagreiningum. Ákveðin fitusprenging í vöðva er talin hafa góð áhrif á bragðgæði. Sérstaklega safa, bragð en einnig meyrni."

*Hefur verið gengið of langt?*

Guðjón segir að niðurstöðurnar bendi til að slaka megi á kynbóta-markmiðum varðandi fitu utan á lambaskrokkum

„Hryggvöðvar úr fituflokki 3+ voru marktækt mýkri, meyrari og safaríkari en úr öðrum flokkum. Að sama skapi voru hryggvöðvar úr fituflokki 2- minnst meyrir og minnst safaríkir af öllum



Óli Þór Hilmarsson og Guðjón Þorkelsson voru í rannsóknarteymi Matís. Mynd / Aðsend



Lambaskrokkar. Mynd / Bbl

flokkunum í tilrauninni. Ein af þeim spurningum sem við erum að reyna að svara með þessum rannsóknum er hvort gengið hafi verið of langt í því að rækta gegn fitu utan á lambsskrokkum og hvort slaka eigi á kröfum í því sambandi.

Núverandi kjötmat á Íslandi greinir ekki 2- skrokka og 3+, eins og þeir eru mældir samkvæmt kjötmatsreglum Evrópusambandsins. En þeir eru undirflokkar fituflokka 2 og 3. Síðasta haust fóru um 47 prósent skrokka sláturlamba í fituflokk 2 og um 50 prósent í fituflokk 3. Það er spurning hvort þessi flokkun sé nógu nákvæm eða hvort taka eigi upp undirflokka í kjötmatinu."

*Fremur lítil rannsókn*

Guðjón segir að þau sem standi að rannsókninni vilji ekki fullyrða of mikið um niðurstöðurnar og vera frekar varkár í túlkun á niðurstöðunum, því þetta hafi verið lítil rannsókn með fáum sýnum.

„Í haust skoðuðum við líka arfgengi fitusprengingar, fitu í vöðva, og þá hvort hægt sé að rækta meira fyrir slíkri fitusöfnun. Magn fitusprengingar fylgir ekki vaxandi fitu utan á skrokkunum eins og einhverjir kynnu að ætla."

Í ágripi að skýrslu Matís kemur fram að athyglisvert sé að af um 14,5% af lambaskrokkunum sem slátrað var í seinni slátrun á tilraunabúi Landbúnaðarháskóla Íslands hafi farið í Evrópu-undirflokkinn 3+.

Hugsanlega væri hæft að endurskoða fituflokkunina og vinna slíkt kjöt og selja sem sérstaka gæðavöru. */smh*



Fitusprenging í lambakjöti frá Ástralíu. Mynd / Matís



Í tröllahöndum
í Noregi

2. – 10. ágúst 2024
Fararstjórn: Gísli Einarsson
Verð 355.900 kr. á mann í tvíbýli

Í stórbrotinni söguferð um vogskornar strendur Noregs heimsækjum við marga af markverðustu stöðum landsins og fáum atburði úr sögu Noregs, og jafnvel Íslands, beint í æð. Við upplifum mikilfenglegt landslag Noregs og förum m.a. í siglingu um Geirangursfjörð og ökum eftir hinum hrikalega Tröllastíg.

bænda FERÐIR
Allir geta bókað sig í Bændaferð - bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
EITT AF MATARUNDRUM VERALDAR
ÍSLENSKT LAMBAKJÖT ER FYRSTA ÍSLENSKA MATVARAN SEM FÆR PDO-MERKINGU
Íslenskt lambakjöt hefur öðlast PDO-merkingu, sem er hæsta stig upprunatilvísunar í Evrópu. Íslenska lambakjötið er þar með komið í hóp með mörgum þekktustu og eftirsóttustu gæðavörum heims.
PROTECTED DESIGNATION OF ORIGIN
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
ORIGINAL

# Umræða um geðheilsu bænda mikilvæg

## – Ýmsir þættir í bændastarfinu geta haft slæm áhrif á andlega líðan

**Vísbendingar eru um að bændur séu líklegri til að þjást af einkennum streitu og þunglyndis en annað vinnandi fólk á Íslandi. Geðheilsa er komin á dagskrá Bændasamtaka Íslands og er umræðan að færast upp á yfirborðið meðal stéttarinnar.**

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Mikið var rætt um geðheilsu bænda á Búgreinaþingi 2022. Hvatinn að því var meðal annars alvarlegt dýravelferðarmál sem kom upp skömmu áður og mátti rekja til andlegra veikinda. Á þessum fundi stigu bændur í pontu og töluðu um mikilvægi þess að Bændasamtökin tækju andlega líðan bænda á dagskrá.

Halla Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur, sauðfjárbóndi á Hákonarstöðum á Jökuldal og meðlimur í stjórn Bændasamtaka Íslands, tók upp á sína arma að leiða verkefnið sem var sett á koppinn í kjölfarið. Afurðin úr því var í fyrsta lagi Bændageð, sem er fræðsluefni um geðheilbrigði miðað að bændum og var birt á vordögum 2023. Í öðru lagi setti Halla sig í samband við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) sem framkvæmdi könnun á geðheilbrigði bænda, þar sem mjög lítið er til af rannsóknum um andlega líðan íslensku bændastéttarinnar.



Á undanförnum misserum hefur umræða um geðheilbrigði bænda aukist. Á vordögum 2023 var Bændageð kynnt: fræðsluefni um andlega heilsu miðað að bændum. Í febrúar var svo gefin út skýrsla sem sýndi vísbendingar um aukin einkenni þunglyndis og kvíða hjá bændum í samanburði við aðrar vinnandi stéttir. Sérfræðingar og fólk kunnugt málefninu segja samtal um geðheilsu mikilvægt. Teikning / Hlynur Gauti

### *Könnun meðal bænda*

Á haustmánuðum 2023 lagði RHA netkönnun fyrir félagsmenn Bændasamtaka Íslands þar sem markmiðið var að sjá hvort einhver munur væri á geðheilbrigði bænda og annarra á vinnumarkaði. Í febrúar var gefin út skýrslan *Líðan og seigla íslenskra bænda* þar sem kynntar eru helstu niðurstöður.

Samkvæmt könnuninni bendir ýmislegt til þess að bændur séu líklegri til að upplifa einkenni streitu og þunglyndis en samanburðarhópurinn. Bára Elísabet Dagsdóttir, höfundur skýrslunnar, segir mikilvægt að vita hver staðan sé því þá sé hægt að grípa til einhverra ráðstafana. Samkvæmt erlendum rann- sóknum sem Bára vitnar til í skýrslunni er hægt að sjá ýmsa þætti sem séu sérstakir í bændastarfinu sem geti haft slæm áhrif á andlega líðan.

Einn af veigamestu þáttunum er að afkoman stjórnast mjög af ytri þáttum sem bændurnir geta ekki haft stjórn á. Þar má nefna regluverk stjórnvalda, afurðaverð og náttúrulega þætti eins og veður og sjúkdóma. Bára nefnir að í mörgum erlendum rannsóknum sé sýnt fram á að einangrun bænda geti leitt af sér geðræn vandamál. Þá sé mikil hlutverkatogstreita sem fylgi því að heimilið sé líka vinnustaðurinn sem geri mörkin milli vinnu og frítíma óljós.

Erfitt sé fyrir bændur að vera alveg í fríi á meðan almennt launafólk geti frekar aftengt sig þegar það fer í frí.

Erlendar rannsóknir hafi sýnt mismunandi niðurstöður hvað varðar andlega heilsu bænda. Bára segir þó að samkvæmt stórri samantektarrannsókn sem framkvæmd var nýlega hafi bændur almennt komið verr út en samanburðarhópar. Slíkar rannsóknir geti gefið nákvæmari mynd af stöðu mála en stakar rannsóknir.

### *Samanburður við vinnandi fólk*

Til að hafa einhvern samanburð við þá sem ekki eru bændur var stærstur hluti könnunarinnar hannaður þannig að hægt væri að bera niðurstöðurnar saman við rannsóknina *Heilsa og líðan Íslendinga* sem embætti landlæknis stendur fyrir á fimm ára fresti. Sú rannsókn var síðast framkvæmd árið 2022 og afmarkaði Bára samanburðarhópinn við fólk sem er á vinnumarkaði og ekki bændur.

Í rannsókn RHA voru fengnar ýmsar bakgrunnsbreytur um þátttakendur sem vitað er að geti haft áhrif á andlega líðan; það er

> Markmiðið með þessu var að skapa grunn til að bændur gætu stigið fram og benda á að geðrænir kvillar eru eins og aðrir líkamlegir sjúkdómar ...“

kyn, aldur, menntun, hjúskaparstaða og fjárhagserfiðleikar sem kallast lýðfræðilegir þættir. Mjög skýrt var bæði í könnun RHA og embættis landlæknis að þeir sem glíma við fjárhagserfiðleika sé sá hópur sem líður verst.

Í skýrslu RHA er tekið tillit til áðurnefndra bakgrunnsbreyta og þegar bændur eru bornir saman við aðra af sama kyni, aldri, menntun, hjúskaparstöðu og fjárhagsstöðu kemur í ljós að hlutfallslíkur á að bændur flokkist með alvarleg einkenni þunglyndis og streitu eru nokkuð hærri en fyrir samanburðarhópinn, en munur hvað varðar kvíða fannst ekki í þessari rannsókn. Þeir bændur sem höfðu uppi áform um flutninga voru líklegri til að upplifa meiri einkenni kvíða, streitu og þunglyndis miðað við aðra bændur.

Hluti af könnuninni var spurningalisti sem á að gefa vísbendingar um seiglu, sem er verndandi eiginleiki fyrir ýmsum geðröskunum og hæfnin til að aðlaga sig í erfiðum aðstæðum og líta á björtu hliðarnar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem eru




Halla Eiríksdóttir. Myndir / Aðsendar


Bára Elísabet Dagsdóttir.


Birgir Arason.


Regína Ólafsdóttir.

með meiri seiglu takast betur á við mótlæti og streitu og komi því betur út í mælingum á geðrænum vandamálum. Seiglukvarðinn hefur ekki verið notaður mikið hér á landi og er því ekki hægt að draga miklar ályktanir út frá niðurstöðunum úr þessari könnun. Skorið hjá bændum reyndist þó lægra en meðalskor almenns bandarísks þýðis.

Aðspurð hvað henni þætti rétt framhald, segir Bára að áhugavert væri að framkvæma viðtöl sem gæfu betri innsýn í hvað það er sem orsakar muninn á geðheilsu bænda og annarra. Rannsóknin hennar hafi gefið gott yfirlit en ekki rýnt í smáatriði.

### *Einkenni þunglyndis andleg og líkamleg*

Í skýrslunni er þunglyndi skilgreint sem „lyndisröskun sem lýsir sér í breytingum á geðslagi, hugsunum, virkni og líkamlegum einkennum. Einkennin eru mörg og misjöfn milli einstaklinga, t.d. depurð, skert sjálfsmynd, neikvæðar hugsanir, einbeitingarerfiðleikar, minni virkni og áhugi og svefnerfiðleikar.“ Þá er kvíði sagður einkennast af hræðslu, áhyggjum og óróleika. Það sé tilfinning sem flestallir upplifi einhvern tímann, en sé hún langvarandi sé talað um kvíðaraskanir.

Á Vísindavefnum er streita skilgreind sem hluti af varnarviðbragði líkamans við aðsteðjandi hættu. Í því ástandi eykst virkni ósjálfráða taugakerfisins og kortisól og adrenalín streyma út í blóðið. Séu streituviðbrögðin mikil eða langvarandi geti þau haft neikvæð áhrif á heilsuna.

Sérstaklega er tekið fram í skýrslunni að þar sem gögnunum um bændur var aflað haustið 2023 á meðan gögnin um samanburðarhópinn eru frá 2022 sé ekki hægt að útiloka breytingar á þjóðfélaginu á þeim tíma sem leið milli kannana og gætu haft áhrif á svörin.

### *Fræðsluefni fyrir bændur*

Á vordögum 2023 var verkefninu Bændageð hleypt af stokkunum. „Markmiðið með þessu var að skapa grunn til að bændur gætu stigið fram og benda á að geðrænir kvillar eru eins og aðrir líkamlegir sjúkdómar,“ segir Halla Eiríksdóttir.

Þetta eru myndbönd sem félagsmenn Bændasamtakanna hafa aðgang að á lokuðu vefsvæði.

Þar segja bændur og ættingjar frá sinni líðan, ásamt því sem rætt er við sérfræðinga, og segir Halla markmiðið að hafa þetta tímalaust efni sem lifir. Hún vonast til að fræðsluefnið og niðurstöður könnunar RHA verði til þess að auðvelda bændum að leita sér aðstoðar, sem þeir hafi gert síður en aðrir.

### *Nauðsynlegt að ræða um geðheilsu*

Birgir Arason, bóndi í Gullbrekku í Eyjafjarðarsveit, er einn þeirra bænda sem opnaði sig um geðheilsu sína í Bændageðinu. Þar ræddi hann opinskátt um sína glímu við þunglyndi og hvaða leiðir hann hefur farið í átt að bata. Í samtali við blaðamann segir Birgir einkenni þunglyndis hafa verið til staðar fyrir hans búskapartíð og að veikindin séu líklega meðfædd.

Birgir segir nauðsynlegt að bændur séu tilbúnir til að ræða um geðheilsu, enda sé hún hluti af lífinu. Rétt eins og í öðrum öngum samfélagsins sé feimnismál að viðurkenna geðræn vandamál í bændastéttinni. Umræðan sé nýlega komin upp á yfirborðið, hvort sem um ræðir bændur eða aðra.

Flestir þeir sem finni fyrir þunglyndi eða slæmri geðheilsu til lengri tíma æti sér að berjast áfram án þess að það sé eitthvað vandamál. Fyrsta skrefið að bata sé að taka samtal og í hans huga þurfi það ekki endilega að vera við sérfræðing, heldur sé hægt að tala við góðan vin sem er hægt að treysta.

### *Lyfin göngustafur*

Birgir viðurkennir fúslega að hann hafi fengið lyf við þunglyndi þó hann reyni almennt að sneiða hjá meðölum. Lyfjunum líkir hann við göngustaf sem hann þurfti að styðja sig við á vegferð sinni upp úr öldudalnum. Á ákveðnum tíma hafi hann verið kominn í aðstæður sem hann réð ekki við að komast úr sjálfur, meðal annars þar sem hann hafði barist lengi á móti því og ekki rætt geðheilsu sína við neinn. Það sé svo undir honum komið að ná lengra, því lyfin ein og sér dugi ekki til að læknast af þunglyndi.

Aðspurður reiknar Birgir með að talsvert sé um að bændur glími við slæma geðheilsu þó þeir beri það mismikið utan á sér. Bændur búi við það að þurfa ekki að hitta neinn frekar en þeir vilji og geti því einangrað sig. Eins og staðan er núna sé hátt vaxtastig og þungur rekstur það erfiðasta fyrir bændur.

Hann hafi fundið fyrir auknum vaxtakostnaði á eigin skinni þar sem hann jók hjá sér framleiðsluna til að auka tekjur sínar. Sú tekjuaukning hafi hins vegar öll farið í fjármagnskostnað. Það sé glötuð staða fyrir bændur að vera í þeirri stöðu að afborganir af lánum margfaldist. Eftir að hann hóf meðferð við þunglyndi segist Birgir þola mótlæti sem þetta mun betur.

### *Aðstæður bænda einstakar*

Regína Ólafsdóttir, klínískur sálfræðingur, segir að í starfi bænda blandist saman óvissa, óljós skil milli vinnu og einkalífs og mikið álag. Líklegast séu fáar stéttir sem búi við sömu aðstæður og því væri fengur að því að bjóða upp á sérhæft úrræði fyrir bændur. Það hjálpi mjög mikið að eiga samtal, sérstaklega við einhvern sem þekkir þá reynslu sem viðkomandi er að fara í gegnum.

Hún veltir því fyrir sér hvort ekki þyrfti að vera eitthvert úrræði þar sem bændur geti hist og rætt saman undir handleiðslu fagaðila ef markmiðið er að bæta geðheilsu stéttarinnar. Eftir Covid-19 faraldurinn hafi orðið mikil efling í fjarheilbrigðisþjónustu

> „Líklegast séu fáar stéttir sem búi við sömu aðstæður og því væri fengur að því að bjóða upp á sérhæft úrræði fyrir bændur ...“

og miðað við þær rannsóknir sem hafi verið framkvæmdar hingað til geti þannig meðferðir borið jafn mikinn árangur og þegar fólk mæti á staðinn, hvort heldur sem um ræðir einkatíma eða hópameðferðir.

### *Óvissa vond fyrir sálarlífið*

Regína segir að eitt af því sem einkenni bændastarfið sé mikil óvissa og það sé sammannlegt að finnast hún óþægileg. Mikið álag fylgi því að vita ekki hvað sé í vændum og geti fólk þróað með sér hugsanir sem geri ýmist ráð fyrir verstu eða bestu framvindu. Í þessu samhengi nefnir Regína fólk sem fari í rannsóknir vegna krabbameinseinkenna, en sá tími sem reyni hvað mest á sálarlífið sé á meðan beðið er eftir niðurstöðum.

Eitt af því sem vakti sérstakan áhuga Regínu í skýrslu RHA hafi verið hversu hátt hlutfall bænda svaraði því að þeir hefðu oft eða alltaf of mikið að gera.

Auðvelt sé að hafa gaman af því þegar mikið er í gangi í skemmri tíma, en því fylgi streita og spenna og neikvætt sé að vera stöðugt í aðstæðum þar sem upplifunin sé sú að verkefnin hlaðist upp og ekki sé hægt að sinna þeim fyllilega.

Regínu fannst sláandi þegar hún las skýrsluna hversu hátt hlutfall bænda sagðist hafa áhyggjur af fjármálum sínum. Það sé hins vegar mikilvægt að taka tillit til hvenær könnunin var framkvæmd, eða á haustdögum 2023. Þá hafi stýrivextir verið búnir að hækka umtalsvert frá þeim tíma sem könnun Landlæknisembættis, sem var nýtt til samanburðar, var framkvæmd.

„Það góða við rannsóknir er að þær gefa okkur alls konar myndir og vísbendingar, en maður getur oft ekki dregið eins stórar ályktanir og mann langar,“ segir Regína.

Hún varar því við því að fullyrða að það að vera bóndi geri fólk líklegra til að glíma við geðræn vandamál. Spurningalistinn sem var notaður sé skimunarlisti með tuttugu og einu atriði sem sé gjarnan notaður í rannsóknum og í klínísku starfi til að meta árangur meðferðar. Þeir dugi ekki einir og sér til að staðfesta greiningu á þunglyndi, streitu eða kvíða, þó þeir geti gefið ákveðna vísbendingu.

### *Aðgengi að heilbrigðisþjónustu skert*

Halla Eiríksdóttir telur að eina af skýringunum á verri geðheilsu bænda megi rekja til aðgengis fólks á landsbyggðinni að heilbrigðisþjónustu. Í þeim rannsóknum sem hún hefur skoðað nýta allir hópar í dreifbýli sérfræðiþjónustu heilbrigðiskerfisins minna en fólk í þéttbýli.

Þá bjóði starfsumhverfi bænda ekki upp á mikið jafnvægi og þeir þurfi að þola mikinn breytileika. Halla bendir á hluti eins og þegar veðurglugginn til heyskapar er stuttur, þá þurfi bændur að vinna allan sólarhringinn og þá megi engin vél bila. Svo þegar komi kalár eða rigningasumur sé öll uppskeran sett úr skorðum. Þá sé afurðaverð og regluverk eitthvað sem bændur geti ekki stjórnað og það geti verið breytilegt milli ára. Starfið virðist enn fremur geta verið niðurdrepandi, sérstaklega ef þeir búa einir.

„Það eru margir sem sitja uppi með atvinnu sem er miklu meira en atvinna,“ segir Halla. Fólk búi oft á jörðum sem hafi farið mann fram af manni í kynslóðir. Því finni fólk fyrir þrýstingi að viðhalda búskap á jörðinni og að sjálfsmynd fjölskyldunnar skerðist fari bærinn í annarra hendur eða ef landbúnaðarstarfsemi er lögð niður á þeirra vakt. Það sem þeir líti gjarnan fram hjá sé að allir aðrir fluttust í burtu og létu búskapinn í þeirra hendur.



20% afsláttur af öllum innréttingum til páska

FRÍFORM 2000 - 2024

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is.



# Vatnsnýtni

**Egypskt sprotafyrirtæki telur að vatnsræktun geti verið lausn fyrir bændur sem búa við þurrka.**

Þurrkar hrjá egypska bændur víða um landið og ferskvatnsáveita úr Níl er þverrandi af ýmsum orsökum, m.a. vegna byggingar nýrrar stíflu í Eþíópíu. Jafnframt er ræktanlegt jarðnæði að dragast saman.

Egypska sprotafyrirtækið Plug 'n Grow hefur kynnt svokallaða jarðvegslausa lausn gegn vatnsskorti, með notkun vatnsræktunar.

Er notaður sandur eða nk. froða til að rækta plöntur í og minnkar það vatnsmagnið sem plönturnar þurfa til vaxtar og viðhalds. Sparnaður vatns miðað við hefðbundinn búskap gæti að sögn fyrirtækisins numið allt að 90%. Stórlega sparist í áburðarnotkun og tilheyrandi kostnaði. Farmer's Weekly greinir frá. /sá

# Loftslag

**Gagnvirkur loftslagsatlas sýnir fortíð og spáir fyrir um framtíð.**

Kópernikusarstofnunin hefur kynnt uppfærðan gagnvirkan loftslagsatlas, 5. kynslóðar C3S Atlas. Hann er sagður veita áreiðanleg gæðastýrð gögn um ástand loftslags jarðar. Gögn eru ítarlega uppfærð á klukkustundarfresti og mynda eyðulaus kort með um 30 km upplausn.



Hægt er að sjá loftslagsskilyrði jarðar frá árinu 1940 og nánast til rauntíma ásamt því að horfa inn í mögulegt framtíðarástand. /sá

## Evrópa:

# Ekki dregið úr varnarefnanotkun

**Evrópusambandið hefur að sinni fallið frá áformum um að minnka notkun varnarefna innan landa sambandsins.**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað 21. febrúar að tilkynna Evrópuþinginu og ráðherraráðinu um þau áform framkvæmdastjórnarinnar að draga frumvarp að Evrópureglugerð um sjálfbæra notkun varnarefna fyrir plöntur til baka fyrir 31. mars nk. Þetta staðfestir Viktor Stefánsson, stjórnmála- og fjölmiðlafulltrúi hjá Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi. Frumvarpið gerði m.a. ráð fyrir að minnka notkun varnarefna um helming meðal Evrópusambandsþjóðanna fyrir lok áratugarins og átti að vera hluti af margþættum grænum umskiptum ESB. Hún gerði einnig ráð fyrir algjöru banni varnarefna á viðkvæmum svæðum.

Segir Viktor að framkvæmdastjórnin sé enn staðráðin í að standa vörð um heilbrigði íbúa og hlúa að náttúrunni og á sama tíma styðja við bændasamfélög aðildarríkja sambandsins, landbúnaðarframleiðslu og fæðuöryggi.

„Eftir sérstaka úttekt hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að draga frumvarpið til baka í ljósi ýmissa erfiðleika sem áttu sér stað í ákvarðanatökuferlinu. Til að mynda var frumvarpið fellt af Evrópuþinginu í nóvember 2023 og ljóst var að ráðherraráðið væri ekki nálægt því að að afgreiða frumvarpið,“ segir hann.

Framkvæmdastjórnin hafi því komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á frekari umræðu og breyttri nálgun til að ná settum markmiðum. Þrátt fyrir þetta verði lögð áhersla á að minnka notkun hættulegs kemísks skordýraeiturs og minnka skaða og áhættu sem fylgi notkun skordýraeiturs: það séu enn lykilmarkmið framkvæmdastjórnarinnar hvað varðar matvælaöryggi. Tilskipun 2009/128/EC um sjálfbæra notkun skordýraeiturs sé enn í gildi og stuðli að minnkun áhættu tengdri notkun skordýraeiturs, sem og áhrifa þeirra á heilbrigði íbúa og náttúru. Tilskipunin skapi einnig hvata til að beita öðrum aðferðum í landbúnaði en að nota skaðlegt kemískt skordýraeitur.



**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hætti á dögunum við áætlanir um að draga úr notkun skordýraeiturs. Ursula von der Leyen segir það verða verkefni næstu framkvæmdastjórnar ESB að koma regluverki um samdrátt í notkun varnarefna í gegn.** Mynd / CBD




**„Engin framtíð án ræktenda.“ Ítalskir bændur fjölmenntu til Rómar á dögunum og mótmæltu, líkt og bændur hafa gert víðar í Evrópu.** Mynd / skjáskot

### *Grafi ekki undan Farm to Fork*

Evrópusamtök bænda, Copa-Cogeca, fagna því að skordýraeitursfrumvarpið náði ekki í gegn: „Þessi „ofan frá og niður“-tillaga, sem sprettur af Farm to Fork-stefnu ESB, var illa unnin og framsett, vanfjármögnuð og gaf bændum engan sveigjanleika,“ sögðu forsvarsmenn samtakanna í The Guardian og kölluðu eftir raunhæfum lausnum á erfiðri stöðu bænda. Niðurstaðan um varnarefnafrumvarpið er jafnvel talin grafa enn frekar undan Farm to Fork: fjölþættri stefnu ESB, sem kynnt var í maí 2020, með það að markmiði að gera matvælakerfi Evrópu heilbrigðara og sjálfbærara. Sem dæmi um þetta er bent á að í fyrra ákvað framkvæmdastjórnin að falla frá lagagerð um sjálfbært matvælakerfi, sem átti að vera burðarásinn í matvælastefnu sambandsins.

Þess í stað var ákveðið að hefja stefnumótandi viðræður um landbúnað í því skyni að draga úr vaxandi pólun í greininni. Aðrar lagasetningar tengdar landbúnaði, sem voru í burðarliðnum, voru aldrei lagðar fram, svo sem nýjar reglur um velferð eldisdýra og merkingar á næringargildi matvæla í ESB.

Þessu hafnar Viktor Stefánsson og segir ljóst að heilbrigðari og sjálfbærri matvælaframleiðsla sé forgangsatriði í augum margra íbúa Evrópusambandsins og sé hornsteinn í Græna sáttmálanum.

„Afturkall þessa frumvarps mun ekki hafa áhrif á þau markmið sem sambandið hefur sett sér með Farm to Fork-áætluninni í minnkun á notkun skaðlegra eiturefna,“ segir hann. Þar megi einna helst nefna markmið um 50% minnkun á notkun og minnkun á áhættu tengdri kemísku skordýraeitri. Einnig markmið um 50% minnkun á notkun sérlega hættulegra eiturefna.

„Til þess að vernda heilbrigði og sjálfbærni í evrópskri matvælaframleiðslu hefur framkvæmdastjórnin lagt fram fjölda frumvarpa að Evrópureglugerðum og tilskipunum sem nú eru í höndum Evrópuþingsins og ráðherraráðsins, tengdum Farm to Fork,“ segir Viktor. Framkvæmdastjórnin muni halda áfram að birta árlegar upplýsingar um framvindu mála í átt að markmiðum áætlunarinnar.

### *Ætti að bera meira traust til bænda*

Bændur víða um Evrópu mótmæla enn og segjast standa frammi fyrir stórfelldum áskorunum, þar á meðal lækkandi vöruverði, hækkandi orku-, áburðar- og flutningskostnaði, ódýrum erlendum innflutningi, öflugum smásöluaðilum og óhóflegum evrópskum og innlendum reglugerðum. Bændur hafa m.a. beitt slagorðum eins og „Enginn bóndi, enginn matur“ og „Engin framtíð án ræktenda“.

Mátti sjá þau víða á mótmælaspjöldum, t.d. í Róm á dögunum. Auk ESB hafa einstök aðildarríki gripið til aðgerða til að koma til móts við bændur. Til dæmis hafa þýsk stjórnvöld dregið heldur í land með áætlanir um að lækka niðurgreiðslu á dísilolíu. Þá eru Frakkar að hætta við fyrirhugaða hækkun á dísilolíuskatti og lofa þarlend stjórnvöld meira en 400 milljónum evra í markvissa aðstoð til bænda. Fram kemur á Euronews að forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Ursula von der Leyen, segi marga bændur Evrópu upplifa sig sem hornrekur og að hlusta verði á sjónarmið þeirra. Þeir standi frammi fyrir framfærslukreppu og miklum erfiðleikum, m.a. vegna loftslagsbreytinga og innrásar Rússa í Úkraínu. Evrópskur landbúnaður verði þó fyrr en síðar að fara yfir í sjálfbærara framleiðslulíkan. Landbúnaður í Evrópu valdi 10% af losun gróðurhúsalofttegunda sambandsins og sé verulega niðurgreiddur gegnum fjárlög ESB.

„Bændur munu aðeins fjárfesta í framtíðinni geti þeir lifað af landinu. Og bændur geta aðeins lifað af landinu ef við náum loftslags- og umhverfismarkmiðum okkar saman. Bændur okkar gera sér vel grein fyrir þessu. Við ættum að bera meira traust til þeirra,“ sagði von der Leyen.

Von der Leyen hefur jafnframt gefið út að þetta verði þó ekki það síðasta sem heyrist af áætlunum um minnkun varnarefnanotkunar innan ESB. Það verði væntanlega verkefni næstu framkvæmdastjórnar en kosið verður til Evrópuþings í júní. /sá






# Veiðifélag Skaftártungumanna óskar eftir tilboðum í veiði í eftirfarandi veiðivötnum:

## Grænalón - Botnlangalón - Langisjór



Veiðiréttur í Grænalóni á Skaftártunguafrétti, útfall lónsins að Dalakvísl og í Dalakvísl þaðan að Kirkjufellsósi ásamt afnotarétti af veiðihúsi sem stendur við Grænalón. Leigt er til 2ja ára. Leigutaki skal halda veiðiskýrslur og skila í lok veiðitíma árlega til Fiskistofu.









Veiðiréttur í Botnlagavatni, Lónakvísl ásamt veiðihúsi sem stendur við vatnið. Leigt er til 2ja ára. Leigutaki skal halda veiðiskýrslur og skila í lok veiðitíma árlega til Fiskistofu.



Veiðiréttur í Langasjó og útfalli hans, Fagralóni og öðrum lónum sem liggja samsíða sunnan við Langasjó ásamt húsi því sem stendur við Langasjó. Leigt er til 2ja ára. Leigutaki skal halda veiðiskýrslur og skila í lok veiðitíma árlega til Fiskistofu.

## Tilboð sendist:

**Á veidifelag.skaft@gmail.com fyrir 28. mars 2024.**
**Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum. Nánari upplýsingar -**
**- í síma 865-7432 (Pétur) eða síma 615-4508 (Sigurður)**

## Hringrásarhagkerfið:

# Söfnunarkerfi fyrir áhættumestu dýraleifarnar

### – Unnið að tillögu sem á að vera tilbúin í byrjun sumars

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Vinna er hafin við útfærslu á samræmdu söfnunarkerfi á landsvísu fyrir þær dýraleifar sem teljast vera áhættumestar, í áhættuflokki 1, með tilliti til smithættu frá þeim.**

Markmiðið er að koma þessum málum í lögformlegan farveg, með viðeigandi tiltækum úrræðum til förgunar á dýraleifunum, sem að miklu leyti eru urðaðar í dag sem er í trássi við þær evrópsku reglugerðir sem Íslendingar hafa undirgengist. Í þessum áhættuflokki 1 eru meðal annars hræ af jórturdýrum eldri en 12 mánaða.

Verkefnið er sett af stað að frumkvæði matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis í samstarfi við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Er það liður í viðbrögðum stjórnvalda við úrskurði EFTA-dómstólsins um að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum hvað varðar meðferð dýraleifanna.



Dýraleifar eru nú að mestu leyti urðaðar í trássi við evrópska löggjöf. Mynd / ál



Hópur á vegum SSNE í kynnisferð í Hamar í Noregi á síðasta ári, þar sem dýraleifar í áhættuflokki 1 eru meðhöndlaðar. Myndir / Aðsendar

*Uppfyllir skilyrði hringrásarhagkerfis*

Gert er ráð fyrir að tillögu að samræmdu söfnunarkerfi verði skilað í byrjun sumars og hún unnin í samstarfi við finnska ráðgjafarfyrirtækið GMM með fyrirmyndir frá Finnlandi og Noregi.

Verkefnisstjórn verður í höndum Kristínar Helgu Schiöth, sem hefur um nokkurt skeið unnið hjá SSNE að undirbúningi að því að líforkuver rísi í Dysnesi í Eyjafirði sem gæti tekið á móti slíkum áhættuúrgangi. Hún segir að það verkefni snúist um að koma dýraleifum til vinnslu, með efnahagslegum og umhverfislegum ávinningi. „Við höfum lagt áherslu á þessar tilteknu dýraleifar í vinnunni við líforkuverið, ekki síst vegna skorts á löglegum úrræðum fyrir þetta efni, sem samræmast hugmyndafræði hringrásarhagkerfis hér á landi,“ segir Kristín.

*Sjálfstætt verkefni*

„Verkefnið um söfnunarkerfið er sjálfstætt verkefni þar sem byggt er á þeirri forvinnu og þekkingu sem hefur verið aflað í tengslum við vinnu við undirbúning líforkuversins og leitað til þeirra aðila sem við höfum átt farsælt samstarf með í öðrum verkþáttum.

Verkefnið er þó algerlega sjálfstætt að því leyti að ekki er fyrir fram ákveðið hver verður endastöð efnisins sem á að safna,“ heldur Kristín áfram. „Fyrst og fremst snýst verkefnið um að yfirfæra þá tækni og aðferðafræði sem hefur verið til staðar um langa hríð í nágrannalöndum okkar þannig að henti sem best þeim aðstæðum sem uppi eru á Íslandi og sú vinna sem þegar hefur verið unnin vegna fyrirhugaðs líforkuvers mun nýtast inn í þetta verkefni.“



Kristín Helga Schiöth.

*Dýraleifar hvergi brenndar*

Kristín segir að við undirbúningsvinnu líforkuversins hafi verið leitað til GMM, finnsku ráðgjafanna, sem hafa áralanga reynslu af uppsetningu og vinnslu á dýraleifum úr öllum áhættuflokkum – auk vinnslu annars lífræns úrgangs. „Við munum nýta þekktar tæknilausnir, en í nágrannalöndunum hafa hræ verið unnin á þann hátt sem við horfum til í áratugi, og hvergi eru dýraleifar brenndar – enda kostar það mikla orku að brenna blautt efni.
Réttara er að vinna efnið á þann hátt að úr komi orkugjafar; kjötmjöl sem nota má sem orkugjafa í brennslu og hráfita sem nýta má áfram í lífdísilframleiðslu,“ segir hún.

Að sögn Kristínar reka GMM eina vinnslu í Finnlandi sem tekur við dýrahræjum í áhættuflokki 1. „Við höfum einnig kynnt okkur sérstaklega hvernig málum er háttað í Noregi, en þar eru tvær vinnslur fyrir þennan áhættuúrgang sem eru reknar af sama aðilanum, sú sem tekur við miklum meirihluta efnisins er í Hamar og sú minni er í Norður-Noregi og sinnir afskekktari svæðum. Það er margt sem Ísland, Finnland og Noregur eiga sameiginlegt, hvort sem horft er til regluverks eða umhverfisaðstæðna og því rökrétt að horfa til þeirra landa eftir fyrirmyndum.

Finnland og Noregur nota sama hugbúnað þegar kemur að söfnun dýraleifa sem við fengum sérstaka kynningu á í ferðinni okkar út. Með honum er haldið utan um söfnun dýrahræja heim á bæi, samskipti við bændur og skráningu inn í gagnagrunna matvælaeftirlits hvort lands fyrir sig. Kerfið er notendavænt; bændur tilkynna þegar gripur drepst, gefa upp númer hans og innan fárra daga er gripurinn sóttur á fyrir fram ákveðinn stað. Ekki er þörf á að bóndinn sé heima við þegar bíll kemur og sækir gripinn, gefinn er upp fyrir fram ákveðinn staður – gjarnan steypt plan eða viðarpalletta á skuggsælum stað, gripurinn sóttur, skráður í kerfi og tekið heilasýni úr jórturdýrum eldri en 12 mánaða. Sums staðar eru sérstakir kúplar settir yfir hræin, en það er undir hverjum bónda komið hvernig hann vill haga frágangi á hræi þar til það er sótt.“

*Mikilvægt skref*

Kristín telur að stórt skref hafi nú verið tekið við að leggja grunn að samræmdu söfnunarkerfi dýraleifa. „Handhafar dýraleifanna bera meginábyrgð á að efnið sé meðhöndlað á réttan hátt, sveitarstjórnum ber að sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir dýraleifarnar – eftir atvikum í samstarfi við aðra, og matvælaráðuneytið ber síðan ábyrgð á skyldum Íslands gagnvart Evrópuregluverkinu. Samkvæmt því ber aðildarríkjum meðal annars skylda til að sjá til þess að viðunandi kerfi sé til staðar sem tryggir að dýrahræjum sé safnað, skráð og flutt í viðunandi úrræði.

Málaflokkurinn hefur um langa hríð verið í ólestri hér á landi og verkefninu kastað á milli eins og heitri kartöflu. Þetta hefur haft sínar afleiðingar og orðið aðkallandi að koma á söfnun dýraleifa sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru. Verkefnið er fyrst og fremst mikilvægt fyrir heilsu dýra og manna og ímynd íslensks landbúnaðar, en er einnig mikilvægt loftslagsmál.

Aðkoma umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að verkefninu skiptir miklu máli, þar sem losun vegna urðunar dýrahræja er losunarþáttur sem er á beinni ábyrgð Íslands og hægt að draga úr með söfnun og vinnslu sem samræmist innleiðingu hringrásarhagkerfis. Þannig getur verkefnið stuðlað að loftslagsvænni landbúnaði á Íslandi þegar til lengri tíma er litið og skapað verðmæti úr því sem fer til spillis.

En fyrsta skrefið er að leggja grunn að söfnunarkerfinu og ánægjulegt að sú vinna sé loksins hafin.“



Hópurinn í kynnisferð á vegum SSNE, haustið 2023, við CAT1-vinnsluna í Honkajoki, Finnlandi.



# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.


*Husqvarna Trowel BG 245*
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm


*Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög*
Sögunardýpt 19 cm


*Husqvarna DM230 Kjarnaborvél*
150 mm Max


*Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög*
Sögunardýpt 12,5 cm


*Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa*
97kg, 500 mm Plata


*Husqvarna FS400 LV gólfsög*
Sögunardýpt 16,2 cm


*Husqvarna Rammer Hoppari LT6005*
230mm Plata, 69 kg

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar


*Husqvarna K970*
Sögunardýpt 15,5 cm

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**


*Husqvarna K4000 Steinsög*
Sögunardýpt 12,5 cm


*Husqvarna K3600 Vökvasög*
Sögunardýpt 27 cm


*Husqvarna K7000 Ring*
Sögunardýpt 32,5 cm


*Husqvarna K7000 Pre Cut*
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



# Landbúnaður


Límtréshús


Bogahús


Bogaskýli


Yleiningar, skrúfur og áfellur


Stálgrindarhús

**Hýsi-Verkheimar ehf.** | Smiðjuvegi 5, Kópavogi | Sími 497 2700 | hysi@hysi.is | hysi.is | hysi.is

HÝSI
BYGGJUM BETUR


Bakkafjörður. Mynd / Auðunn Níelsson, Markaðsstofa Norðurlands

## Brothættar byggðir:

# Áframhaldandi búseta talin möguleg

**Við Langanesströnd sem liggur að botni Bakkaflóa stendur Bakkafjörður ásamt bæði Miðfirði og Finnafirði. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar frá árinu 2023 eru þar búsettir alls 62 – sem er helmings fækkun frá árinu 2001 – og fellur Bakkafjörður því í hóp þeirra brothættu byggða sem verkefni Byggðastofnunar hefur haldið utan um nú í nokkur ár.**

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Undanfari þátttökunnar, sem hófst árið 2019 og áætlað er að ljúki nú í árslok, var sá að álitamál þótti hvort byggðin væri of veik til þess að grunnur væri fyrir áframhaldandi búsetu. Í kjölfarið var skipuð nefnd á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, sem kannaði mögulegar aðgerðir til þess fallnar að styrkja stöðu byggðarlagsins. Þann 15. mars 2018 kom fram samþykkt á fundi þar sem nefndin ákvað að yfirfara tillögur starfshóps er vörðuðu málefni byggðarinnar í Bakkaflóa, meta gildi þeirra og gagn og bæta við tillögum eftir atvikum. Var meðal annars lagt til að byggðarlag Bakkafjarðar yrði tekið inn í verkefni Brothættra byggða sem svo gekk eftir.

Gaman er að segja frá því að áður hét þorpið Höfn, en á seinni hluta 19. aldar myndaðist þorp í kringum útgerð og verslun í landi Hafnar við Bakkafjörð. Þorpið er nú í daglegu tali kallað Bakkafjörður.

Í þorpinu sjálfu stendur „gamla bryggjan" en á níunda áratug síðustu aldar var ný höfn gerð rétt sunnan við þorpið og er þaðan töluverð smábátaútgerð.


Romi Schmitz.

Með þátttöku byggðarlagsins í verkefni Byggðastofnunar hafa árlegar styrkveitingar ýtt hinum ýmsu verkefnum úr vör, en í lok síðasta árs stóðu fjárveitingar í alls 60.263.680 milljónum króna. Stóðu styrkþegar fyrir hinum ýmsu hugmyndum, allt frá uppsetningu ærslabelgs og aðstöðu til fjarvinnslustarfa til sjósundskýlis í Finnafirði og harðfiskvinnslu





**Reimar Sigurjónsson lista- og hagleiksmaður tekur hér við styrkveitingu fyrir hugmynd sína um fuglaskoðunarskýli en hér má sjá smíði hans, sjósundsskýlið við Finnafjörð, sem hlaut styrk Frumkvæðissjóðs í fyrra.** Myndir / Aðsendar

### *Niðurstöður úthlutunar Frumkvæðisstyrks*

Nú í lok febrúarmánaðar sl. voru niðurstöður úthlutunar Frumkvæðissjóðs 2024 fyrir Bakkafjörð kynntar með pomp og prakt, en hvert þátttökubyggðarlag innan verkefnis Brothættra byggða fær tiltekna upphæð árlega.

Taka skal fram að fjármagnið er ætlað til að styðja verkefni íbúa og framtíðarsýn viðkomandi byggðarlags í heild sinni, en úthlutun fjármunanna er í höndum verkefnisstjórnar Bakkafjarðar, þeim Kristjáni Þ. Halldórssyni og Helgu Harðardóttur frá Byggðastofnun, sveitarstjórans Jónasar Egilssonar, Þorsteins Ægis Egilssonar oddvita, Rebekku Kristínar Garðarsdóttur innan SSNE *(Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra)* auk tveggja fulltrúa íbúa, þeirra Mariusz Mozejko og Gunnlaugs Steinarssonar.

Aðspurð segir Romi Schmitz, nýsettur verkefnisstjóri á Bakkafirði, styrkveitinguna hafa farið vel fram en í Bakkafirði höfðu borist alls 14 umsóknir sem ígiltu að heildarupphæð rúmum 23 milljónum króna. Hafði sjóðurinn 10,5 milljónir króna til ráðstöfunar sem úthlutað var til 12 verkefna, en á bak við þau standa alls níu aðilar. Hæsta styrkinn fékk **Krzysztof Krawczyk**, sauðfjárbóndi í Miðfjarðarnesi, til að koma sér upp aðstöðu gæslu og þjálfunar smalahunda, alls **1,6 m.** kr.

### *Styrkveitingar af ýmsum toga*

Hér á eftir er yfirlit yfir þann fjölda áhugaverðra verkefna sem nú eru í startholunum, enda sterkur vilji þorpsbúa til uppbyggingar samfélagsins og ötullega unnið að styrkveittum viðfangsefnum.

- **Bakkasystur ehf.** Hátíðin Grásleppan 2024, þar sem þessi mikilvægi fiskur í sögu Bakkafjarðar er heiðraður með hátíðlegum hætti. Um ræðir framhaldsverkefni sem hófst fyrir ári, en vilji er fyrir því að festa hátíðina í sessi. **1,1 m.** kr.

Sóttu Bakkasystur ehf. einnig um, og fengu styrkveitingu fyrir verkefnið: Sögusýning, margmiðlun og varðveisla, sem byggir á verkefni undir nafninu Gunnólfsvíkurfjallið er svo blátt. Er áætlað að yfirfæra heimildirnar um Gunnólfsvíkurfjallið á stafrænt form og þannig forsenda fyrir frekari vinnslu minja og þróun á miðlun sýningar. **600 þús.** kr.

- **Jóhanna Magnúsdóttir**, eigandi hússins Bjarg og fyrirtækisins Bjargvættir, hlaut styrk fyrir verkefnið: Útivist, heilsa, umhverfi og núvitund / Retreat Center Bakkafirði. Gerð viðskiptaáætlunar og uppbygging heilsutengdrar ferðaþjónustu með áherslu á umhverfi og sjálfbærni. Vill Jóhanna að auki vera í samstarfi við aðra ferðaþjónustu á svæðinu og með frekari afþreyingu virkja þannig ferðamenn til að stoppa lengur. **1 m.** kr.

Í nafni Bjargvætta ehf., fyrirtækis Jóhönnu, hlaut hún annan styrk til þess að halda áfram uppbyggingu gistiheimilisins Bjargs og ganga þar frá umhverfis- og öryggismálum. Þarna er um framhaldsverkefni að ræða undir nafninu Umhverfis- og öryggismál, en Jóhanna hlaut áður styrk fyrir ári síðan. Markmiðið er að reka þar menningartengda ferðaþjónustu. **500 þús.** kr.


**Framhaldsverkefnið Frisbígolf á Bakkafirði hlaut styrkveitingu til áframhaldandi uppbyggingar.**

- **Langanesbyggð** var veittur styrkur fyrir verkefnið Velkomin til Hafnar með áherslu á skiltagerð. Hlaut Langanesbyggð áður 1,5 m. kr. styrk frá SSNE til þess að koma upp yndisreit með útilistaverkum úr rekavið á Hafnartanganum. Styrkurinn nú er fyrir gerð upplýsingaskilta við verkin. **700 þús.** kr.

- **Reimar Sigurjónsson,** lista- og hagleiksmaður, hlaut styrk fyrir verkefnið Fuglaskoðunarskýli við Finnafjarðará. Áætlar Reimar að setja upp fuglaskoðunarhús við ós Finnafjarðarár – þá hluta Fuglastígs Norðausturlands og bætast þannig í hóp mögulegrar afþreyingar á svæðinu. **1 m.** kr.

- **Svanhildur Ármundsdóttir** hlaut styrk fyrir verkefnið Samræmd upplýsingaskilti á Bakkafirði. Sér Svanhildur fyrir sér að hanna og setja upp skilti sem upplýsa fólk um áhugaverða stað. **1 m.** kr.

- **Víðir Már Hermannsson** hlaut styrk fyrir verkefnið Frisbígolf á Bakkafirði. Framhaldsverkefni sem felst í því að klára völlinn á Bakkafirði. **700 þús.** kr.

- **North East Travel ehf.**, sem reka bæði gistiheimili og veitingastað Bakkafjarðar, fengu styrk fyrir tvö verkefni. Annað þeirra ber nafnið Afþreyingarþjónusta North East Travel, sem gengur út á að bjóða upp á skipulagðar afþreyingaferðir á Bakkafirði, eins konar ferðaskrifstofu með þjónustu norðaustursvæðisins í huga. Samstarf við aðila í svipaðri stöðu sem gætu í sameiningu þjónustað ferðamenn. **900 þús.** kr. Hitt verkefni North East Travel er hátíðin Bakkafest 2024 – nokkurra daga hátíð tónlistar, matar og uppákoma. Hóf hátíðin göngu sína árið 2021 og dregur að fólk í nokkra daga. **900 þús.** kr.

Að lokum hlaut fyrirtækið **Bergholt 1 ehf.** styrkveitingu fyrir verkefnið Bergholt, sem einnig er nafn á elsta steinhúsi Bakkafjarðar. Hefur Bergholt staðið í miðbænum frá árinu 1926 og snýst verkefnið um áframhaldandi endurbætur og uppbyggingu upprunalegs útlits þess. Útbúa þar aðstöðu fyrir listamenn sem geta komið þar til dvalar. **500 þús.** kr.

### *Framlenging með von um meðbyr*

Segir Romi vinnslu verkefna síðastliðinna ára hafa gengið vonum framar en upphaflega var áætlað að Bakkafjörður yrði undir hatti Brothættra byggða frá 2019–2023. Nýverið fengu þau framlengingu fram til ársloka 2024 enda segir Romi að nóg sé af verkefnum sem þurfi frekari byr.

# HUGUM AÐ VORINU!

## Vélar & tæki - Kynntu þér úrvalið!










**SA-R 3000 - Haugsuga**

Á leiðinni til landsins!

**1000 SS - Keðjudreifari**

Laus til afhendingar!

HiSpec haugsugurnar eru með lága bilanatíðni og jafna dreifingu.
Hjólbarðarnir eru flotmiklir og beislið fjaðrandi sem gerir þær þægilegar í vinnu.

**ÁBURÐARDREIFARAR**

Lausir til afhendingar!

DX20+, DX30+,
DX30+ með tölvu og gps,
X40+ ElecEconov

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



# VETRARTILBOÐ
# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



**Junior T gróðurhús**

318 x 401 cm gróðurhús,
12,8 m2 4mm hert gler.

12%

**1.050.000 kr.**
~~1.199.000 kr~~



**Modern gróðurhús**

310 x 458 cm gróðurhús, 14,4 m2
4mm hert gler.

8%

**1.775.000 kr.**
~~1.925.000 kr~~



**Urban gróðurhús**

Urban gróðurhús er lítið og nett
gróðurhús sem eru einföld í uppsetningu.
3,8 m2 að stærð og hert gler.

50%

**269.500 kr.**
~~539.000 kr~~

*Takmarkað magn!*



**Arnarfell – 7,8 m² Garðhús**

280 x 280 cm garðhús með 70 cm þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

10%

**423.000 kr.**
~~470.000 kr~~



**Búrfell – 11,8 m² Garðhús**

430 x 280 cm garðhús með 50 cm þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

10%

**607.500 kr.**
~~675.000 kr~~



**Bláfell – 16,5 m² Garðhús**

482 x 392 cm garðhús með þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

10%

**720.000 kr.**
~~800.000 kr~~

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Landgræðsla:

# Brautryðjendaverkefni sem staðist hefur tímans tönn

## – Aukin áhersla á endurheimt votlendis og birkivistkerfa

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Yfir tólf hundruð landeigendur hafa komið að verkefninu Bændur græða landið frá upphafi, fyrir rúmum þrjátíu árum. Nú eru virkir þátttakendur um fjögur hundruð talsins.**

Unnið hefur verið með 37.000 hektara lands í verkefninu og 100.000 hektara þegar öll landbótaverkefnin koma saman. Undir hatti stofnunar Lands og skógar eru mörg áhugaverð verkefni og þar á meðal nokkur sem tengjast landgræðslu bænda. „Á sviði endurheimtar vistkerfa eru rekin mörg verkefni sem byggja á samstarfi við bændur og aðra landeigendur," upplýsir Gústav Magnús Ásbjörnsson, sviðsstjóri endurheimtar vistkerfa hjá Landi og skógi, búfræðingur og B.Sc. í landnýtingu frá LbhÍ.

„Grunnstefið í verkefnunum er að veita bændum og öðrum landeigendum aðstoð við að bæta land í þeirra umsjá," heldur Gústav áfram. „Öll verkefnin eiga það sameiginlegt að þau hafa bætt ástand lands að markmiði og að vistkerfi sem veita fjölbreytta þjónustu séu endurheimt. Dæmi um slíka þjónustu getur verið kolefnisbinding eða samdráttur í losun koltvísýrings, sem er eitt mikilvægasta viðfangsefni samtímans. Það er hins vegar mjög mikilvægt að hafa í huga að endurheimt vistkerfa fylgir fjölbreyttur ávinningur svo sem er varðar vatnshag, lífríki og nýtingarmöguleika framtíðarinnar," segir hann.



Endurheimt birkivistkerfa á Rangárvöllum. Myndir / Aðsendar

### *Bændur græða land*

Formlegt samstarf við bændur um landgræðslu hófst með verkefninu Bændur græða landið árið 1990 en það verkefni snýst um endurheimt vistkerfa á heimalöndum. Verkefnið felur, að sögn Gústavs, í sér stuðning, bæði í formi ráðgjafar og styrkja, við landeigendur til að bæta ástand eigin lands. „Þetta verkefni er brautryðjendaverkefni þegar kemur að samstarfi ríkis og bænda um endurheimt vistkerfa og hefur rutt brautina fyrir fleiri verkefni, svo sem Landbótasjóð, Endurheimt votlendis, Varnir gegn landbroti, verkefni sem snúa að landnýtingu, endurheimt birkivistkerfa o.fl.," útskýrir hann.

Mikilvægasta hluta samstarfsverkefnis eins og Bændur græða landið segir hann ef til vill ekki endilega stærð landsins sem er endurheimt, heldur enn frekar tengslin og þekkingin sem hafi orðið til í verkefninu og sé til hagsbóta fyrir allt landgræðslustarf.

„Virkir þátttakendur í Bændur græða landið eru nú um 400 en frá upphafi hafa ríflega 1.200 landeigendur tekið þátt og hver og einn komið með sína þekkingu að borðinu," segir Gústav. Þrátt fyrir að verkefnið sé orðið ríflega þrítugt sé enn eftirspurn og á hverju ári teknir inn nýir þátttakendur, sem segi sitt um hversu vel verkefnið hafi staðist tímans tönn og eigi enn erindi til fólks. Þetta eigi einnig við um önnur samstarfsverkefni stofnunarinnar og megi ætla að hópur samstarfsfólks í gegnum þau sé vel á þriðja þúsund, varlega áætlað.

### *Hundrað þúsund hektarar frá 2017*

Þegar kemur að árangri samstarfsverkefna segir Gústav að fyrst beri að líta til þess að samstarfið sé árangur í sjálfu sér og síður en svo sjálfsagt að það sé jafn gott og raun ber vitni. „Raunar er það svo gott að nú orðið þolir samstarfið í flestum tilfellum að tekist sé á um einstök málefni og fólk sé ekki endilega sammála um leiðir," segir hann. „Það hjálpar í þessu að við erum öll sammála um stefnuna, að bæta ástand lands.

Fyrir þau okkar sem eru hrifin af því að tölusetja árangur þá eru svæðin sem unnið hefur verið á í gegnum Bændur græða landið orðin 37 þúsund hektarar að stærð og alls er stærð svæða sem hefur verið unnið á innan allra samstarfsverkefna með beinum hætti frá árinu 2017 ríflega 100 þúsund hektarar."



Gústav Magnús Ásbjörnsson.

Þó eru verkefni sem Gústav telur að hefðu mátt ganga hraðar fyrir sig. „Á síðustu árum hefur það einna helst átt við verkefni sem tengjast endurheimt votlendis en þar hefur okkur ekki gengið nógu vel að fá landeigendur til liðs við okkur. Það nálgast þó að það sé búið að vinna að endurheimt votlendis á um 900 hekturum frá árinu 2016 þannig að það er allt í rétta átt," segir hann. Gústav telur mikil tækifæri til staðar í endurheimt votlendis þar sem mikið af því landi sem var framræst á sínum tíma sé ekki í neinni notkun og þannig ekkert því til fyrirstöðu að endurheimta votlendið. „Að við stöndum okkur vel í því er eitt mikilvægasta verkefnið í loftslagsmálum auk þess sem það styður við aðrar skuldbindingar okkar Íslendinga, t.d. þegar kemur að vernd líffræðilegrar fjölbreytni," segir hann.

### *Lífrænn áburður til endurheimtar*

Spyrja mætti hvort áherslubreytingar hafi orðið í endurheimtarverkefnum eftir því sem þeim vindur fram. Svarar Gústav því til að alltaf hafi verið þróun innan samstarfsverkefnanna enda væru verkefni eins og Bændur græða landið löngu hætt ef hún hefði ekki verið til staðar. „Við erum alltaf að læra betur og betur hvernig við getum nýtt það sem við erum með í höndunum og á síðustu árum höfum við verið að leggja aukna áherslu á nýtingu lífræns áburðar við endurheimt vistkerfa. Lífrænn áburður hentar mjög vel til endurheimtar og í tilraunum kemur hann jafnvel betur út en tilbúinn áburður. Að jafnaði er notkun á honum bæði ódýrari og með minna kolefnisfótspor en notkun á tilbúnum áburði þannig að það er allt að vinna, ekki síst ef um er að ræða efni sem annars væri fargað með tilheyrandi tapi á næringarefnum," segir hann og heldur áfram:

„Svo eru að koma inn til þess að gera ný verkefni, eins og Endurheimt votlendis og Bonn – Endurheimt birkivistkerfa, sem er mjög spennandi að taka þátt í að þróa áfram. Hvort tveggja hefur verið viðfangsefni í langan tíma en nú er verið að leggja aukna áherslu á þau, sem er mjög brýnt, ekki síst í ljósi þess hve dugleg við höfum verið við að raska þessum vistkerfum.





Uppgræðslur við Bláfell á Biskupstungnaafrétti sem Landgræðslufélag Biskupstungna hefur unnið með stuðningi Landbótasjóðs. Myndirnar teknar 2008 áður en aðgerðir hófust og svo aftur 2019.

Við höfum á síðustu árum lagt aukna áherslu á endurheimt vistkerfa, þ.e. að ná aftur fyrri virkni og gæðum vistkerfa sem hafa tapast. Þetta er auðvitað flókið viðfangsefni í breytilegu umhverfi en það er alþjóðleg sátt um þessa nálgun. Í þessu samhengi erum við að taka upp viðurkennt verklag sem kennt er við SER (e. Society for Ecological Restoration). Í því er lögð mikil áhersla á samstarf við hagaðila, áætlanagerð og árangursmat og tækifæri fólgin í innleiðingu þess. Það er brýnt að horfa stöðugt í kringum okkur eftir þekkingu sem getur nýst okkur við að ná meiri árangri, annars stöðnum við.

Manni finnst alltaf ganga best þegar ný verkefni komast af stað. Það hefur í heildina gengið mjög vel að fá fólk til samstarfs um hin ýmsu verkefni og maður finnur fyrir auknum vilja fólks og fyrirtækja til að leggja þekkingu og fjármagn í endurheimt vistkerfa. Þetta er meðbyr sem er mjög gott að finna og bendir til að við höfum verið á góðri leið hingað til," segir hann jafnframt.

### *Hugmyndir að verkefnum*

En skyldu endurheimtarverkefnin eiga sér lokapunkt? Gústav svarar því sem svo að lokamarkmið allrar endurheimtar sé að hún verði óþörf, þ.e. að allt land sé í sínu besta mögulega ástandi. „Ég væri alveg til í að leita mér að nýrri vinnu ef það væri ástæðan!" hnýtir hann við. Hjá Landi og skógi starfar nú 21 sérfræðingur á sviði endurheimtar vistkerfa, með starfsstöðvar í Gunnarsholti, Reykjavík, Hvanneyri, Sauðárkróki og Ásbyrgi.

Nú styttist í vorið og er úthlutun styrkja í samstarfsverkefnunum ýmist lokið eða á lokametrunum. „Þá tekur við ráðgjöf til bænda og landeigenda auk þess sem við erum alltaf með augun opin gagnvart nýjum verkefnum og fólk er velkomið til okkar með hugmyndir," segir Gústav að endingu.



# Sterkari vagnar

H. HAUKSSON EHF.













Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá fræjum til afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

## Byggðastofnun:

# Íbúum utan borgarinnar fjölgar

**Yfirlit yfir þróun byggðar hérlendis er eitt verkefna Byggðastofnunar, en nýverið var gefin út mannfjöldaspá 2023–2074 á sveitarfélagagrunni.**

Þetta er í fjórða skipti sem stofnunin gefur út slíka spá, unna úr opinberum gögnum Hagstofu Íslands, en mannfjöldaþróun og aldurssamsetning íbúa eru dæmi um þætti sem Byggðastofnun hefur litið til við greiningu á búsetuskilyrðum og því rannsóknir á borð við mannfjöldaspána hluti þess sem litið er til þegar um framtíðarhorfur byggðarlaga er að ræða.


Sigurður Árnason.

Byggir spáin á að „fram haldi sem horfir“ þ.e. að að þróunin verði áfram með sambærilegum hætti að teknu tilliti til mismunandi lýðfræði eftir svæðum. Það þýðir að spáin sér ekki fyrir breytingar á borð við náttúruhamfarir, samgöngubætur eða jákvæðar / neikvæðar breytingar í atvinnulífi.

Samkvæmt Sigurði Árnasyni, sérfræðingi á þróunarsviði Byggðastofnunar lítur út fyrir að Íslendingum fjölgi um rétt tæp 45% næstu fimmtíu ár, eða úr rúmlega 380 þúsund í um 550 þúsund.

Sigurður segir íbúafjölda utan höfuðborgarsvæðisins fara vaxandi nema á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en samkvæmt útreikningum er talið að þar verði um fólksfækkun að ræða. Reikna þurfi þó með því að óvissumörk séu nokkur og meiri eftir því sem líður á spátímabilið. Teljast þar inn í dánar- og fæðingartíðni auk þess sem sérstaklega er erfitt að spá fyrir um búferlaflutninga eins og þróun undanfarinna ára hefur sýnt.

Íbúaþróun ræðst helst af framvindu afkomu innan hefðbundinna samfélaga landbúnaðar- og sjávarútvegs og framþróun atvinnulífs almennt með tilliti til fjarvinnu.

„Íbúaþróun ræðst víða af afkomu í landbúnaði og sjávarútvegi en ekki síður af því hvernig til tekst með framþróun atvinnulífs almennt. Búsetuval mun líklegast ráðast af fjölbreyttum búsetugæðum á hverju svæði og hvernig þau uppfylla þarfir einstaklingsins. Þannig verði atvinna nauðsynleg en ekki endilega nægjanleg forsenda búsetu.“

Í gildandi byggðaáætlun Byggðastofnunar 2022–2036 er aðgerðinni *Óstaðbundin störf* ætlað að styðja við uppbyggingu vinnustaðaklasa um landið, sem framhald af aðgerðinni *Störf án staðsetningar* sem hafði það að markmiði að a.m.k. 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra yrði óháð staðsetningu nú í ár.

Má gögn um óstaðbundin störf finna á mælaborði heimasíðu Byggðastofnunar, auk mannfjöldaspárinnar, sem gerð var af Einari E. Hreinssyni, landfræðingi og fyrrum starfsmanni Byggðastofnunar. */sp*

**Bændablaðið kemur næst út 21. mars**


Anna Guðrún Torfadóttir stödd í fjárhúsinu hjá vinum sínum á Eystra-Miðfelli innan um sauðféð en hún er að gera áhugavert verkefni um litbrigðafjölda í sauðfé í Lundarreykjadal í Borgarfirði. Mynd/Aðsend

## Lundarreykjadalur:

# Kannar litbrigðafjölda í sauðfé

**Nýlega veitti Uppbyggingarsjóður Vesturlands styrki til 75 verkefna. Eitt af þeim er verkefni Önnu Guðrúnar Torfadóttur, sem ætlar sér að kanna litbrigðafjölda í sauðfé í Lundarreykjadal.**

Anna Guðrún býr í Melahverfi í Hvalfjarðarsveit ásamt Gunnari J. Straumland, eiginmanni sínum, kettinum Loga og fimm landnámshænum. Hjónin kláruðu á sínum tíma nám í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og eru starfandi myndlistarmenn.

### *Litaafbrigði fyrir myndlist og ljóðlist*

Þegar Anna er spurð um verkefnið segi hún að þau hjónin séu í Kvæðamannafélaginu Snorra í Reykholti og þar hafi þau kynnst Óskari Halldórssyni, bónda á Krossi í Lundareykjadal. Óskar hefur það áhugamál að rækta alla liti íslensku sauðkindarinnar en hjá honum má finna öll litbrigði, nema eitt.

„Mér datt í hug að það gæti verið áhugavert að nota litarafbrigði og litamynstur, sem vettvang fyrir myndlist og ljóðlist. Þar sem Gunnar er skáld ætlar hann að yrkja vísur um litina og jafnvel gæti ljóðabók orðið til,“ segir Anna Guðrún. Hún segir að til séu rannsóknarskýrslur og ritgerðir fræðafólks um litarafbrigði íslensku sauðkindarinnar en það sé ekki fyrir hvern sem er að muna allar samsetningarnar og litbrigði. Þá sé gott að geta notið góðs af BA-ritgerð Sigurborgar Hönnu Sigurðardóttur sem staðreyndagrunn fyrir viðfangsefnið, en hún styðst við litaheiti dr. Stefáns Aðalsteinssonar.

### *Hliðstæð litarafbrigðum hunda og hesta*

Þegar Anna Guðrún er spurð um tilgang og markmið verkefnisins er hún fljót til svars. „Að vekja áhuga á nöfnunum á litafjölbreytninni, öllum orðunum sem fáir nota almennt en eru hliðstæður nafna á litarafbrigðum hunda og hesta.

Ég tel að við framsetningu okkar á þeim auðuga arfi, sem litarafbrigði íslensks sauðfjár er, þá sérstaklega litarafbrigði sauðfjár sem finna má í tilteknum borgfirskum dal, komi til með að vekja áhuga á mikilvægum þætti menningar og atvinnusögu Vesturlands,“ segir hún.

### *Mismunandi gerðir af tvílitum 32*

Sauðalitirnir skiptast í þrjá flokka, tegundir lita, litamynstur og tvíliti. Litirnir eru hvítur, gulur, rauðgulur, svartur, úlfgrár og mórauður og svo eru sex litamynstur og hafa litamynstrin áhrif á litina.

„Það eru til 32 mismunandi gerðir af tvílitum þar sem hver gerð hefur sitt sérstaka heiti. Ég held að menningarlegt og samfélagslegt gildi verkefnisins hjá mér sé ótvírætt. Hér verður bætt myndarlega við það menningarefni sem á boðstólum er fyrir Vestlendinga og einnig má ætla að sérstaklega íslenskir ferðamenn, sem á Vesturland koma, muni þykja þetta vera góð viðbót við það menningarefni sem í héraðinu má njóta. Til þess að list geti haft erindi út fyrir sjálfa sig er grundvallaratriði að hún hafi sterkar þjóðlegar rætur. Þjóðleg jarðtenging, tengsl við hið sérstaka og sértæka í menningu okkar, er oft fjörefni fyrir frumlega og nýstárlega listsköpun,“ segir Anna Guðrún.

Þetta var tíunda árið sem Uppbyggingarsjóður Vesturlands úthlutar styrkjum og var heildarupphæð styrkja 46,4 milljónir króna.

Veittir eru styrkir til annars vegar menningarverkefna og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefna, en sjóðurinn er hluti af Sóknaráætlun Vesturlands. */mhh*




## Sauðfjárrækt:

# Fagfundur og afmælisráðstefna

**Fagfundur sauðfjárræktarinnar verður haldinn dagana 21. og 22. mars, í Ásgarði (Ársal) á Hvanneyri.**

Landbúnaðarháskóli Íslands efnir til veglegrar afmælisráðstefnu í tilefni 80 ára afmælis Tilraunabúsins á Hesti um kvöldið þann 21. mars.

Fagfundurinn hefst klukkan tíu og stendur til 17. Í erindum þar verður greint frá niðurstöðum ýmissa rannsókna- og þróunarverkefna í sauðfjárrækt, meðal annars tengd riðu, fóðrun og meðferð, forystufé, sjúkdómum og kjötgæðum auk verðlaunaveitinga fagráðsins.

Afmælisráðstefnan hefst á Hesti klukkan 18, með erindum sem rekja sögu búsins, fyrstu tilraunirnar, þýðingu búsins fyrir ráðgjöf í íslenskri sauðfjárrækt ásamt umfjöllun um starfsemina í dag. Að þessum erindum loknum verða veitingar og sögustund í fjárhúsunum.

Á föstudeginum verður afmælisráðstefnunni fram haldið og hefst dagskrá klukkan níu í Ásgarði (Ársal) og mun fyrri hluti hennar ganga út á að rifja upp og skýra áhrifin af starfsemi Tilraunabúsins á Hesti síðustu 80 árin.

Erindin munu fjalla um ræktun Hestfjárins, skipulag afkvæmarannsókna, stakerfðavísa, frjósemi og sæðingar, holdastigun, fóðurtilraunir á húsi, fjölbreyttar beitarrannsóknir, rúning, litaerfðir og ullarrannsóknir, rannsóknir á vexti, þroska og skrokkeiginleikum.

Í seinni hluta dagskrárinnar er horft til framtíðar varðandi áherslur á komandi áratugum, hvernig búið og sú starfsemi LbhÍ og samstarfsaðila sem tengist sauðfjárrækt getur nýst greininni sem allra best. Meðal annars verða ræddar nýjar aðferðir og áherslur í kynbótum, erfðarannsóknum, fóðrun, meðferð og bútækni.

Áformað er að dagskránni ljúki á hátíðlegum nótum með afmæliskaffi, stuttum ávörpum gesta og formlegum ráðstefnuslitum nálægt 17. Bæði fagfundinum á fimmtudeginum og afmælisráðstefnunni á föstudeginum verður streymt og verður það kynnt nánar þegar nær dregur. */smh*

# Fagfundur sauðfjárræktarinnar 2024

Ásgarður á Hvanneyri 21. mars klukkan 10-17

**Haldið á vegum Fagráðs í sauðfjárrækt**

## Dagskrá

Frá fagráði - Sigurborg Hanna Sigurðardóttir
Um frjósemi og fóðrun sauðfjár - Eyþór Einarsson
Áhrif þroskastigs og holda á lífþunga - skilgreining á staðalþunga íslenskra áa - Jóhannes Sveinbjörnsson
**Hlé**
Ræktun gegn riðu - Eyþór Einarsson
Riðukynbótamat - Jón Hjalti Eiríksson
Gerð landsáætlunar um útrýmingu riðu - Sigurborg Daðadóttir
**Umræður**
**Hádegishlé**
Forystufé - skráning og uppfærsla í Fjárvís - Árni B. Bragason
Leit að erfðaþáttum bógkreppu - staða verkefnis - Sæmundur Sveinsson og Charlotta Oddsdóttir
Slefsýki er ekki alltaf slefsýki - fyrstu niðurstöður rannsóknar á Keldum vorið 2023 - Charlotta Oddsdóttir
Lungnavandamál - Kregða - sökudólgur? - Björn Steinbjörnsson
Umræður
Verðlaunaafhendingar
**Hlé**
Kjötgæði - Nýting og efnainnihald - Óli Þór Hilmarsson
Kjötgæði - Stress í sláturlömbum - Guðjón Þorkelsson
Ræktun fyrir hæfilegri fitu á lambakjöti - Jón Hjalti Eiríksson og Anna Guðrún Þórðardóttir
Þróun EUROP matsins í Noregi - Einar Kári Magnússon
Hvernig nýtast matsflokkarnir og hvað er hagkvæmast m.t.t. eftirspurnar og kostnaðar - Steinþór Skúlason
**Umræður**
**Lok fagfundar**

80 ára afmælisráðstefna Tilraunabúsins á Hesti tekur við

# 80 ára afmælisráðstefna Tilraunabúsins á Hesti

21. - 22. mars 2024

**Dagskrá á Hesti fimmtudagskvöldið 21. mars - hefst kl. 18:00 - fundarstjórn Gísli Einarsson**

Ágrip af sögu Tilraunabúsins á Hesti - Sigurgeir Þorgeirsson
Tilraunir fyrir fjárskiptin - Jón Viðar Jónmundsson
Þýðing starfsins á Hesti fyrir ráðgjafaþjónustuna - Ari Teitsson
Búreksturinn og starfsemin á Hesti í dag- Eyjólfur K. Örnólfsson og Logi Sigurðsson
Farið um húsin á Hesti, veitingar og skemmtun. Sögustund. Fyrrum starfsmenn sérstaklega hvattir til að rifja upp gamla tíma.

**Dagskrá í Ásgarði á Hvanneyri (Ársal) föstudaginn 22. mars kl .09:00 -17:00**

Fundarsetning – Ragnheiður Þórarinsdóttir rektor Lbhí
Fundarstjórn - Fyrir hádegi: Sveinbjörn Eyjólfsson Eftir hádegi: Bjarni Guðmundsson

**Rannsóknastarfið á Hesti og áhrif þess á þróun sauðfjárræktar í landinu síðustu 80 árin**

Fjárskiptaféð á Hesti, ræktun þess, ættfeður og dreifing – Jón Hjalti Eiríksson og Jón Viðar Jónmundsson
Skipulag afkvæmarannsókna, tilraunir Halldórs Pálssonar og Stefáns Aðalsteinssonar – Jón Viðar Jónmundsson
Helstu fóðurtilraunir á húsi – Jóhannes Sveinbjörnsson
Frjósemi og sæðingar – Ólafur R. Dýrmundsson
Holdastigun – Bragi L. Ólafsson
Vor- og sumarbeitartilraunir – Ólafur R. Dýrmundsson
Síðsumar- og haustbeitartilraunir – Jóhannes Sveinbjörnsson og Emma Eyþórsdóttir
Rúningur, litaerfðir, ullarrannsóknir- Emma Eyþórsdóttir
**Hádegishlé**
Rannsóknir á vexti, þroska og skrokkeiginleikum – Sigurgeir Þorgeirsson
Nokkrir stakerfðavísar hjá íslensku sauðfé – Jón Viðar Jónmundsson og Emma Eyþórsdóttir

**Horft til framtíðar – áherslur í ræktun og rannsóknum á komandi áratugum**

Fóðrun og meðferð, framleiðslukerfi, iðragerjun –Jóhannes Sveinbjörnsson
Kynbætur til framtíðar – Eyþór Einarsson
Erfðarannsóknir til framtíðar – Jón Hjalti Eiríksson
Nýting Hestbúsins til rannsókna og kennslu – Eyjólfur K. Örnólfsson og Logi Sigurðsson
**Dagskrárlok - afmæliskaffi og ávörp gesta – ráðstefnuslit**



Brynjar Þór Vigfússon, formaður deildar geitfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, og Guðrún Lilja Dam Guðrúnardóttir eru með 90 kindur og 19 geitur í Gilhaga í Öxarfirði. Að auki reka þau ullarvinnslu á bænum og eru að endurbæta Gestastofu sína. Myndir / Aðsendar

## Öxarfjörður:

# Geitamjólkurvinnsla í Gilhaga

**Brynjar Þór Vigfússon, sem nýlega var endurkjörinn formaður deildar geitfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, rekur 90 kinda sauðfjárbú og 19 geita geitabú í Gilhaga í Öxarfirði, ásamt konu sinni, Guðrúnu Lilju Dam Guðrúnardóttur.**

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Brynjar og Guðrún fluttu í Gilhaga árið 2018 og keyptu jörðina ári síðar af afa Brynjars og endurvöktu þau sauðfjárbúskap á bænum sem hafði verið aflagður árið 1997. Þau fengu kindur frá nágrannabæjum og nokkrar sem áttu ættir í fyrri ræktun í Gilhaga.

„Síðan hefur fjölgað hjá okkur hægt og sígandi – bara eftir því sem hefur hentað okkur fjárhagslega,“ segir Brynjar. „Í raun vorum við í fjármögnunarferli fyrir ullarvinnsluna okkar á sama tíma og við keyptum jörðina. Fyrstu fjórar geiturnar komu svo á öðru ári okkar hér,“ heldur Brynjar áfram.






Huðnurnar á bænum eru 15 og skila ekki miklum mjólkur- og fiðuafurðum, en afurðirnar eru eftirsóttar og verðmætar á landsvísu.

> Það er talsvert af ferðafólki á sumrin sem leggur lykkju á leið sína um Norðausturland og kemur til okkar. Það er meiningin að efla Gestastofuna á næstu mánuðum ...“

### *Kynntust í húsgagnasmíðinni*

Þau höfðu enga beina reynslu af búrekstri áður en þau tóku við Gilhaga. Bjuggu á Húsavík, Brynjar húsa- og húsgagnasmiður og Guðrún húsgagnasmiður – en þau kynntust einmitt í því námi. „Móðurfjölskylda mín stundaði sauðfjárrækt og maður kynntist verkunum þar en svo er fjölskylda Guðrúnar í ferðaþjónustu og hún kemur með þann hluta inn í okkar búskap hér í Gilhaga. Við erum alltaf að þróa betur Gestastofuna hjá okkur, þar sem við höfum smá aðstöðu til að taka á móti ferðafólki.“

UIllarvinnsla er rekin í Gilhaga og var sett upp í byrjun árs 2020, rétt fyrir heimsfaraldur. Spurður að því hvort vinnslan hafi verið sett upp til að svara umfram eftirspurn Uppspuna, smáspunaverksmiðjunnar sem var sett upp á Suðurlandi nokkru áður, segir hann að í raun hafi þau fundið frekar fyrir eftirspurn eftir bandi með stutt framleiðsluspor.

„Það skýrist kannski aðallega af því að við erum í þessu lokaða líflambasöluhólfi og því ekki hægt að flytja ull hingað frá öðrum hólfum til að vinna úr. Við erum þess vegna aðallega að vinna í okkar eigin vörum og vörumerki, en svo getum við framleitt fyrir áhugasama á okkar svæði.

Við framleiðum og seljum tvær tegundir af okkar eigin prjónabandi, sem heitir Ærbandið, og hentar í venjulegar íslenskar ullarpeysur og hefðbundið prjón og eingöngu unnið úr ærull. Svo fínna band úr lambsull sem hentar til dæmis í vettlinga, sjöl eða barnaflíkur. Svo erum við með smáræði af tilbúnum prjónavörum. Það dreifist á milli nokkurra að prjóna fyrir okkur, en aðallega má segja að það sé fjölskyldan og svo höfum við fengið prjónafólk á nágrannabæjum til að prjóna fyrir okkur.

Við vildum geta verið með meira framboð af prjónavörum, aðallega til að eiga fyrir ferðamenn, en það er tímafrekt að framleiða góðar prjónavörur og einnig viljum við hafa það helst framleitt heima í héraði. Við seljum þetta bæði hér hjá okkur á Gestastofunni og í vefverslun, en einnig eru 13 sölustaðir vítt og breitt um landið með bandið okkar.“

### *Ull af forystufé*

Brynjar segir að nokkuð blómlegt ræktunarstarf sé á svæðinu með forystufé. „Bæði er hér góður hópur bænda með forystufé, svo er Forystufjársetrið rekið á Svalbarði í Þistilfirðinum – og við vinnum ullina af forystufé fyrir setrið sem fengin er héðan af okkar svæði.

Prjónaband og aðrar ullarvörur úr forystufé eru svo seldar í gegnum


Í vetur hefur verið unnið að tilraunaostagerð í Gilhaga, úr geita- og sauðamólk. Chevre, feta og Halloumi.



Tvenns konar prjónaband er framleitt í Gilhaga, venjulegt peysuband sem er eingöngu unnið úr ærull og svo fínna band úr lambsull sem hentar til dæmis í vettlinga, sjöl eða barnaflíkur. Svo er smáræði af tilbúnum prjónavörum.

setrið. Þetta er því lítið sem við erum að þjónusta aðra með og við eigum því mikið inni varðandi afkastagetu Ullarvinnslunnar, en vélbúnaðurinn er sá sami og er í Uppspuna.

Það er talsvert af ferðafólki á sumrin sem leggur lykkju á leið sína um Norðausturland og kemur til okkar. Það er meiningin að efla Gestastofuna á næstu mánuðum og við stefnum að því núna í vor að bæta þar við litlu eldhúsi, þar sem boðið verður upp á létta hressingu fyrir gesti okkar, þar sem matur yrði að mestu framreiddur úr okkar eigin framleiðslu og nágrannabæjum okkar.

Við fengum einmitt styrk úr Matvælasjóði síðasta vor til að þróa og prófa uppskriftir úr bæði geita- og sauðamjólk. Við höfum verið í undirbúningi í vetur og ef allt gengur eftir getum við bætt heimavinnsluaðstöðu við eldhúsið og farið að vinna úr afurðunum heima á bæ.“

### *Eftirspurn eftir vörum beint frá býli*

„Við prófuðum sauða- og geitamjaltir síðasta haust í einn mánuð og höfum svo gert svolitlar tilraunir í mjólkurvinnslu í vetur,“ segir Brynjar og telur að þetta hafi komið það vel út að þau stefni hiklaust á að komta mjöltunum fyrir í dagskránni yfir sumartímann og vinna svo úr henni inn í haustmánuði. „Ærnar voru reyndar ekki allar jafnviljugar að láta mjólka sig og geiturnar, en um 20 gæfar ær voru þó orðnar spenntar eftir um 10 daga og mjólkuðu vel.

Það furða sig margir erlendir ferðamenn á því að við séum ekki í dag að mjólka og framleiða mjólkurvörur heima á bæ – og við erum í raun sammála því að þannig vinnsla fer vel með öðrum þáttum búrekstrarins. Ferðamenn sækja mjög í að kaupa svona vörur beint frá býli – og maður heyrir það hjá öðrum sem stunda þetta að það er mun meiri eftirspurn eftir þessum vörum en framboð.“

### *Litlar afurðir úr geitamjöltunum*

„Geitamjaltirnar eru síðan miklu umfangsminni og ekki hægt að búast við miklum afurðum. Við náum mögulega upp í einn lítra á dag úr hverri huðnu sem þýðir að vinnanlegt magn er ekki mikið á dag. Við höfum prófað okkur mest áfram í ferskostagerð en líka jógúrt og ís. Þetta kom vel út þannig að við erum bara spennt fyrir framhaldinu,“ segir Brynjar og á helst von á ostaframleiðslu úr sauðamjólkinni.

Varðandi vinnslu á geitafiðunni, sem þykir einstakt hráefni í prjónavörur, segir Brynjar að til þessa hafi þau eingöngu safnað henni og bíða þess að eiga nóg af henni til að geta farið að nýta hana.

Það er svo lítið að hafa af þessum 15 huðnum okkar, kannski 150 grömm af hverri þeirra á ári og af því ekki allt nýtilegt, þar sem þó nokkuð er um strý eða grófa þræði í fiðunni. Þetta smám saman mjakast upp í nægilegt magn en við verðum að bíða aðeins lengur eftir því að geta farið að prófa okkur áfram með hana.“

### *Tímafrekt að kemba og safna fiðu*

„Hérna á svæðinu eru tvö önnur stærri geitabú, en þar hefur fiðan ekki verið kembd í miklu magni svo ég viti. Sú vinna er bæði tímafrek og seinleg og hentar því ekki öllum. Það þarf stundum að kemba þrisvar til fjórum sinnum til að ná allri fiðu.

Auðvitað er lítið upp úr svona litlu magni að hafa annað en ánægjuna, þótt vissulega sé þetta gott og verðmætt hráefni, en til þess þarf að fullvinna það með ærnum tilkostnaði líka,“ segir Brynjar. Hann segir að þau Guðrún séu bjartsýn á framtíðina í Gilhaga. „Möguleikarnir eru fyrir hendi til að við getum vaxið á þeim hraða sem hentar okkur, með því að stækka búhjarðirnar sem gæfi okkur meiri möguleika á úrvinnslu úr okkar hráefni og framleiðslu á eigin vörum; ull, fiðu, mjólkur- og öðrum matvörum fyrir Gestastofuna.“

> Geitamjaltirnar eru síðan miklu umfangsminni og ekki hægt að búast við miklum afurðum. Við náum mögulega upp í einn lítra á dag úr hverri huðnu ...“

Fagráðstefna skógræktar 2024

**Skógarauðlindin – innviðir og skipulag**

Land og skógur
Landbúnaðarháskóli Íslands
Skógfræðingafélag Íslands
Skógræktarfélag Íslands
Bændasamtök Íslands

Skráning stendur nú yfir á Fagráðstefnu skógræktar sem haldin verður í **Hofi á Akureyri 20.-21. mars**. Fyrri daginn verða flutt erindi um þema ráðstefnunnar sem er skógarauðlindin – innviðir og skipulag. Skoðunarferð verður í Sólskóga Kjarnaskógi. Seinni daginn verða erindi um ýmis efni sem varða skóga, skógrækt og skyld efni.

Fagráðstefna skógræktar er haldin í samstarfi Lands og skógar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarfélags Íslands, Skógfræðingafélags Íslands og Bændasamtaka Íslands.

Eyðublað til skráningar má finna á **landogskogur.is**. Skráningu lýkur **12. mars!**

**Dagskrárefni miðvikudaginn 20. mars**

Hver og hvar er skógarauðlindin? – Hver er hagræn staða hennar?
Gildi skógarumhirðu – Aðgengi skóga og innviðir
Skattaívilnanir í skógrækt – Sjálfbær auðlindastýring
Áskoranir í skipulagsmálum – Gildi umhverfis og skóga fyrir nám komandi kynslóða

**Dagskrárefni fimmtudaginn 21. mars**

Áskoranir í timburflutningum á Íslandi – Þarf að bjarga blæöspinni?
Endurskinshæfni ólíkra gróðurlenda – Ásókn asparglyttu
Möguleikar og áskoranir við ræktun deglis – Seigla skóga og skógræktar – Gróðureldar og lífmassi trjáa – Skógarnytjar án gjörfellingar – Kolefnisbinding skógargerða – Áhrif skógræktar og áburðargjafar á losun eða bindingu metans og nituroxíðs í jarðvegi

Aðal styrktaraðilar:
MHG verslun
Skógarafurðir
Garðheimar
VORVERK.IS

Fagráðstefna 20. -21. mars



# Áttatíu milljarða útflutnings-tekjur Grindvíkinga í húfi

**Gunnar Tómasson er framkvæmdastjóri Þorbjarnar hf. í Grindavík en Þorbjörn er eitt af stærri fyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi.**


SIgurgeir Brynjar Kristgeirsson.

Hann er Grindvíkingur í húð og hár, dyggur lesandi Bændablaðsins, alinn upp í sjávarútvegi og björgunarsveitunum og tók þátt í björgunarstarfi í eldgosinu í Eyjum. Hann var forseti Slysavarnarfélags Íslands þegar landssamtökin sameinuðust Hjálparsveitum skáta og Flugbjörgunarsveitinni árið 1999 undir merkjum Landsbjargar og sat um tíu ára skeið í Almannavarnaráði. Hann hefur því víðtæka þekkingu og reynslu og við fengum hann til að segja okkur frá sinni sýn á stöðuna.

*Saga og áhrif eldsumbrota á Reykjanesi*

Eldsumbrotin á Reykjanesi, sem hófust með túristaeldgosi í Fagradalsfjalli þann 19. mars 2021, hafa nú tekið aðra stefnu. Á vísindavefnum segir að á síðustu 3.500 árum hafi þrjú gosskeið, sem stóðu í 400–500 ár, gengið yfir svæðið með 600–800 ára goshléum. Enginn veit með vissu hvernig þessi eldsumbrot munu haga sér, færast um svæðið eða hvenær þeim lýkur.

Öllum eru ljósar afleiðingar á íbúa Grindavíkur. Þeir hafa þurft að yfirgefa heimili sín og lifað í von og ótta um hvort þau geti snúið aftur eða þurft að yfirgefa samfélag sitt fyrir fullt og allt. „Menn komast ekki í bumbuboltann sinn, hittast ekki á samkomustöðum sínum í smá sögur eða kíkja í heimsókn til fjölskyldu og ættingja á leiðinni heim úr vinnu. Það er horfið og allir sakna þess," sagði einn Grindvíkingur.


Verðmæti bygginga, tækja og búnaðar fyrirtækja sem staðsett eru á hættusvæðinu í og við Grindavík er nokkru meiri en 60 milljarðar króna.

Í nýsamþykktum lögum um aðstoð við Grindvíkinga kemur fram að áætlað virði alls íbúðarhúsnæðis í Grindavík sé um 61 milljarður króna. En hvernig er staða atvinnulífs og fyrirtækja núna og hvernig sjá atvinnurekendur framtíðina?

*Atvinnulífið er undirstaða velferðar*

Flestir, en alls ekki allir, gera sér grein fyrir að atvinnulíf er forsenda búsetu í nútímasamfélagi. Atvinnulífið er uppspretta tekna einstaklinga, sveitarfélaga og ríkissjóðs og þar með velferðar þjóða. Auknar tekjur atvinnulífsins standa undir hærri tekjum allra og öfugt, en það erum við einmitt að upplifa í Grindavík. Íbúarnir hafa flúið, tímabundið að minnsta kosti, atvinnulífið höktir og aflar minni tekna, skatttekjur Grindavíkurbæjar eru í fullkominni óvissu og útgjöld ríkissjóðs aukast.

Í Grindavík eru skráðir 144 lögaðilar, það er að segja fyrirtæki sem stunda atvinnustarfsemi. Þetta eru sjávarútvegsfyrirtæki, ferðaþjónusta, eins og t.d. Bláa Lónið, orku- og dreifingarfyrirtæki sem tengjast Svartsengi, fiskeldisfyrirtæki og ýmis önnur framleiðslu- og þjónustufyrirtæki.

*– En hvernig er það, hefur verið tekið saman yfirlit um verðmæti sem fólgin eru í atvinnulífi Grindavíkur og þá á ég ekki bara við sjávarútvegsins, heldur allrar atvinnustarfseminnar í heild?* „Nei, ég veit ekki hvað þetta er mikið í heildina en ég veit að hjá okkur í Þorbirninum er verðmæti húsa, tækja og búnaðar í Grindavík um 10,5 milljarðar króna. Heildarútflutningsverðmæti allra fyrirtækja í Grindavík er gróflega áætlað um 80 milljarðar króna," segir Gunnar og bætir við: „En hugsaðu þér bara afleiðingarnar af því ef Bláa Lónið yrði fyrir því tjóni að það nýttist ekki lengur. Þá myndum við sjá mun færri ferðamenn koma til landsins sem hefði áhrif á alla ferðaþjónustuna, flugfélög, hótel, veitingastaði, bílaleigur og svo má lengi telja. Þetta myndi hafa gríðarleg áhrif á tekjuöflun þjóðarinnar."

*Gríðarleg verðmæti atvinnuhúsnæðis, tækja og búnaðar*

Með lauslegri skoðun á ársreikningum stærstu fyrirtækjanna sem staðsett eru í Grindavík, þar með talin fyrirtækin í Svartsengi, eru verðmæti bygginga, tækja og búnaðar sem staðsett eru á hættusvæðinu nokkru meiri en 60 milljarðar króna, trúlega nærri 100 milljörðum. Heildarverðmæti íbúða og atvinnutækja eru þá á bilinu 120–160 milljarðar og þá eru


Gunnar Tómasson.

ótaldir innviðir eins og vegir, höfnin, veitukerfi bæjarins, byggingar sveitarfélags og ríkis og fleira. Burtséð frá öllum verðmætum, segir Gunnar að allur tími fari núna í að huga að fyrirtækinu og starfsfólkinu. „Við erum með allt okkar í Grindavík, vinnsluhús, vélar, umbúðir, geymslur og annað sem þarf til fiskvinnslu og útgerðar. En fiskvinnsla og veiðar eru ekki bara tæki og tól. Þekking starfsfólks og stjórnenda á veiðum, framleiðslunni, sölu og markaðssetningu skiptir verulegu máli. Þekking er mjög fljót að tapast ef fyrirtæki sundrast. Við erum með samninga við viðskiptavini um afhendingu afurða sem nú eru allir í óvissu. Við þurfum því að geta komist til Grindavíkur en um leið verðum við að huga að aðstæðum sem náttúran skapar okkur og ekki taka óþarfa áhættu. En þetta er ekki einfalt.

Við verðum að dansa línudans á milli þess að halda starfsemi okkar gangandi og tryggja öryggi allra."

*Ábyrgð atvinnulífsins*

Ábyrgð forsvarsmanna fyrirtækja er mikil og augljós. Eins og í Eyjum forðum þegar forsvarsmenn fyrirtækjanna neituðu að flytja tæki og tól í burtu og hófu síðan starfsemi í óþökk yfirvalda, þá fóru hjól atvinnulífsins að snúast og fólkið að snúa heim. En hér standa Grindvíkingar trúlega í miðjum atburði eða atburðum sem ekki er vitað hvernig þróast.

*– En hvernig sér Gunnar framtíð atvinnulífs í Grindavík?* ,,Til skamms tíma þurfum við að halda áfram starfsemi. Við þurfum að fá að nýta hús og tæki til framleiðslu, við þurfum að fá starfsfólk til vinnslu og helst að fá að vera í Grindavík. Því höfum við verið í viðræðum við Almannavarnir og lögreglustjórann á Suðurnesjum um að fá að hafa ákveðið skipulag á starfsemi okkar í samræmi við þróun þessara atburða. Við þurfum að vita og samræma hvernig við bregðumst við og skipta upp í litakóða eins og jarðfræðingar gera með hættusvæði eldgosa. Á grænu getum við unnið, á gulu erum við í viðbragðsstöðu og á rauðu, þá yfirgefum við svæðið. Við þurfum að þjálfa fólkið í viðbrögðum við hvernig á að yfirgefa ef hættumerki berast.


Hugað er vel að starfsfólki Þorbjarnar en Gunnar segir mikilvægt að halda starfsemi fyrirtækisins gangandi.






„Við verðum að dansa línudans á milli þess að halda starfsemi okkar gangandi og tryggja öryggi allra," segir Gunnar meðal annars.

Þetta yrði allt að tengjast áhættumati sérfræðinga okkar sem hafa staðið sig vel. Þannig viljum við lifa með þessu í þeirri von að atburðirnir hætti eða færi sig annað."

***Eftiráspekin er ekki enn komin***

En lítum til baka til 10. nóvember þegar Grindavík var rýmd í kjölfar kvikuhlaups sem svaraði rennsli tuttugu Þjórsáa undir bænum.

*– Hvað getum við lært af þessari reynslu?* „Ég held að við getum ekki talað un neina eftiráspeki enn þá. Við erum enn stödd í þessum atburði, hvort sem við teljum hvert gos sem einn atburð eða samhangandi sem Reykjaneselda sem standa kannski í 100–300 ár. Er það einn atburður? Það eru svo margar túlkanir í þessu og við náum ekki utan um þetta þar sem enginn hefur gengið í gegnum neitt þessu líkt áður. Við erum enn að átta okkur á þessu öllu saman þannig að í mínum huga er eftiráspekin ekki enn til. Við erum öll að læra," segir Gunnar.

***Víðtækari samhæfingu skortir***

*– En hvernig er það með heimamenn í Grindavík, fá þeir að koma nægjanlega að skipulagningu og ákvörðunum sem teknar eru af stjórnvöldum?* „Ég er á því að bæjaryfirvöld í Grindavík hefðu átt að koma meira að ákvörðunum sem teknar hafa verið. En það er ekki bara það. Ég frétti það fyrir nokkru að Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð, sem var stofnuð 2004 til að samhæfa og samræma aðgerðir allra viðbragðsaðila landsins, bæði opinberra, sjálfboðaliða, þjónustuaðila og fyrirtækja sem að björgunarmálum koma, hefði ekki verið virkjuð þegar almannavarnaástand skapaðist í Grindavík í nóvember síðastliðinn.

En svo allt í einu í þessu almannavarnaástandi sem virkilega krefst samræmingar á aðgerðum þá er Björgunarmiðstöðin ekki nýtt. Við verðum að virkja Björgunarmiðstöðina, þennan lærdóm verðum við að draga af atburðum síðustu vikna. Inn í þessa samræmingarmiðstöð hefði stjórn bæjarfélagsins átt að koma og þannig yrði verkefnum deilt og þannig yrðu allir viðbragðsaðilar upplýstir jafnóðum um það sem væri að gerast í gegnum samræmingarmiðstöðina. Björgunarmiðstöðin ætti líka að annast reglubundnar upplýsingar og halda upplýsingafundi fyrir almenning. Það myndi létta verulega á fámennu liði Almannavarna og lögreglu," segir Gunnar.

Hafa ber í huga að viðtalið var tekið í lok febrúar og þá var svipuð kvika komin í kvikuhólfið undir Svartsengi og fyrir síðasta gos. Viku seinna, þegar blaðið kemur út, getur því margt hafa gerst. Það lýsir vel því óvissuástandi sem atvinnurekendur í Grindavík búa við.

*Höfundur er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.*

*(Þáverandi forsvarsmenn hennar neituðu að flytja vélar félagsins upp á land í gosinu sem hófst 23. janúar 1973 og hófu síðan bræðslu í fiskimjölsverksmiðjunni þann 16. febrúar, þrem vikum eftir að gosið hófst.)*


# ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMBOOST og FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



**FLORYBOOST**

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.
**Verndar þarmana** – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni.
**Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans** – Natríumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt.
**Eykur orku** – Dextrósi.
**Styrkir erta slímhúð** – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, tímótei og thymol.

**LAMBOOST**

Lamboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.
**Heilbrigð þarmaflóra** – Mjólkursýrugerlar.
**Eflir ónæmiskerfið** – Broddur.
**Örvandi** – Jurtakraftur (kóla, gúarana).
**Eykur líkamlegan styrk** – Flókin samsetning vítamína og járns.
**Eykur orku** – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þríglyseríðar.

*Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is.*





# Deildafundir KVH 2024

KVH

**Aðalfundir deilda Kaupfélags Vestur-Húnvetninga verða haldnir sem hér segir:**

Aðalfundur Þorkelshólshreppsdeildar verður haldinn í **Dæli, mánudaginn 18. mars kl. 20:00.**

Aðalfundur Hrúta- og Miðfjarðardeilda verður haldinn sameiginlega **í Félagsheimilinu Ásbyrgi þriðjudaginn 19. mars kl. 20:00.**

Aðalfundur Hvammstangahreppsdeildar og Þverár- og Kirkjuhvammsdeildar verður haldinn sameiginlega **í Félagsheimilinu Hvammstanga, miðvikudaginn 20. mars kl. 20:00.**

**Dagskrá:**
**1. Venjuleg aðalfundarstörf deilda**
**2. Önnur mál**

Aðalfundur Kaupfélags Vestur-Húnvetninga svf.
Verður haldinn **í Félagsheimilinu Hvammstanga þriðjudaginn 09.apríl kl.20.00.**
**Dagskrá fundarins mun birtast inná heimasíðu KVH www.kvh.is í byrjun apríl.**

Allir hjartanlega velkomnir

**Kaupfélag Vestur Húnvetninga**



SEGWAY

Ferða- og vinnutæki **til afgreiðslu strax**

**Snarler AT5L**
**499cc tveggja manna fjórhjól, 39 hestöfl.**
Fjórhjóladrif, læsanleg mismunadrif fr. og aft., rafmagnsstýri, 25" dekk, 12" álfelgur, spil og dráttarkúla.
**1.449.000 m/vsk.**

**Snarler AT6L**
**570cc tveggja manna fjórhjól, 44 hestöfl.**
Fjórhjóladrif, læsanleg mismunadrif fr. og aft., rafmagnsstýri, 26" dekk, 14" beadlock, spil og dráttarkúla.
**1.799.000 m/vsk.**

**Fugleman UT10X**
**1.000cc vinnubuggy með sturtupalli, 105 hestöfl.**
Fjórhjóladrif, rafmagnsstýri, stór skjár með GPS, 27" dekk, 14" beadlock, spil og dráttarkúla.
**3.299.000 m/vsk.**







**hesja.is | hesja@hesja.is | Kópavogur: 546-0415 | Akureyri: 415-6415**

HESJA

# Jarðrækt og þróun – Sproti og Sproti+

**Nú í áburðaráætlanagerðinni hafa vonandi flestir bændur jarðvegs- og/eða heysýni til að styðjast við þegar áburðarþarfir eru áætlaðar á sérhverja spildu, að teknu tilliti til uppskeruvæntinga og í hvaða gripi fóðrið er ætlað.**



Þórey Gylfadóttir.

Sumir hafa auk þess efnagreiningar af skítnum sem er mjög mikilvægt þar sem bæði þurrefni og efnainnihald getur verið mjög breytilegt og því augljós kostur að geta notað rauntölur varðandi svo stóran hluta áburðargjafarinnar í stað þess að styðjast við almenn töflugildi.

Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins (RML) hefur nú í nokkur ár boðið upp á ráðgjafarpakka í jarðrækt sem nefnist Sprotinn og áburðaráætlun er almennt síðasta verk hvers Sprotaárs. Stöðug fjölgun hefur verið í þátttöku bænda í Sprotanum enda eru ýmsir kostir sem aðstoð við skráningar á jarðræktarskýrslum í Jörð.is, skil gagna vegna jarðræktarstyrkja og landgreiðslna, viðhald túnkorta og gerð áburðaráætlunar og síðast en ekki síst heimsókn sem gott er að nýta til sýnatöku, skoðun á ræktun eða yfirferð á skráningum.

Á síðasta ári var ákveðið að bjóða upp á Sprota+ sem tengir enn frekar saman jarðræktar- og fóðurráðgjöf einkum fyrir kúabændur. Hugsunin er að ná sem bestri heild í þessum nátengdu þáttum búskaparins í sama pakkanum.

*Sveigjanleiki í takt við fjölbreytileikann*

Mikill breytileiki er í aðstæðum og þörfum búa sem nýta sér ráðgjöf innan Sprota og Sprota+ og ávallt er leitast við að aðlaga þjónustu og ráðgjöf að þörfum hvers og eins og jafnframt fylgja þeim breytingum sem verða á búum þegar þau eru ár eftir ár í Sprotanum. Markmið er alltaf það sama, að veita bændum markvissa ráðgjöf í ræktun með það að leiðarljósi að bæta nýtingu áburðar og hagkvæmni fóðuröflunar. Í Sprota+ er svo næsta skref tekið þar sem fóðrinu er fylgt yfir í afurðirnar með fóðuráætlun og eftirfylgni tengt henni. Rétt er að benda á að auðvelt er að aðlaga ráðgjöf innan Sprotans að útiræktun á grænmeti og nánar má lesa um Sprota og Sprota+ á heimasíðu RML.




Myndin sýnir ræktun í hekturum milli ára af heildarflatarmáli spildna á sérhverju búi. Ræktuninni er skipt upp eftir tegund ræktunar, grass, grænfóðurs og korns. Tölur byggja á skráningum í Jörð og því er samantektin háð nákvæmni þeirra skráninga.




Myndin sýnir áburðarkostnað á kg/þurrefnis í uppskeru á mismunandi bæjum í Sprotanum. Hér eru nýtanleg áburðarefni í búfjáráburði reiknuð til jafns við verðmæti áburðarefna í tilbúnum áburði.

*Gerum betur – saman*

Á síðasta ári voru rúmlega 70 býli sem nýttu sér jarðræktarráðgjöf í gegnum Sprotann og Sprota+.

Eitt af því sem gert er fyrir hvert bú er að reikna og setja fram kostnað vegna áburðarnotkunar miðað við skráða uppskeru, sjá meðfylgjandi mynd. Vert er að benda á að upplýsingarnar byggja á skráningum í Jörð.is og ef villa er í þeim kemur hún fram við alla greiningu.

Því er mjög mikilvægt að vanda alla skráningu til að gögnin gefi sem réttasta mynd og að hægt sé að nýta þau til rýningar og lærdóms. Þegar myndin er skoðuð er áhugavert að sjá mikinn breytileika milli búa. Til viðbótar við uppgjöri á áburðarnotkun á móti uppskeru hefur verið tekið saman fyrir bú í Sprota og Sprota+ endurræktunarhlutfall á hverju búi þar sem má sjá hlutfall endurræktunar síðasta vor af heildar hektarafjölda túna á sérhverjum bæ. Aftur skal tekið fram að gögnin eru unnin upp úr Jörð og því háð skráningum þar. Eins og sést á myndinni þá er einnig mikill breytileiki á milli búa hér líkt og áburðarkostnaðinum. Það er von okkar Sprota-ráðgjafa að þessar samantektir hjálpi til við yfirsýn, markmiðasetningu og bættan árangur í jarðrækt og öflun á gæðafóðri.

Með þátttöku í Sprota og Sprota+ er maður aldrei einn þegar kemur að verkefnum tengt jarðræktinni eða fóðuröflun þar sem alltaf er hægt að leita til síns Sprota-ráðunautar sem hefur á bak við sig öflugt teymi ráðunauta með víðtæka þekkingu.

Þótt áherslurnar séu breytilegar eftir búum og árum þá er markmiðið alltaf að leita nýrra leiða til að gera betur í sinni ræktun á einn eða annan hátt. Flestum finnst líka mikill kostur að fá aðstoð og áminningar þegar kemur að skilum á lögbundnu skýrsluhaldi.

*Höfundur er jarðræktarráðunautur hjá RML*






Mynd 1. Aðskotahlutir sem stungist hafa inn í vegg kepps.

# Seglar í vömbum bjarga lífi kúa



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Allt of margir kúabændur í heiminum láta hjá líða að setja segla í vambir nautgripa, en það er hreint ótrúlegt hvað svona seglar gera mikið gagn enda geta víða leynst bútar af málmum og borist ofan í gripina.**

Greinarhöfundi er ekki kunnugt um hérlenda rannsókn á tíðni þess að aðskotahlutir finnist í meltingarvegi sláturgripa, en það væri fróðlegt að taka slíkt saman. Erlendis hefur þetta oft verið gert og sýna tölur frá t.d. Danish Crown í Danmörku, stærsta sláturleyfishafa nautgripa þar í landi, að járnflísar og aðskotahlutir finnist í tíundu hverri sláturkú og að þær hafi þá einnig verið greindar með langvarandi bólgur í meltingarvegi vegna þessa. Af þessu má leiða líkum að því að ástæða þess að þessar kýr hafi einmitt endað í sláturhúsinu sé vegna þess að þær hafi fóðrast illa vegna þessara aðskotahluta. Þá er talið að þess utan komi til bráðatilfelli sem leiði til dauða vegna aðskotahluta. En hvernig berst járn eða málmur í kýrnar og hvernig má draga úr hættunni á því að þetta valdi skaða? Skoðum það nánar.

*Hvaðan kemur málmurinn?*

Málmar geta borist ofan í nautgripi úr ýmsu því sem er í umhverfinu en nautgripir kjamsa á svo til öllu svo ekki þarf að koma á óvart, ef málmur er í nærumhverfinu, að hann berist ofan í gripi. Dósir, bútar úr girðingum, járnflísar úr fóðurkerfum og færiböndum eru allt þekktir orsakavaldar aðskotahluta sem berast í nautgripi. Erlendis er reynslan þó sú að málmflísarnar megi oftast rekja til dekkja sem eru notuð til að fergja vothey í stæðum.

Afskorin dekk henta mjög vel í það að fergja plastið ofan á stæðunni en hættan er sú að úr þeim berist litlar stálflísar í fóðrið. Bændum er því ráðlagt að vera vakandi yfir gæðum afskorinna dekkja sem eru notuð í svona tilgangi og helst af öllu er mælt með því að hætta dekkjanotkun og nota þess í stað sandfyllta strigapoka sem gera sama gagn eða jafnvel betra en dekkin.

*Festist í keppnum*

Nautgripir flokka ekki fæðuna sem þeir innbyrða og éta því oft aðskotahluti með fóðrinu, gleypa hreinlega í sig það sem fyrir þá er lagt eða er í umhverfinu.

Ef svo illa vill til að málmur berst ofan í meltingarveg nautgrips, þá byrjar hann á því að veltast til í vömbinni en situr sjaldnast þar fastur heldur festist í keppnum og getur stungist í gegnum vegg hans og inn í önnur aðliggjandi líffæri, eins og t.d. lifur, þind eða hjartat. Keppurinn er þannig hannaður að hann á að sía frá grófara hluta fóðursins og hleypa einungis í gegn smáum og vel meltum ögnum. Fyrir vikið komast aðskotahlutirnir ekki lengra niður í meltingarveginn og hjá nautgripum er því ekki um að ræða að slíkir aðskotahlutir skili sér út um „hinn endann", eins og líklega flestir kannast við þegar kemur að svörum lækna ef einhver tvífætlingur hefur óvart sett eitthvað óheppilegt ofan í sig. Slíkt skilar sér sem sagt í gegnum meltingarveginn hjá fólki en ekki nautgripum.Keppurinn stoppar allt slíkt og má sjá á meðfylgjandi mynd hvernig stálvírar hafa hreinlega stungist inn í vegg kepps.

*Forvarnir*

Besta ráðið til að forðast vandamál tengd aðskotahlutum í meltingarvegum nautgripa er auðvitað að



Mynd 2. Dæmi um notaðan vambarsegul úr sláturgrip sem hefur greinilega borgað sig að nota.



Myndir / KvægXperten



Mynd 3. Dæmi um einfaldan vambarsegul.



Mynd 4. Hjálpartækið sem notað er við að setja vambarsegul niður í vömb.

viðhalda góðum vinnubrögðum við fóðrun og fóðurblöndun og með því móti draga úr líkum á því að eitthvað óæskilegt berist inn á fóðurgang.

En til að draga enn frekar úr líkunum á því að það gerist er alltaf mælt með því að ef notaður er fóðurblandari, t.d. heilfóðurblandari, að þá skuli hann útbúinn sterkum segli eða seglum sem þá draga til sín svona málmhluti sem kunna að leynast í fóðrinu.

En ef ekki er notaður fóðurblandari á kúabúinu er í raun eina ráðið, fyrir utan það sem hér að framan er nefnt, að setja vambarsegla ofan í gripina.

### *Vambarseglar*

Notkun vambarsegla, sem eru oftast 30–35 mm í þvermál og um 10 cm langir, er í raun afar ódýr og einföld leið til að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum þess ef aðskotahlutir úr málmi berast niður í nautgripina.

Í Danmörku er verið að selja svona segla frá 200 íslenskum krónum eftir styrk og gæðum svo kostnaðurinn ætti varla að standa í vegi bænda fyrir því að setja segla í gripina. Ef tekst að hjálpa einum grip, þá er kostnaðurinn búinn að margborga sig. Margar erlendar rannsóknir sýna nefnilega fram á ótvíræð jákvæð áhrif þess að nota svona segla og við slátrun gripa, sem í hafa verið settir vambarseglar, hafa oft fundist seglar sem eru þaktir litlum málmflísum eins og sjá má dæmi um á mynd 2.

Danir mæla með því að setja segla einungis í þá gripi sem ætla má að eigi að endast á kúabúinu, þ.a. ekki þá gripi sem almennt er ætlað að slátra eins og t.d. nautum. Þeir mæla með því að vambarseglar séu settir í kvígur þegar þær hafa fengið staðfest fang og ætti hver vambarsegull þá að duga þeim út ævina. Um afar einfalda og sársaukalausa aðgerð er að ræða enda er sérstöku hjálpartæki stungið ofan í gripinn og segullinn losaður beint í vömbina með einu handtaki, sjá nánar á myndum 3 og 4.

Af framansögðu má ljóst vera að það getur skipt sköpum fyrir heilsufar gripa að nota vambarsegla og eru bændur hvattir til þess að nota þá í ásetningsgripi.









# Áhrif fóðrunar á gæði kjöts af íslenskum holdanautum

**Þann 22. febrúar síðastliðinn mátti lesa umfjöllun í Bændablaðinu um verkefnið „Áhrif mismunandi kornskammta á vaxtarhraða holdablendinga“ en að því verkefni standa bændur í Hofstaðaseli, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóli Íslands.**



Eva Margrét Jónudóttir.

Verkefnaheitið er afar lýsandi fyrir tilraunina en í stuttu máli þá hefur 108 holdanautum verið skipt upp í hópa sem fá ýmist 0%, 20% eða 40% korn af heildar þurrefnisáti. Gripirnir eru aldir þar til þeir hafa náð um 620–630 kg en þeir eru allir vigtaðir reglulega. Eftir slátrun liggja þá fyrir upplýsingar um áhrif fóðrunar á vaxtarhraða, sláturaldur og kjötmat.

Tilraunin er afar umfangsmikil og vel skipulögð en niðurstöður hennar munu varpa betra ljósi á hvaða kornhlutfall er æskilegast í eldi til að hámarka vaxtagetu með tilliti til framleiðslukostnaðar.

Vegna fyrrnefndrar tilraunar gafst því einstakt tækifæri til þess að halda áfram eftir slátrunina og meta áhrif fóðrunar á kjötgæði holdablendinga. Við tókum höndum saman hjá Matís, Seli ehf., Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Íslandsnauti, Kjötafurðastöð KS og Landbúnaðarháskóla Íslands og sóttum um styrk til Matvælasjóðs fyrir um ári síðan sem gekk eftir.

Verkefnið „Áhrif fóðrunar á gæði kjöts af íslenskum holdanautum“ á eins og titillinn gefur til kynna að svara því hvaða áhrif mismunandi hlutfall korns af heildarfóðri holdablendinga hefur á kjötgæði, viðhorf og kaupvilja neytenda, þ.e. markaðsstöðu kjötsins í samanburði við kjöt af ungneytum af íslenska kúakyninu.

*Helstu markmið verkefnisins*

- Afla upplýsinga um áhrif kornhlutfalls á nautakjötsgæði og skynræna eiginleika kjöts af holdablendingum.
- Bera saman kjöt af íslenskum nautum og holdablendingum með tilliti til gæðaeiginleika og skynmatsþátta.
- Afla upplýsinga sem nýtast við fóðurráðgjöf til bænda.
- Afla upplýsinga um hvort tilefni sé til sérmerkinga á ákveðnu kjöti sem eykur arðsemi bænda og tryggir gæði til neytenda.
- Bæta markaðsstöðu og samkeppnishæfni nautakjöts af íslenskum holdablendingum.
- Afla upplýsinga um viðhorf neytenda, kaupvilja og geðjun á kjöti af holdablendingum eftir mismunandi fóðurmeðferðum.

*Erfðagreiningar og tilraunaskipulag*

Til þess að byrja með voru tekin lífsýni úr öllum 108 gripum fóðurtilraunarinnar og þau erfðagreind. Til hvers? Jú, það eru ótalmargir þættir sem hafa áhrif á kjötgæði en þegar við erum að einblína á áhrif vegna fóðrunar þá viljum við reyna að útiloka allar aðrar breytur eins mikið og hægt er svo við getum sagt að sé eitthvað að marka niðurstöðurnar. Erfðagreiningarnar eru einn mikilvægur þáttur í ferlinu til þess að reyna að lágmarka breytileika milli hópa af völdum kyns. Íslenskir holdablendingar eru upp til hópa missterkir kokteilar fjögurra kynja, þ.e. íslensku kúakyni, Angus, Galloway og Limosin. Þar að auki eru ættartölur oft gloppóttar og mikilvægt að sannreyna það sem á að föndra með. Notuð voru viðmiðunargögn af hreinum gripum til þess að rekja uppruna tilraunagripanna þannig að við gátum valið sams konar gripi saman í hópa þannig að hver hópur gæti verið sama hanastélið, ef svo má að orði komast.

Þetta eru þá þrír mismunandi fóðurhópar sem samanstanda af tólf holdablendingum hver, en áætlað meðaltal kyns milli hópa eftir þetta val er ≈ Galloway 40%, Angus 36%, Ísl. 21% og Limosin 3%. Þar að auki er svo einn 12 gripa Íslendingahópur sem fær 20% korn. Sem sagt 36 holdablendingar og 12 Íslendingar eða 48 gripir samtals sem fara í kjötgæðamælingar.



Nautakjötssýni úr tilrauninni. Spjöld notuð til að meta með sjónmati á skala, frá vinstri, fitulit, kjötlit og fitusprengingu.



Óli Þór Hilmarsson og Guðjón Þorkelsson við sýrustigsmælingar á nautakjötssýnum.

*Slátrun, kjötvinnsla og mælingar*

Öllum gripum er slátrað í Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki. Þar er fitulitur metinn á skala og við fáum líka upplýsingar frá sláturhúsinu varðandi þyngd, sýrustig, kjötmat o.fl. sem gagnast verkefninu.

Íslandsnaut (ferskar kjötvörur) kaupa alla tilraunagripi og leggja til verkefnisins hryggi þessara 48 gripa. Þar að auki hafa fagmenn Íslandsnauts verið að skoða nýtingartölur eins og hægt er en það er eitthvað sem ég held að sé mjög þarft og spennandi að skoða betur.

Eftir úrbeiningu þá látum við vöðvann meyrna í kæli þar til 10 dagar eru liðnir frá slátrun. Við frágang þá mælum við lit með sjónmati, fitusprengingu með sjónmati, lit með litmæli og tökum svo mynd af sneið úr hverjum grip áður en sýni fara á frost.

Eftir frystingu, þegar öll sýni eru tilbúin, þá gerum við fitusýrugreiningar, áferðarmælingar bæði á hráu og elduðu kjöti en skoðum einnig suðurýrnun. Við munum einnig koma til með að gera fitusýrugreiningu úr safnsýni eftir fóðurmeðferðum.

*Skynmat og neytendapróf*

Þá ætlum við að nota þjálfaðan hóp skynmatsdómara Matís til að kanna með myndrænni greiningu hvort marktækur munur sé á gæðaeinkennum milli fóðurhópa og ef svo er, þá skýra hvar hann liggur. Að lokum þá munum við vera með neytendapróf þar sem við skoðum í raun hvað það er sem neytandinn kann að meta og er tilbúinn að borga fyrir.




Höfundur við litmælingar á nautakjötssýnum.

Í neytendamatinu erum við að horfa svolítið til Ástralíu en Meat Standards Australia (MSA) hefur verið í fararbroddi hvað varðar þróun og nýsköpun á gæðamati og sölu á bæði fersku og frosnu kjöti. Ástralarnir hafa verið að þróa eins konar stjörnukerfi þar sem neytendur eru látnir meta meyrni, safa, bragð og heildargeðjun kjöts á skala. Út frá því reiknast hvað tiltekin kjötvara öðlast margar stjörnur á þessum MSA skala.

Okkur vantar enn 12 gripi af þessum 48 sem við ætlum að mæla í heildina. Þeir munu skila sér í sláturhúsið á næstu vikum sem þýðir að við getum sett fullan kraft í skynmat og neytendapróf eftir páska.

Það verður rosaleg vinna að framkvæma neytendaprófin en ég er spenntust að skoða hvaða niðurstöður við fáum úr út þeim.

*Löngu tímabærar rannsóknir*

Síðasta rannsókn á kjötgæðum holdablendinga á Íslandi fór fram á árunum 1997–1999. Margt hefur breyst síðan þá. Bæði hefur orðið mikil blöndun holdanautakynja og einnig komið inn nýtt erfðaefni sem eftir miklar kynbætur erlendis hefur aukið kjötgæði enn frekar.

Þetta hefur enn ekki verið rannsakað á Íslandi. Það að ætla að veita bændum ráðgjöf hvað varðar korngjöf í holdanautaeldi, sem eingöngu byggist á athugunum um vaxtarhraða og EUROP flokkun, eru ekki forsendur sem tryggja aukin gæði til neytenda.

> Með auknum upplýsingum um kjötgæði innanlands vonast ég til þess að það sé tilefni til að sérmerkja afurðir ...“

Bændur hafa ekki eingöngu áhuga á að besta kornhlutfall af fóðri í eldi sínu heldur einnig að framleiða kjöt af sem mestum gæðum. Með auknum upplýsingum um kjötgæði innanlands þá vonast ég til þess að það sé tilefni til að sérmerkja afurðir sem tryggja þá ekki bara gæði til neytenda heldur auka einnig afkomu nautgripabænda en hún er svo sannarlega ekki of mikil.

*Samstarf lykillinn að árangri*

Mér finnst rétt að nýta þennan vettvang líka til þess að blása það upp hvað samstarf og samtal milli frumframleiðenda, annarra aðila innan virðiskeðjunnar sem og vísindasamfélagsins er mikilvægt. Rannsóknir og niðurstöður þeirra eru til lítils gagns ef þær eru ekki hagnýtar fyrir greinina. Þá vil ég líka nefna mikilvægi Matvælasjóðs í þessu samhengi en styrkur þaðan fyrir svona verkefni skiptir gríðarlegu máli.

Eva Margrét Jónudóttir

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Matís. Veffang: evamargret@matis.is*











Um 650 ára gömul friðuð eik í þorpinu Botoşana í Rúmeníu. Ljósa svæðið neðst á stofninum var áður holrými og nýtt sem grísakofi um tíma. Síðan hefur tréð náð að fylla í rýmið á ný. Myndir / Pétur Halldórsson

# Eik *(Quercus robur)*

**Nafnorðið eik er nú aðallega notað á tré einnar ættkvíslar trjáa. Hér um slóðir er það raunar fyrst og** fremst haft um eina sérstaka tegund af téðri ættkvísl. Formlegra heiti er sumareik en svo er hún líka kölluð stilkeik vegna þess að akörnin eða fræin á henni standa á stilkum.

Til forna hafði orðið eik víðari merkingu og gat átt við um tré óháð tegund. Sú merking lifir að nokkru leyti enn í íslensku máli. Í Hallormsstaðaskógi eru gömul og myndarleg birkitré kölluð eikur. Þá höfum við líka hinn alþekkta málshátt, sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. Það þýðir einfaldlega að eplin detti yfirleitt bara lóðrétt niður úr eplatrjánum. Fleiri eikarmálshætti mætti nefna, svo sem ekki fellur eik við fyrsta högg. Eikarskip voru í fornum ritum gjarnan kölluð eikur enda hefur eikarviður verið notaður í skipasmíðar frá fornu fari. Loks er rétt að nefna að eik kemur gjarnan fyrir í heitum og kenningum í fornum kveðskap, svo sem líneik og gulls eik.

Nokkrar eikartegundir hafa verið reyndar á Íslandi. Einna besta raun hefur sú gefið sem heitir á latínu Quercus robur og við köllum oftast sumareik eða bara eik, eins og fyrr segir. Ættkvíslarheitið Quercus þýðir einfaldlega eik en robur vísar til stífni eða styrkleika. Það er rökrétt öllum sem eikarviðinn þekkja af eigin raun.


Ein eikanna fimmtíu sem settar voru niður í lund á Mógilsá í tilefni fimmtíu ára afmælis skógrannsókna þar.

Hann er þéttur og sterkur enda um ómunatíð verið eftirsóttur í ýmsa smíði. Nýlega er lokið endursmíði á burðarvirki þaksins á Notre Dame kirkjunni í París sem skemmdist í eldi 2019. Í það fóru um 800 eikartré og þótti einboðið að nota sama efnivið og sömu smíðaaðferðir sem notast var við fyrir um 800 árum. Við þekkjum líka eikarhúsgögn, eikarbáta, eikarbryggjur og ýmsa nytjahluti úr eik, allt saman endingargott og sterkt.

Nefna má að hin norður-evrópska eikartegundin, vetrareik, sem er mjög fátíð í ræktun hérlendis, ber latneska heitið Quercus petrea. Heitið petrea merkir steinn (í kvenkynsmynd) og vísar einnig til hörku viðarins. Sumareik og vetrareik eru reyndar náskyldar og nauðalíkar. Þær þekkjast ekki í sundur á laufblöðunum, einungis á því hvort akörnin vaxa á stilkum eða fast við sprotann. Því er hugsanlegt að fleiri vetrareikur vaxi á Íslandi en fólk heldur.

Óvíst er hversu háar eikur geta orðið á Íslandi. Tegundin telst reyndar hvergi til hávaxnari trjáa þótt hún geti vissulega náð um fjörutíu metra hæð. Mikilfengleik sinn sýnir hún ekki síður í sverum stofni og tröllvöxnum greinum sem hún fær með aldrinum. Tímann hefur eikin fyrir sér því hún getur orðið ævagömul. Vitað er um eikur í Litáen og Búlgaríu sem taldar eru yfir 1.500 ára gamlar og tólf hundruð ára gamla eik í Danmörku. Ummál ríflega þúsund ára eikar í Svíþjóð er fjórtán metrar. Þetta gefur einhverja hugmynd um vaxtarlag eikarinnar sem gjarnan einkennist ekki hvað síst af umfangsmiklili krónu. Það er ekki óalgengt að fornar eikur séu holar að innan. Elsti viðurinn hefur þá rotnað innan úr stofninum. Slíkt gerir trén dulúðleg. Gamlar eikur eru gjarnan sveipaðar ævintýraljóma og ekki óalgengt að þær hafi sérstakan sess í hugum heimafólks á hverjum stað.

Eikin vex hægt og hérlendis er henni hætt við haustkali sem enn hægir á vextinum. Í góðu skjóli og við góð skilyrði ætti eikin þó að geta dafnað víða á landinu. Skjólið er henni sérstaklega mikilvægt í æsku en jafnframt þarf hún fulla birtu. Fá eldri eikartré eru til í görðum á Íslandi en á undanförnum árum hefur margt áhugasamt fólk reynt sig við ræktun ýmissa eikarkvæma. Reynslan er sú að eikin er lífseig þótt vöxtur sé hægur og stundum verði haustkal. Ungar eikur má því víða finna í görðum og skógarreitum. Á komandi árum verða þær því æ algengari sjón hjá okkur. Segja má að fyrsti eikarskógurinn eða -lundurinn á Íslandi sé reitur sem gróðursett var í árið 2017 í tilefni af fimmtíu ára afmæli skógrannsókna á Mógilsá. Þar voru sett niður fimmtíu eikartré sem dafna vel í góðu skógarskjóli í brekku sem snýr móti suðri.

Á öldum áður uxu víðáttumiklir eikarskógar víða um Mið- og Austur-Evrópu, Bretlandseyjar, sunnanverða Skandinavíu og víðar. Mikil ásókn í dýrmætan viðinn, ekki síst til skipasmíða, varð til þess að þessir skógar eru nú að miklu leyti horfnir. Allt að 200 ár getur tekið að rækta eik í þá stærð sem gefur bestan við. Hvort trén í Esjuhlíðum eiga eftir að gefa slíka afurð verða kynslóðir komandi alda að leiða í ljós. En víst er að litlu eikurnar þar eru nú þegar farnar að gleðja augu gesta í skóginum.

*Pétur Halldórsson kynningarstjóri.*

Landbúnaðarháskóli Íslands

# Refasmári sem fóðurjurt


Guðni Þorgrímur Þorvaldsson.


Jónína Svavarsdóttir.

**Refasmári er fjölær niturbindandi jurt af ertublómaætt með öfluga stólparót sem getur vaxið langt niður í jörðina í leit að vatni.**

Hann hefur því mikið þurrkþol en þrífst ekki vel í þéttum og súrum jarðvegi eða jarðvegi með háa grunnvatnsstöðu. Refasmári er mjög gott fóður fyrir allt búfé og gefur mikla og próteinríka uppskeru. Hann er hægt að nota bæði í þurrhey og vothey og að vissu marki til beitar. Refasmári er einnig notaður til manneldis, t.d. sem spírur. Refasmára má rækta einan og sér en einnig í blöndu með grösum.

Blár refasmári *(Medicago sativa L.)* er mest ræktaða fóðurbelgjurtin í tempraða loftslagsbeltinu. Hann hefur verið ræktaður sem fóðurjurt í sunnanverðri Skandinavíu í marga áratugi en það hafa ekki verið til nógu harðger yrki til ræktunar norðarlega. Refasmári væri góð viðbót við þær belgjurtir sem eru í ræktun hér á landi að því tilskildu að hann lifi við íslenskar aðstæður. Stöðugt er unnið að kynbótum sem miða að því að bæta vetrarþol þannig að hægt sé að rækta þessa tegund norðar.

Gulur refasmári *(Medicago falcata L.)* hefur verið í prófun í nágrannalöndum okkar sem og blendingar milli þess bláa og gula.

Guli refasmárinn skilur sig frá þeim bláa í nokkrum atriðum. Hann hefur t.d. grennri stilka og er ekki eins beinvaxinn og sá blái. Rætur-nar á gula refasmáranum eru greinóttari og hann getur sent út jarðrenglur. Vaxtarbroddurinn liggur neðar á gula refasmáranum en þeim bláa og hann þolir beit því betur. Hann þolir einnig súrari og blautari jarðveg og hefur meira vetrarþol en sá blái.

Vorið 2020 og 2021 voru tilraunir lagðar út á Hvanneyri með tíu yrkjum af bláum og gulum refasmára og blendingum milli þessara tegunda. Til samanburðar voru hvítsmári og rauðsmári. Í seinni tilrauninni var grasfræi (10-15%) sáð með belgjurtunum til að minnka hættu á frostlyftingu.

Niðurstöður tilraunarinnar voru birtar í riti LbhÍ nr. 168 og er það vistað á heimasíðu skólans undir liðnum útgefið efni. Helstu niðurstöður urðu þessar:


Refasmáratilraun 6. október 2021.





Karólína í Hvammshlíð með forystuhrútinn Sela Nikulásson í þjálfun síðsumars 2020 þegar hann var lambhrútur. Mynd / A.Warnecke

# Fræðst um forystufé

**Sunnudaginn 17. mars hefur verið boðað til fræðslu- og skemmtiferðar um forystufé þar sem áhugafólk um féð kemur saman til að spjalla saman um forystuheiminn í sauðfjárrækt, auk þess sem nokkur bú verða heimsótt.**

Karólína Elísabetardóttir í Hvammshlíð tekur á móti skráningum í ferðina til 13. mars í gegnum skilaboð á Facebook-síðu sinni. „Það stefnir í mjög skemmtilega ferð þar sem fræðst er um forystufé, fjallað er um umdeilt efni á borð við blendinga, forystufé í göngum, skilgreiningu út frá ættum eða eiginleikum eða útliti. Fé verður skoðað á nokkrum bæjum, hlustað á sögur, við deilum reynslu, spyrjum spurninga og fræðumst á skemmtilegan hátt, en þá er tilgangi dagsins náð," segir Karólína. Aðalfundur Forystufjárræktarfélags Íslands verður haldinn fyrir hádegi sama dag á Laugarbakka í Miðfirði. Hefst ferðin kl. 13 á bænum Bjargi í Miðfirði en nokkrir bæir verða heimsóttir og forystufé skoðað. Ferðalok eru áætluð klukkan 22.30. Hægt er að vera með allan daginn eða einungis á ákveðnum stöðum.

/mhh



Refasmári í blóma 12. ágúst 2022.



Refasmári 2. júlí 2020.

## Ályktanir

1) Refasmári getur vaxið hér á landi en hann er ekki nærri eins öruggur í ræktun og þær fóðurjurtir sem mest eru ræktaðar. Það er því of snemmt að hvetja til ræktunar á refasmára í stórum stíl hér á landi. Þó svo að betri yrki séu komin fram, þarf frekari rannsóknir á því hvernig beri að standa að ræktun og nýtingu refasmárans. Enn fremur þarf að prófa hann á mismunandi stöðum á landinu og í mismunandi jarðvegi.

2) Til ræktunar á refasmára þarf að velja góð yrki, t.d. Ludvig eða Karlu sem voru með í rannsókninni sem kynnt er hér. Fræið skal smitað með réttum Rhizobium bakteríum, ekki þeim sömu og notaðar eru á rauð- og hvítsmára.

3) Sýrustig jarðvegs þarf að vera um 6,0 eða hærra. Gulur refasmári er þó ekki eins kröfuharður um sýrustig. Jarðvegurinn má ekki heldur vera of blautur.

Í tilrauninni frá 2020 drápust bæði refasmári og rauðsmári fyrsta veturinn. Þetta var ekki svellavetur og hefur þeim möguleika verið velt upp hvort frostlyfting hafi átt hlut að máli. Vorið eftir voru refasmárayrkin Ludvig og Kalu ásamt rauðsmárayrkinu Yngve með mesta þekju en tilraunin var dæmd ónýt. Í seinni tilrauninni lifði refasmárinn vel eftir fyrsta veturinn og það sama gilti um hvítsmára og rauðsmára.

Tilraunin var svo tvíslegin um sumarið. Rauðsmári gaf mesta heildaruppskeru, rúm 7 tonn þe./ha.

| Tegund | Yrki | Uppruni |
|---|---|---|
| Gulur refasmári | Juurlu | Eistland |
| *(Medicago falcata L.)* | Karlu | Eistland |
| | Don | USA |
| | Sholty | USA |
| Blár refasmári | Nexus | Svíþjóð |
| *(Medicago sativa L.)* | Mezzo | Danmörk |
| | Ludelis | Danmörk |
| Blendingsyrki | Ludvig | Noregur |
| *(Medicago x varia)* | Saski | Danmörk |
| | | *(frá Rússlandi)* |
| | Jögeva 119 | Eistland |
| Rauðsmári | Yngve | Svíþjóð |
| *(Trifolium pratensis L.)* | | |
| Hvítsmári | Undrom | Svíþjóð |
| *(Trifolium repens L.)* | | |

Hin yrkin voru með uppskeru á bilinu 5-6 tonn þe./ha. Eftir seinni sláttinn spratt refasmárinn ekki mikið og mörg yrkin byrjuðu að gisna.

Í lok nóvember sá verulega á mörgum þeirra. Minnst sá á rauðsmáranum, hvítsmáranum og refasmárayrkinu Ludvig.

Sumarið eftir var það aðeins rauðsmárinn sem hafði góða þekju. Refasmári og hvítsmári höfðu gisnað mikið. Hvítsmárayrkið Undrom hefur reynst vetrarþolið hér á landi en fór samt illa þennan síðasta vetur.

Það virðist því ekki bara vera veðurfarið sem þarna átti hlut að máli heldur eitthvað annað í umhverfinu og svo lífeðlisfræði plantnanna. Sláttutíminn gæti átt sinn þátt í þessu skammlífi og e.t.v. fleiri umhverfisþættir.

*Guðni Þ. Þorvaldsson er próf. emeritus og Jónína Svavarsdóttir umsjónarmaður jarðræktartilrauna.*












# Ending kúnna

**Ending mjólkurkúnna er eitthvað sem fær stöðugt meira vægi og athygli í nútíma mjólkurframleiðslu.**


Guðmundur Jóhannesson.

Það að kýrnar endist vel hefur áhrif á rekstrarafkomu auk þess sem aukin ending minnkar sótspor nautgriparæktarinnar. Allt bendir til þess að það hafi verið ákaflega skynsamleg ákvörðun að taka endingu inn í kynbótamarkmið nautgriparæktarinnar á sínum tíma en eðlilega tekur tíma að sjá áhrifin koma fram.

Einkunn fyrir endingu var fyrst reiknuð hérlendis 2003 og byggði matið á meistaraverkefni Baldurs Helga Benjamínssonar. Notað var svokallað feðralíkan (e. sire model) sem þýddi að einungis nautin fengu einkunn fyrir hversu vel dætur þeirra entust í framleiðslu en til grundvallar var lagður dagafjöldi frá 1. burði til förgunar. Meðal niðurstaðna Baldurs Helga var að ending hefur tengsl við afurðir á þann hátt að því minna sem kýrnar mjólka því minni er endingin. Þetta hefur mest með val bænda að gera, eðlilega farga menn kúm sem lítið mjólka.

Annar þáttur sem í ljós kom að ræður miklu um endingu kúnna er aldur þeirra við 1. burð. Þannig endast kýr sem bera 1. kálfi eldri skemur en þær sem eru yngri við 1. burð og virðist eins mánaðar aldursaukning stytta endingu um 2%. Meðalaldur við 1. burð er nú ríflega 27 mánuðir og því væri hægt að auka endingu kúnna um 6% með því að láta þær bera 24 mánaða. Aðrir þættir sem Baldur Helgi fann að hafa einkum áhrif á endingu eru júgurhreysti, frjósemi og mjaltir auk þess sem ákveðnir þættir í byggingu höfðu áhrif. Eiginleikar eins og júgur- og spenagerð auk þess sem boldýpri kýr og kýr með breiðar malir virðast endast skemur. Þetta er í takti við niðurstöður erlendis frá og sýnir okkur að við eigum ekki að stefna að ræktun mjög stórra kúa en það sýnir sig einnig að stórar kýr mjólka ekki endilega meira en þær sem minni eru auk þess sem þær þurfa meira fóður til viðhalds.




Mynd. Erfðaþróun endingar í íslenska kúastofninum.

| Ár | Aldur við 1. burð, dagar | Aldur við förgun, dagar | Fjöldi burða við förgun | Æviafurðir á dag á lífi | Æviafurðir |
|---|---|---|---|---|---|
| 2019 | 845 | 1.854 | 2,9 | 8,8 | 16.349 |
| 2020 | 825 | 1.839 | 2,9 | 9,0 | 16.583 |
| 2021 | 819 | 1.865 | 2,9 | 9,4 | 17.475 |
| 2022 | 816 | 1.871 | 2,9 | 9,3 | 17.462 |
| 2023 | 816 | 1.879 | 3,0 | 9,5 | 17.817 |

Aldur við 1. burð og förgun, meðalfjöldi burða og æviafurðir.

Haustið 2022 var líkanið fyrir endingu endurskoðað og reiknuð ending fyrir 1., 2. og 3. mjaltaskeið. Jafnframt eru nú að hámarki 365 dagar taldir með á hverju mjaltaskeiði og dagarnir einungis færri ef kúnni er fargað á mjaltaskeiðinu sjálfu. Með þessu lagi er þeim kúm sem festa fang fljótt eftir burð ekki refsað og kúm sem halda seint er ekki hampað. Jafnframt var aðferðum breytt þannig að í stað feðralíkans eru nú notuð fjölbreytulíkön þannig að allir gripir fá endingarmat en ekki bara nautin eins og áður. Fyrir eiginleikann endingu er birt mat fyrir 3. mjaltaskeið, þ.e. daga frá 1. burði að lokum 3. mjaltaskeiðs og ending vegur 10% í heildareinkunn eða kynbótamarkmiði stofnsins.

En hvernig skyldi svo endingin hafa þróast? Eru kýrnar að endast betur en áður eða hefur þróunin verið á verri veg? Ef við lítum á erfðaþróun (sjá mynd) þá er hún að þróast á jákvæðan hátt, þ.e. kynbótamat fyrir endingu hefur farið hækkandi. Það þýðir að þau naut sem nú eru í notkun eiga að gefa endingarbetri kýr en eldri naut og við ættum að merkja breytinguna hjá kúnum, þær eiga að endast betur en þær gerðu.

Ef við skoðum hvernig mál hafa þróast í stofninum í heild kemur í ljós að á undanförnum fimm árum hefur aldur við 1. burð heldur lækkað þó hann sé enn töluvert of hár (sjá töflu). Þannig voru kvígurnar að meðaltali 845 daga gamlar við 1. burð árið 2019 en í fyrra (2023) var þessi tala komin niður í 816 daga sem jafngildir um 27, 2 mánuðum. Meðalaldur kúnna við förgun var árið 2019 1.854 dagar en 2023 var þessi tala komin upp í 1.879 daga. Ending kúnna hefur því á sl. fimm árum aukist um 25 daga og þær bera nú að meðaltali 3,0 sinnum í stað 2,9 sinnum áður á sínu æviskeiði. Á sama tíma hafa afurðir aukist og meðalkýrin mjólkar nú 9,5 kg hvern dag sem hún lifir eða 17.817 kg á sinni ævi. Árið 2019 voru sambærilegar tölur 8,8 kg/dag og 16.349 kg æviafurðir. Þarna kemur tvennt til, kýrnar mjólka meira og þær endast lengur.

Raunin er því sú að ending mjólkurkúnna fer vaxandi og er það vel. Áfram bendir þó ekkert annað til þess en að sömu þættir ráði endingu kúnna, þ.e. afurðageta, júgurhreysti, frjósemi og byggingareiginleikar.

Þeir þættir sem hafa nokkuð áreiðanlega aukið endingu kúnna eru kynbætur og útbreiðsla mjaltaþjóna en óneitanlega er minna álag á júgur kúa sem mjólkaðar eru oft á sólarhring.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.*



Mjög mikilvægt er að hér séu stundaðar tilraunir á yrkjum til að prófa

# Eins en samt ólík

## – Um mikilvægi yrkjavals

**Nú þegar sólin hækkar á lofti fer hugurinn að hvarfla að vorverkum, jarðvinnslu og sáningu. En hverju á að sá, er ekki allt gott sem vel er grænt?**


Þórey Gylfadóttir.

Það er því miður ekki svo einfalt, bæði eru tegundir fóðurjurta margar og svo eru mörg yrki af hverri tegund.

Við þurfum því að velta fyrir okkur hvaða tegundir það eru sem eru líklegar til að mæta þörfum okkar en þó er ekki síður mikilvægt að vera sér meðvitaður um mismunandi yrki hverrar tegundar og ólíka eiginleika þeirra.

En hvaða eiginleikar eru þá sem skipta okkur mestu máli þegar kemur að vali á sáðvöru til fóðuröflunar? Við viljum mikla uppskeru af miklum gæðum og ef við sáum fjölærum tegundum viljum við auðvitað góða lifun og endingu líka. Því miður er ólíklegt að ein og sama tegundin, eða yrkið, nái að uppfylla allar þessar óskir okkar, jafnvel þó að við sleppum alveg að horfa til annarra mikilvægra áhrifaþátta varðandi árangur ræktunarinnar, svo sem jarðvinnslu og umhverfisþátta.

En hvað er það sem ræður eiginleikum tegunda og yrkja? Plöntur eru aðlagaðar að ólíkum aðstæðum sem hefur bein áhrif á útlit þeirra, eiginleika og hæfni til að bregðast við umhverfi sínu. Plöntur sem aðlagaðar eru norðlægum slóðum eru alla jafna lágvaxnari og hafa meira rótarkerfi en þær sem aðlagaðar eru suðlægari slóðum. Fyrir nytjaplöntur þýðir þetta að suðlægari tegundir, og/eða yrki, eru uppskerumeiri en norðlægari ættingjar þeirra. Lifun og ending suðlægra tegunda, og/eða yrkja, er aftur á móti verri en þeirra sem vanar eru kulda og trekk. Auk þess eru aðrir eiginleikar svo sem sláttur og beitarþol, fóðurgæði og aðrir þættir sem eru mikilvægir fyrir nytjaplöntur sem eru breytilegir milli tegunda, og/eða yrkja.

Grundvallarmunur er á norðlægum og suðlægum tegundum og yrkjum þegar kemur að lifun og/eða hversu fljótt plantan fer af stað að vori, eða eftir sáningu. Þessum þáttum er stjórnað af flóknum kerfum í plöntunni og þess vegna bregðast þær mismunandi við umhverfi sínu, svo sem hitastigi og ljóslotu, sem hefur bein áhrif á lifun þeirra og flýti.

Vegna þessa rjúka sumar plöntur af stað ef það kemur hlýr kafli í febrúar eða mars meðan aðrar láta ekki plata sig svo auðveldlega um að vorið sé komið. Eins er það þegar kemur að vetrun plantna að hausti, sumar taka mark á samspili hitastigs og ljóss og undirbúa vetrardvala meðan aðrar taka ekki mark á skilaboðum umhverfisins og halda að partíið sé endalaust. Veðrið er síbreytilegt frá degi til dags og frá ári til árs, það þekkjum við, en gangur sólarinnar, ljóslotan er sú sama frá ári til árs. Það hvenær daginn tekur að lengja þar til nóttin hörfar alveg þar til hún tekur næstum að fullu við að nýju, þetta er einkennandi fyrir norðlægar slóðir og þetta þekkja plöntur sem aðlagaðar eru að þeim, hvað sem hitastigi líður.

Með markvissum kynbótum er hægt að bæta aðlögun nytjaplantna





Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



**með markvissum hætti hvernig þær reynast við aðstæður hér á landi.**
Mynd / BPB

að norðlægum aðstæðum þannig að þær lifi og gefi meiri og betri uppskeru, hvort sem þær eru einærar eða fjölærar. Kynbætur taka tíma og kosta peninga og að frátöldum kynbótum á byggi, vegna eljusemi og innsæis Jónatans Hermannssonar, hafa mjög takmarkaðar kynbætur verið stundaðar hér á landi á nytjaplöntum, þó ekki megi gleyma vallarfoxgrasyrkjunum Korpu, Öddu og Snorra.

Mjög mikilvægt er að hér séu stundaðar tilraunir á yrkjum til að prófa með markvissum hætti hvernig þær reynast við aðstæður hér á landi þar sem þær eru ekki kynbættar sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður eða þann breytileika sem hér er að finna í vaxtarskilyrðum.

Slíkar grunnrannsóknir, ásamt áburðartilraunum, mega ekki gleymast þar sem þær eru undirstaðan undir skýjaborgirnar, sem svo skemmtilegt er að hugsa um, en standa ekki ef undirstöðurnar vantar.

En hvað á að velja, hverju á að sá? Áður en við veljum tegund, og/eða yrki, þá verður að liggja fyrir hvert markmiðið okkar er með ræktuninni, hvernig á að nýta hana og til hve langs tíma við horfum, en það eru lykilatriði til að hægt sé að velja það sem best hentar. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hafa verið aðeins sveiflur í fjölda hektara (ha) sem sáð er í á hverju ári undanfarin ár en nokkuð stöðug aukning hefur þó verið í kornsáningum. Á myndinni sést líka hvernig vorið í fyrra hafði neikvæð áhrif á sáningar.

Niðurstöður tilrauna og reynsla af einstökum yrkjum eru mjög mikilvægar til að hægt sé að leggja mat á hæfni hvers yrkis til að lifa og vaxa hér á landi.

Vissulega eru aðstæður ólíkar eftir landsvæðum og jafnvel innan sveita en vitneskja um árangur einstakra yrkja eru grunnupplýsingar svo hægt sé að leggja mat á hvað hentar hverjum og einum. Árangur ræktunar fer svo eftir því hvernig staðið er að henni og vönduð jarðvinnsla er þar efst á blaði. Við eigum að vanda okkur og reyna að stjórna því sem við getum. Með því að nota ólíkar tegundir og yrki getum við bæði meðvitað nýtt ólíka eiginleika þeirra t.d. varðandi uppskeru og lifun, en þannig getum við líka reynt að tryggja að við veðjum ekki öllu okkar á sama hestinn. Bestur árangur næst með notkun á blöndun tegunda og yrkja og við eigum að vanda valið og taka meðvitaða ákvörðun um það sem við sáum en frækostnaður er sáralítill af heildarkostnaðinum við endurræktun.

Vert er að nefna að í næstu þremur tölublöðum Bændablaðsins mun nánarverða fjallað um notkun á einstökum tegundum og yrkjum undanfarinna ára.

*Höfundur er ráðunautur í jarðrækt.*

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Mælar á allar gerðir vagna

**Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.**
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

**Vík verkstæði**
Einhella 6,221 Hafnarfirði

## Sumarstörf hjá Landi og skógi

**Vilt þú vinna úti í fallegu umhverfi?**
**Óskað er eftir jákvæðu og samstarfsfúsu fólki í eftirfarandi störf:**

**Tjaldvörður í Vaglaskógi**

- Umsjón með tjaldsvæði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Lágmarksaldur 18 ár
- Bílpróf
- Húsnæði á staðnum (engin leiga)

**Starfkraftur í almennt starf á Vöglum**

- Vinna við skógarhögg, girðingar, gróðursetningu, áburðargjöf og útivistarsvæði
- Lágmarksaldur 18 ár
- Bílpróf æskilegt
- Húsnæði á staðnum (engin leiga)

Nánari upplýsingar um störfin á Vöglum veitir **Rúnar Ísleifsson runar.isleifsson@landogskogur.is**, skógarvörður á Norðurlandi, í síma **896 3112**.

**Starfsfólk í almenn störf á Tumastöðum**

- Vinna í gróðrarstöð og umhverfi
- Kostur að viðkomandi hafi bílpróf
- Fæði á staðnum

Nánari upplýsingar veitir **Trausti Jóhannsson - trausti.johannsson@landogskogur.is**, skógarvörður á Suður- og Vesturlandi, í síma **865 8770**.

**Sótt er um starfið á Starfatorgi. Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2024.**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

# Fermingagjafirnar fást hjá okkur




Flott og öflug rafmagnsvespa í snattið og skólann. **Verð 229.900,-**

Alvöru 50 kúbika eyðslugrönn bensínsvespa með innspýtingu. **Verð 349.900,-**

Kayo 140cc torfæruhjól. Fjórgengis, 4 gíra með kikkstarti. **Verð 339.900,-**

180 kúbika sjálfskipt fjórhjól með rafstarti og bakkgír. **Verð 479.900,-**

*Allar frekari upplýsingar og meira úrval af hjólum er að finna á **NITRO.IS***
*Umboðsaðilar: **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðarkróki. **AB varahlutir**, Egilsstöðum. **Lyngás**, Hellu. **Bikevik**, Reykjanesbæ.*

**NITRO**
**Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848**

# Ný og endurbætt vorbók

**Á vordögum tökum við í notkun endurbætta útgáfu að hinni góðu gulu vorbók sem er okkar helsta verkfæri og bústjórnartæki þegar kemur að skráningu í sambandi við gripina okkar í sauðfjárrækt.**





Guðrún Hildur Gunnarsdóttir
Þórdís Þórarinsdóttir.

Bókin kemur núna út í A4 stærð en er að öðru leyti lík þeirri gömlu nema við hafa bæst nokkrir nýir dálkar, upplýsingadálkar um gripina ásamt nýjum skráningadálkum. Vorbókin er því orðin enn betra verkfæri og bústjórnartæki í nákvæmnisbúskap og utanumhaldi um ærnar í hjörðunum okkar. Hér verður farið yfir helstu breytingar á vorbókinni:

Stærstur hluti bókarinnar er tileinkaður lifandi ám. Vinstri helmingur opnunnar er upplýsingasíða (sjá mynd 1) þar sem margt kunnuglegt er að finna. Breytingin sem grípur eflaust augu margra er að nú birtast **„Riðuflögg“** (sjá mynd 2) við hvern þann grip sem hefur verið arfgerðargreindur í Fjárvís. Nánari upplýsingar um ræktun gegn riðu og hvað flöggin og breytileikarnir tákna má finna á heimasíðu RML.

Fleiri reitir bætast við eins og upplýsingar um forystu- og feldfjárhlutfall gripa. Undanfarið hefur verið unnið að endurbótum forystufjárhlutfalls gripa í Fjárvís og mun skráð hlutfall birtast í þeim reit. Feldfjárhlutfall gripa er skráning sem er ekki komið í gagnið enn þá en stefnt á að vinna á sama hátt og forystufjárhlutfallið. Einnig eru dálkar sem gefa til kynna hvort gripur hafi fengið greiningu á bógkreppugeni og/eða Þokugeni. Sé dálkurinn tómur hefur gripurinn ekki fengið greiningu. Fái gripurinn 0 (núll) hefur hann verið greindur og ber ekki genið, sé gripurinn arfblendinn fær hann 1 og ef hann er arfhreinn fær hann 2. Athugið að þetta eru ekki skráningareitir, þarna birtast upplýsingar sem lesnar hafa verið inn í Fjárvís.



Mynd 4.

Við **kynbótamatseinkunnir** ánna hafa bæst tvær einkunnir: Fallþungi bein áhrif (FÞ B) og fallþungi mæðraáhrif (FÞ M). Kynbótamat fyrir FÞ B á að vera mat á vaxtargetu lamba undan ánum en FÞ M er mat á afurðasemi ánna.

Skemmtilegur upplýsingagluggi er á vinstri opnunni sem ber heitið **„Ærin í fyrra“.** Þessir reitir eru tómir nú í ár en á næsta ári munu þar birtast upplýsingar um skráningar sem ærnar hafa fengið árið áður, m.a. skráningar úr nýjum skráningarreitum sem verða nefndir hér á eftir. Hugmyndin er að minnka flettið í gömlu bókinni til að athuga hvort einhverjar skráningar eða athugasemdir hafi verið gerðar um ána árið áður.

Þá lítum við yfir á hægri opnuna hjá ánum (sjá mynd 3). Rétt er að taka fram að lýsingar á öllum skráningavalmöguleikum er að finna innan á bókarkápu.



| | | |
|---|---|---|
| 22–687 | 1 | N138 |
| Foss | 10 | |
| 23–689 | 1 | N138 |
| Pollur | 10 | H154 |
| 23–690 | 1 | N138 |
| Hlunkur | 10 | |

Mynd 2.

Fósturtalningadálkurinn (FT) hefur færst yfir á hægri síðu og er tvískiptur. Efri reiturinn er skráning á fjölda talinna fóstra en í neðri reitnum er hægt að skrá nánari athugasemdir við fósturtalninguna *(t.d. „fóstur misstór“ eða „öll fóstur dauð/drepast“).*

Við **„Lambið“** hefur bæst við dálkurinn **„Stærð“** þar sem möguleiki er að skrá fæðingarstærð lambanna.



Í grein þessari er farið yfir helstu breytingar á vorbók.

Hvert lamb fær þar eigin skráningu samkvæmt lyklinum „Fæðingarstærð lambs“ sem skiptist í 5 flokka. Ekki er gerð krafa um að lömbin séu vigtuð heldur er um sjónmat að ræða. Áhugavert er að skrá stærð marglembinga og gemlingslamba.

Þá hafa bæst við þrír tvískiptir dálkar undir **„Ærin“** þar sem hægt er að skrá ýmislegt sem tengist ánni. Þetta eru reitirnir sem gefa upplýsingar fyrir næsta ár í **„Ærin í fyrra“.** Því meira sem við skráum þarna því meira mun birtast á næsta ári. Upplýsingarnar flytjast ekki á milli margra ára, bara frá árinu á undan.

Fyrst má nefna **„Geðslag“.** Efri reiturinn er skráning á **„geðslagi fullorðinna gripa að vetri til / í húsum“** og bændur geta því skráð hjá sér hvort gripir eru t.d. *„Fremur geðillur/kaldlyndur/mannýgur/styggur/örlyndur“* eða *„Fremur rólegur/gæfur/skapgóður gripur“.* Neðri reiturinn er skráning á **„hegðun á sauðburði“** og þar er m.a. hægt að skrá hvort ærin hefur verið *„ill við lömbin sín“* eða hvort hún var *„áhugalaus móðir“.* Næst er það dálkur er nefnist **„Spenar“.** Efri reiturinn er skráning á **„Spenastærð“** (4 flokkar) og er gagnlegt fyrir bændur sem lenda í vandræðum á sauðburði með ær með mjög stóra spena og þurfa (jafnvel ár eftir ár) sérstakt eftirlit með að lömbin komist örugglega á spena. Í neðri reitnum er hægt að skrá frekari athugasemdir við spena s.s. *„aukaspenar til vandræða“* eða *„sár á spena“.* Ærin á mynd 4 fær lykilinn 2 *„mátulegir spenar“* fyrir spenastærð.

Þeir virðast vera af hæfilegri stærð og ágætlega staðsettir. Að lokum er dálkur sem heitir **„Júgur“.** Efri reiturinn er skráning á **júgurbólgutilfellum** og í neðri reitnum frekari athugasemdir við júgur ánna, t.d. *mjög sigið júgur eða mikil umframmjólk.*

Atburðaskráninguna þekkjum við vel en bætt hefur verið við listann. Hægt er að skrá fleiri en einn lykil með því að setja bandstrik á milli lykla.

Aftasti dálkurinn **„Lamb í haust“** er síðasti dálkurinn. Hér er hægt að skrá hvort okkur lítist strax að vori vel á lambið til ásetnings og kjósum að merkja við að það eigi að fara í ásetningsúrval í haust eða er pottþétt sláturlamb. Hugmyndin er að tengja saman vor- og haustbók, að þessi lykill birtist líka í haustbók við þau lömb sem fengu skráningu. Í bókinni fá hrútarnir heila opnu (sjá mynd 5) þar sem bætast við miklar upplýsingar miðað við eldri útgáfuna. Auk upplýsinga um föður og móður má nú sjá afa og ömmur hrútanna, nánast fullan lambadóm og allar kynbótamatseinkunnir. Líkt og hjá ánum koma einnig riðuflöggin ef hrútarnir hafa verið arfgerðargreindir. Nú er hægt að skrá athugasemdir yfir fengitíð hjá hrútunum ásamt geðslagi þeirra og atburðum líkt og hjá ánum.

Vinsamlegast athugið að prufuprentun á bókum hefst núna í vikunni og eftir næstu viku ætti prentun að vera komin á fullt. Engar bækur hafa því verið sendar út enn þá.

*Höfundar eru ráðunautar á búfjárræktarsviði.*



ÆR

| Númer | Litur | Riðuflögg | Feld% | Bógkr. | Faðir | Ómmæling og lærastig | | Frjósemi | Kynbótamat | | | Ærin í fyrra | | | Þungi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn | Horn | | For% | Þokug. | Móðir | ÓV | ÓF | Afurðir | Gerð | Fita | FÞ B | Heg-s | Geðs | Atb | Haust |
| | | | | | | ÓL | LS | | Frjós | Mjólk | FÞ M | Júg | Spen | U-á | Vor |

Mynd 1 - Vinstri blaðsíða vorbókarinnar.



| Fékk | | | | Lambið | | | | | | | | | | Ærin | | | | | Athugasemdir | LAMB Í HAUST |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FT | Fang dd/mm | Hrútur númer | Afdrif | Burð dd/mm | Burður | Umfa | Kyn | Stærð | Lamba númer | Litur | Afdrif vor | Atburður | Fóstur móðir | Geðslag | Spenar | Júgur | Atburður | Afdrif dd/mm | | |
| ATH | | | | | | Ástæða | | | | | | | | | | | | | | |

Mynd 3 - Hægri blaðsíða vorbókarinnar.



HRÚTAR

| Númer | Litur | Riðuflögg | Feld% | Bóg | Faðir | Föðurfaðir | Föðurmóðir | Lambadómur | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafn | Horn | | For% | Þoka | Móðir | Móðurfaðir | Móðurmóðir | Þung | Fótl | ÓV | ÓF | ÓL |
| | | | | | | | | H+H | B+Ú | Bak | Malir | Læri |

| Kynbótamat | | | | | | Fengitíð | Þungi | Geðslag | Atburður | Afdrif | dd/mm | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gerð | Fita | ÓMV | FÞ B | LÞ B | Heild | Hjálp/áhugi | Haust | | | | | |
| Frjós | Mjólk | ÓMF | FÞ M | LÞ M | E-b | Fang% | Vor | | | | | |

Mynd 5. Efri mynd er vinstri blaðsíða hrútaopnunnar. Neðri mynd er hægri blaðsíða hrútaopnunnar.



# Nokkrar tölur úr skýrsluhaldi mjólkurframleiðslunnar 2023

**Fyrir skömmu var gerð grein fyrir niðurstöðum skýrsluhalds nautgriparæktarinnar hvað afurðir varðar en ýmsa meiri tölfræði er að finna í gagnagrunni skýrsluhaldsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra.**



Guðmundur Jóhannesson.

Fyrir að verða aldarfjórðungi kom fyrsti mjaltaþjónninn til notkunar hérlendis og síðan hefur orðið sprenging í útbreiðslu þeirra samhliða breytingum á framleiðsluaðstöðu. Á síðasta ári (2023) var svo komið að 54,4% búanna notuðu þessa mjaltatækni. Á þessum búum standa 70,9% kúnna og þau framleiddu 73,2% allrar innlagðrar mjólkur eða nálægt þremur fjórðu hlutum. Þetta er eftir því sem ég kemst næst hæsta hlutfall mjaltaþjóna í heiminum. Þarna hefur orðið mikil breyting á aðeins fimm árum en árið 2019 voru mjaltaþjónar á 40,6% búa og 54,6% kúnna voru mjólkaðar með þessari tækni.

Förgunarástæður kúnna á síðastliðnu ári voru um margt áþekkar og fyrri ár. Júgurbólga er tilgreind sem aðalástæða hjá flestum kúnna, eða 21,5%. Næstalgengasta förgunarástæðan er ófrjósemi eða kýrnar hafi ekki fest fang sem er tilgreint í 17,9% tilfella og því næst eru litlar afurðir sem eru aðalástæða förgunar í 10,0% tilvika. Aðrar ástæður eru sjaldgæfari, af þeim má nefna júgurgalla (7,9%), áföll við burð (4,3%) og há frumutala (4,1%). Baráttan við júgurbólguna er því sem fyrr aðalförgunarvaldurinn ásamt því að ekki tekst að koma kálfi í kýrnar.

Förgunarástæður kvígna á árinu 2023 eru líkt og fyrri ár tengdar ófrjósemi eða því að ekki tókst að koma kálfi í þær. Af þeim kvígum sem fargað var á árinu var 46% fargað vegna þessa og þær voru að meðaltali 963 daga gamlar. Það verður því ekki sagt annað en fullreynt hafi verið með þær. Aðrar ástæður eru fyrst og fremst þær að kvígurnar farast heima á búi eða þá að þeim er fargað af ýmsum orsökum. Samtals voru það rúmlega 1.800 kvígur sem var fargað eða þær drápust á árinu. Miðað við að ásetningur kvígna er um 10 þús. á ári hverju eru þetta hátt í 20% sem ná því ekki að verða mjólkurkýr og a.m.k. helmingur þeirra vegna þess að þær festa ekki fang.

Alls voru greind 199 þús. kýrsýni á árinu frá 487 búum. Samkvæmt reglugerð um stuðning í nautgriparækt þarf að skila kýrsýnum 8 sinnum á ári. Í fyrra var meðalfjöldi kýrsýnataka 8,6 á bú en nokkur breytileiki milli búa, eða frá 5 til 12 skipti yfir árið. Alls var 34.151 kýr skýrslufærð á árinu þannig að þetta jafngildir 5,8 sýnum á kú til jafnaðar, eða 7,9 sýni á árskú. Það sýnir okkur að þátttaka í sýnatöku er góð þó auðvitað megi gera betur. Þær mælingar sem kýrsýnin gefa eru mikilvægt tæki við bæði bústjórn og í ræktunarstarfinu. Mikilvægt er að sýnatakan sé framkvæmd með reglubundnum hætti og að vandað sé til hennar.

Kynhlutfall fæddra kálfa var eins og fyrr skekkt en áþekkt og verið hefur. Nautkálfar voru 53,2% fæddra kálfa samanborið við 53,1% árið áður. Ef horft er til afdrifa fæddra kálfa þá voru 64,8% nautkálfanna settir á til lífs. Þetta hlutfall er ívið lægra en árið þegar hlutfallið var 66,2%. Hlutfall þeirra nautkálfa sem slátrað er nýfæddum hækkar eilítið milli ára, eða í 14,5% úr 14,0%. Samdráttur í ásetningi nautkálfa á sér án efa skýringu í slakri afkomu nautakjötsframleiðslunnar. Af nautkálfunum fæðast 17,3% dauðir eða farast í fæðingu og 2,7% þeirra drepast innan 20 daga frá fæðingu.



Ef horft er til afdrifa fæddra kálfa þá voru 64,8% nautkálfanna settir á til lífs.

Á árinu 2022 voru þessi hlutföll 16,2% og 3,1%. Ef litið er til afdrifa kvígukálfanna eru 85,5% þeirra settar á til lífs en þetta hlutfall var 86,0% árið áður. Förgun nýfæddra kvígna er svo gott sem óþekkt fyrirbæri en 0,7% er slátrað nýfæddum og er engin breyting frá fyrra ári þegar 0,8% var fargað. Hlutfall þeirra kvígna sem fæðast dauðar eða drepast í burði er 11,8% en var 10,9% árið áður.

Þær kvígur sem drepast innan við 20 daga aldur telja 1,7% sem er sama hlutfall og 2022.

Á þessu má sjá að úr þeim kálfadauða sem verið hefur viðvarandi hefur ekki dregið, því miður. Rétt er að taka fram að engar vísbendingar eru um að skráningar séu með þeim hætti að kálfar sem fargað er heima séu skráðir dauðfæddir þannig að skýringanna er ekki að leita í þeim þætti. Ekki hefur tekist að finna skýringu á miklum fjölda dauðfæddra kálfa hérlendis, sem er mun meiri við 1. burð en seinni burði, þó víða hafa verið leitað. Ljóst er þó af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið að skýringanna er ekki að leita í neinu einu ákveðnu heldur koma fleiri en einn þáttur að. Þar má nefna erfðaþátt en fundist hefur arfgengi þó lágt sé.

Nú er í gangi verkefni þar sem greina á erfðamengi dauðfæddra kálfa með það í huga að mögulega megi finna mein- og/eða banagen í stofninum. Um hvort svo sé er þó of snemmt að fullyrða eitthvað. Annar þáttur er almenn bústjórn. Í könnum sem RML framkvæmdi meðal bænda fyrir nokkrum árum kom í ljós að tíðni dauðfæddra kálfa var meiri þar sem áætlaður burðartími 1. kálfs kvígna var ekki þekktur og að verklag kringum burð virtist einnig hafa áhrif. Þannig virtist tíðni dauðfæddra kálfa vera meiri á búum þar sem kýr og kvígur voru settar í burðarstíu eftir að burðarferli hófst. Einn þátt enn er rétt að nefna og það er stærð kálfa en stærri fæddum kálfum hlýtur að öllu jöfnu að fylgja erfiðari burður. Þar kemur einkum þrennt til. Í fyrsta lagi kann að vera svo að við fóðrum kvígurnar ekki rétt frá fangi að burði. Í öðru lagi er það þekkt að ákveðin naut gefa stærri fædda kálfa en önnur og í þriðja lagi eru það áhrif móðurinnar sem geta verið með þeim hætti að þær gefi sjálfar stóra kálfa eða bygging þeirra sé þannig að burður verði erfiður.

Í þessu sambandi eiga þær einkunnir sem nú eru birtar fyrir burð feðraáhrif og burð móðuráhrif að geta hjálpað okkur og í það minnsta eigum við ekki að nota naut með lága einkunn fyrir burð feðraáhrif á kvígur.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt.*









**Pistill formanns**

# Kveðja formanns

Ágæti lesandi.

Í upphafi vil ég nota tækifærið og óska Trausta Hjálmarssyni til hamingju með kjör til formanns Bændasamtakanna, sendi ég honum mínar bestu óskir í áframhaldandi baráttu fyrir landbúnaðinn. Búnaðarþing, sem fer með æðsta vald í málefnum Bændasamtaka Íslands, kemur saman dagana 14. og 15. mars næstkomandi, þar sem Trausti mun formlega taka til starfa ásamt nýrri stjórn.



**Gunnar Þorgeirsson.**

Síðastliðin fjögur ár hef ég gegnt embætti formanns Bændasamtaka Íslands. Það hefur verið bæði ögrandi og gefandi verkefni í senn. Síðustu ár hefur samtökunum tekist að standa sterk á velli sem samtök frumframleiðenda í landbúnaði og mikilvægt er að unnið verði áfram að þeirra málum til framtíðar. Mikilvægt er að standa vörð um atvinnufrelsi bænda og að hvergi sé hvikað frá þeim stjórnarskrárvörðum réttindum. Víða í regluverkinu gleymum við að frumframleiðslan er að uppistöðu til neyslu innanlands og þau tækifæri þurfum við að nýta og um leið tryggja fæðusjálfstæði þjóðarinnar á þessum undarlegum tímum ófriðar í okkar stóra heimi. Allar væringar í ófriðarátt eru mér hugleiknar þar sem við teljum sjálfsagt að það sé alltaf til matur og það nóg af honum, á öllum tímum ársins.

> „Megi landbúnaðinum farnast vel til framtíðar með sókn að leiðarljósi ...“

Stór hluti þessara áskorana felst í að við sem framleiðendur sitjum raunverulega við sama borð og aðrir sem eru með markað hér á landi, en þar á ég við tollverndina sem er lykilþáttur í starfsumhverfi greinarinnar. Við þurfum að standa vörð um sérstöðu landsins þar sem sjúkdómar og önnur óværa geti ekki rýrt þá gæðaframleiðslu sem borin er á borð landsmanna.

Þar sem þetta er minn síðasti leiðari í þessu annars frábæra blaði sem Bændablaðið er, vil ég koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa unnið með okkur í að ná fram þeim markmiðum að bera virðingu fyrir landbúnaði og þeim vörum sem eru framleiddar af kostgæfni allt í kringum landið. Heilnæmum afurðum sem laus eru við sýklalyfjanotkun og unnin úr hreinu vatni, en það er ekki staðan víða í heiminum. Einnig vil ég þakka okkar frábæra og hæfa starfsfólki sem vinnur fyrir okkur bændur alla daga og allan sólarhringinn þar sem allir eru á vaktinni að standa vörð um bændur og atvinnugreinina. Þá vil ég þakka þeim stjórnarmönnum sem hafa verið í stjórn Bændasamtakanna þessi fjögur ár sem ég hef gegnt stjórnarformennsku.

Megi landbúnaðinum farnast vel til framtíðar með sókn að leiðarljósi.

*Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.*


RÍKISKAUP

Borgartúni26,105Reykjavík|Sími5301400|www.rikiskaup.is

Allar nánari upplýsingar veita starfsmenn Ríkiskaupa í síma 530-1400 eða í gegnum netfangið: fasteignir@rikiskaup.is

AUGLÝSA EFTIRFARANDI EIGN TIL SÖLU:



KIRKJUSKÓGUR Í DALABYGGÐ, UM 105 HA. JÖRÐ.

Kirkjuskógur, landnúmer: 137940, liggur við Vestfjarðaveg.
Fyrir ofan veg eru melar og fjalllendi að mestu,
en neðan vegar eru flói og ræktað tún
sem telst vera 7,4 ha.

Einnig fylgir jörðinni lítill hlutur í Miðá.

Jörðin er steinsnar frá Haukadal sem er allmikill dalur og gengur til austurs og er neðst í honum Haukadalsvatn.

**Nánari upplýsingar um jörðina er að finna**

**á heimasíðu Ríkiskaupa: www.rikiskaup.is**


www.bbl.is



Brú yfir Þjórsá úr íslensku timbri.

Myndir /

# Vegferð viðar og vinnslu

**Skógrækt er langtímaverkefni. Við tölum ekki í áratugum heldur árhundruðum, sem er ekki langur tími í skógrækt.**



**Hlynur Gauti Sigurðsson.**

Fyrstu tré til viðarvinnslu eru alla jafna um 50 ára gömul. Plöntur verða að trjám, skógar verða til og fjöllin eru farin að hverfa á bak við trén. Viðarafurðir sem koma úr skógunum eru orðnar að markaðsvöru og núna á næstu árum mannvirkjum.

Þegar við hófum skógrækt fyrir um það bil 70 árum var markmiðið að sanna að tré til vinnslu gætu vaxið hérlendis. Nýr skógur gæti klætt landið og bætt fyrir það hvernig við eyddum landnámsskógunum með fjárbeit og kolavinnslu, sem var veruleg þörf þegar litla ísöldin gekk yfir.

Útgerðarbóndi frá Vestmannaeyjum hafði það að orði þegar hann var í Heiðmörk að gróðursetja tré 1954: *„Ég vil gjarnan fá þennan mann í vinnu við að selja fisk sem gat sannfært menn um að hægt væri að rækta hér skóg í þessum mosa og hrauni.“* Þessi mikli viðskiptamaður hafði trú á því sem við vorum að gera og vildi gjarnan nýta þekkingu þess manns í viðskiptum. Nú er Skógræktarfélag Reykjavíkur að fella þessi tré og nýta í timburvinnslu. Timburvinnsla á trjám, sem voru ræktuð fyrir 40–70 árum og nú er verið að fella í fyrstu grisjun, er staðreynd og er timbrið nýtt í klæðningar, eldivið, kurl, kyndiköggla, brettaefni, gólfefni, pallaefni, útivistargögn, s.s. borð og bekki, o.s.frv.

Nýr áfangi er í augsýn. Nú mun væntanlega með vorinu hefjast framleiðsla á íslensku timbri fyrir burðarvirki. Sem sagt efni sem er CE merkt og þar með vottað til framleiðslu í burðarvirki þar sem timbur er notað. Við höfum nú þegar framleitt mannvirki úr íslenskum viði, sem þurfti vottun, en það var nýleg göngubrú yfir Þjórsá. Að þeirri vottun og framleiðslu sameinuðust Límtré Flúðum, Norsk Treteknik og Trétækniráðgjöf slf. CE merking á íslensku timbri kallar á að hönnuðir horfi á það með sömu augum og útgerðarbóndinn í Eyjum og hafi trú á því fyrir þær byggingar sem þeir eru að hanna um leið og þeir horfa til allrar þeirra vinnu sem hefur verið lögð í þessa ræktun. Skógrækt er langtímaverkefni þar sem við tölum um 50–100 ár til að ná árangri. Þetta timbur sem við erum að byrja að nota er úr grisjun á 50–70 ára gömlum trjám. Fyrir rúmu ári síðan vannst stór áfangi þegar íslenskt timbur varð gjaldgengt í Svansvottaðar byggingar, en með CE merkingu verður íslenskur viður enn eftirsóttari.

Í upphafi þessa árs fékkst veittur styrkur úr Aski mannvirkjarannsóknarsjóði til að vinna veg og vanda að CE vottun fyrir íslenskt timbur. Bændasamtök Íslands veittu styrknum viðtöku ásamt Trétækniráðgjöf slf. en að baki umsókninni stóðu einnig Skógræktin og Skógræktarfélag Íslands. Skógrækt á Íslandi hefur þau forréttindi að hún er ung og við höfum þekkingu á því hvaðan hver planta er komin.



Íslenskt flettiefni.

Því er tiltölulega auðvelt fyrir okkur að halda utan um uppruna hvers trés sem er fellt og tryggja sjálfbærni skóga hér á landi. FSC vottun kemur síðar enda skilyrði þegar við tölum um útflutning á trjávörum.

Trú okkar Íslendinga á því að hér yxu skógar sem myndu skila viðarafurðum óx þegar Viðarmiðlun Skógræktarinnar var stofnuð í júlí 1996 og hóf sölu á trjávið. Fyrirtæki eins og Byko kom inn í þetta samstarf og var Jón Helgi Guðmundsson forstjóri þar í forystu. Þjóðarvakning varð og má nefna klæðningu á Salnum í Kópavogi sem dæmi. Arkitektar sýndu mikinn áhuga á þessu nýja íslenska byggingarefni og voru fleiri vörur og byggingar búnar til úr íslenskum efniviði.

Um miðja öld voru trjáplöntur aðallega framleiddar af Skógræktarfélagi Reykjavíkur og skógræktarfélögunum. Þrjár stærstu gróðurstöðvar Skógræktar ríkisins voru á Tumastöðum, Vöglum og Hallormsstað. Plönturnar dreifðust í nærumhverfið, s.s. Haukadal, Þjósárdal, Vaglaskóg, Hallormstaðaskóg og víðar.

Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Eyfirðinga framleiddu plöntur fyrir Öskjuhlíð, Heiðmörk, Kjarnaskóg og nánasta umhverfi. Þær trjátegundir sem mest var gróðursett á þessum árum, og eru að koma til vinnslu núna, voru sitkagreni, lerki, stafafura og alaskaösp. Aðrar tegundir voru gróðursettar til skrauts, eins og birki, víðitegundir, bergfura, skógarfura, rauðgreni og fleiri. Nú, þegar vaxtarskilyrði hafa víða batnað fyrir viðkvæmar tegundir, mætti vel hugsa sér að koma upp laufskógarlundum með eins og t.d. reyniviði, sem er okkar harðviður, og fleiri tegundum í þeim dúr, t.d. eik, hlyni og aski.

Áður en lengra er haldið er rétt að útlista hvaða trjátegundum var plantað á þessu tímabili þ.e.a.s. fyrir 40 til 70 árum. Við tökum fyrir skógsvæðin hér á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi. Trjátegundirnar sem verða nýttar frá þessum svæðum eru timbur úr trjám af ætt berfrævinga og eru trjátegundir sem vaxa í Norður-Ameríku og Norðaustur- Evrópu eins og skilgreint er í staðlinum ÍST EN 1912.

(Skógarfura – *Pinus sylvestris. Stafafura - Pinus contorta. Rauðgreni – Picea abies. Sitkagreni - Picea sitchensis. Evrópulerki – Larix decidua. Síberíulerki – Larix sibirica. Rússalerki – Larix sukaczewii*). Í nánustu framtíð má reikna með að alaskaöspin – Populus trichocarpa – verði nýtt sem burðarviður.



**Ólafur Sæmundsen skógfræðingur.**



**Eiríkur Þorsteinsson trétæknir.**

Skógarauðlindin fer stækkandi. Í þjóðskógunum er elstu tré landsins að finna og hefur grisjunarviður þeirra skóga verið nýttur af mætti yfir áratugina. Skógar skógræktarfélaganna hafa einnig vaxið vel og nú ber mjög á uppgangi hjá nokkrum félögum í viðarvinnslu. Má þar helst nefna skógræktarfélög Reykjavíkur, Eyfirðinga og Árnesinga en nokkur til viðbótar eru líkleg til leiks innan fárra ára. Síðastir í upptalningunni en alls ekki sístir koma skógarbændur. Þó þeirra skógar séu mun yngri en fyrrgreindu frumkvöðlanna tveggja er samanlagt flatarmál þeirra skóga mest. Skógar bænda stækka vel og jafnvel betur en þeir sem eldri eru. Kemur það m.a. til út af aukinni þekkingu og reynslu sem frumkvöðlarnir hafa öðlast. Val á efniviði hefur mikið að segja um árangur skógræktarinnar. Plöntu- og kvæmaval til gróðursetningar síðustu ára eru alla jafna fyrsta flokks með tilliti til vaxtar og gæða. Reikna má með miklu framboði viðar frá skógarbændum til vinnslu á næsta áratug eða svo. Þörfin fyrir grisjun er víða orðin aðkallandi. Það stefnir því í að innan fárra ára verði mjög mikil aukning á framboði á íslenskum viði. Við þetta má bæta að verðlag á viði er í hæstu hæðum á heimsvísu um þessar mundir og gefur það tilefni til að íslenskt timbur sé ekki eingöngu samanburðarhæft í gæðum en ekki síður verði.

Ljóst er að íslenskur viður er samanburðarhæfur við innfluttan burðarvið og innan skamms verður það fyrir allra augum með innleiðingu CE merkingar. Íslensku skógarnir hafa sannað sig. Okkur er því ekkert að vanbúnaði við að byggja úr heimafengnum efniviði.

*Höfundur er sérfræðingur hjá BÍ.*

# Minning: Björn Halldórsson



Aðalfundur Sambands íslenskra loðdýrabænda árið 2000 fór fram á Eiðum. Bjartir dagar síðsumars og vel á móti okkur tekið af Austfirðingum. Undirritaður var þá formaður SÍL en hafði beðist undan endurkjöri. Aðalfundur fór vel fram en óvæntur atburður átti sér stað að fundinum loknum þegar ný stjórn skipti með sér verkum; Björn Halldórsson var kjörinn formaður.

Ekki var laust við að nokkur skjálfti færi um loðdýrabændur vegna tíðindanna. Einnig komu málsmetandi aðilar úr félagsmálum bænda sem og starfsmaður landbúnaðar-ráðuneytis að máli við undirritaðan og lýstu yfir áhyggjum sínum af nýrri forystu SÍL.

Segir þetta nokkuð um þáverandi stöðu Björns sem og mannkosti hans og lunderni. Hann þótti kannski í eðli sínu stjórnarandstæðingur. Var með ákveðnar skoðanir og lá ekki á þeim, var sama um hvað öðrum þótti um þær og gat verið óvæginn. Hann var keppnismaður og fylginn sér. Mikill fagmaður þó að það væri kannski ekki viðurkennt að fullu. En hann vann vel úr þessari stöðu.

Margir af fyrrgreindum mannkostum komu sér vel í starfi formanns. Það kom líka í ljós að hann hafði á sér mýkri hlið. Hann hafði lag á að hlusta á aðra, lempa mál og ná sáttum.

Skemmst er frá því að segja að loðdýrabændur völdu Björn sem forystumann sinn og málsvara í 18 ár. Segir það sitt um Björn Halldórsson. 18 ár eru langur tími í forystu fyrir búgreinafélag og er óhætt að segja að aldrei hafi hann verið valtur í sessi. Ekki þar með sagt að ekki hafi gustað um á stundum og gátu skoðanaskipti verið býsna hörð en í sátt var þó jafnan gengið frá borði.

Áttum við Björn mörg góð samtöl á þessum árum. Eitt sinn nefndi hann áhyggjur sínar af því að hann væri að staðna og hvort ekki væri rétt að hleypa að fólki með nýjar hugmyndir. Ég svaraði eitthvað á þá leið að það væru tvær leiðir færar í þessu; önnur væri að fá nýtt fólk með hugmyndir og hin að fólkið sem fyrir væri fengi nýjar hugmyndir. Seinni leiðin átti vel við Björn, faglega sýn hans og metnað, enda held ég að hann hafi gert sér viðfangsefnið skemmtilegt með þeirri nálgun.

Björn markaði djúp spor í þróun loðdýraræktar á Íslandi. Má þar nefna kennslu á Hólum, með búskap sínum og fjölskyldu sinnar í Vopnafirði, samskipti við yfirvöld og tengsl erlendis. Dýpstu sporin mörkuðu án efa kynbætur á dýrastofninum og gætir þeirra spora enn. Í formannstíð sinni beitti Björn sér mjög fyrir innflutningi kynbótadýra frá Danmörku. Nokkuð hafði forystu um að færa þessa starfsemi undir hatt SÍL í samstarfi við Bændasamtökin og gera að félagslegu verkefni. Þannig var rekið sóttkvíarbú á vegum SÍL og kynbótadýrin seld til bænda á félagslegum grunni. Árangurs af þessu verkefni undir forystu Björns gætir enn, því að íslensk minkaskinn eru nú verið flutt inn árin áður, ýmist af hálfu Búnaðarfélags Íslands, en einnig af einkaaðilum. Björn hafði dýrustu minkaskinn sem seld eru í uppboðshúsi Saga í Helsinki, eina uppboðshúsinu sem tekur við minkaskinnum úr öllum heiminum.

Megi minning Björns Halldórssonar lifa.

Ég sendi aðstandendum samúðarkveðjur.

***Bjarni Stefánsson***

Það er oft skammt stórra högga á milli. Nú hefur kvatt okkur Björn Halldórsson, formaður stjórnar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, mikilvirkur baráttu- og félagsmálamaður í málefnum bænda. Það er mikill missir fyrir atvinnugreinina að Björn skuli hafa verið kallaður á brott svo fyrirvaralaust úr miðri eldlínu baráttunnar. Við söknum þó ekki einungis mikilvirks baráttumanns. Við söknum fyrst og fremst góðs vinar.

Ljóslifandi minning er af fyrstu kynnum mínum af Birni. Ég var nýtekin við sem framkvæmdastjóri Bændasamtakanna og mér var tilkynnt um það að skoðunarmaður samtakanna væri kominn í hús. Gríðarlegt verkefni var fyrir höndum, fjárhagsleg og félagsleg endurskipulagning samtakanna og Björn stóð þétt eins og klettur við bakið á skrifstofunni í gegnum þær breytingar, íklæddur gamla góða leðurvestinu.

Björn var „orginal" maður með sýn, hann var á framtíðarvagninum, mjög fylginn sér og við áttum reglulega hressileg skoðanaskipti. Hann hjálpaði mér mjög mikið við endurreisn samtakanna, ráðlagði mér heilt og veitti mér mikinn stuðning í að vaxa og dafna í mínu starfi. Mér þótti þar af leiðandi undurvænt um kallinn og með okkur tókst innihaldsrík vinátta.

Þín verður saknað, kæri vinur, takk fyrir allt.

***Vigdís Häsler.***





Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi Sími 550 3000 Gsm 892 6000



## Til sölu jarðirnar Hólmahjáleiga og Rimakot

**Fasteignamiðstöðin kynnir jörðina og kúabúið Hólmahjáleigu, 861 Hvolsvelli, fastasteignanúmer: F219-2433 og landeignanúmer: L163869.**
**Einnig Rimakot sem er aðliggjandi jörð, fasteignanúmer: F219-2662 og landeignanúmer: L163887**
**svo og öllu því sem eignunum fylgir og fylgja ber.**

Jarðirnar verða seldar með bústofni vélum og framleiðslurétti.

**Á Hólmahjáleigu eru eftirfarandi byggingar:**

Íbúðarhús byggt 1991 - 180m2 - nýleg klæðing, nýjar rúður og gluggar, nýtt eldhús, nýtt þvottahús, nýtt bað, mikið endurnýjað, 5 svefnherbergi.

Eldra fjós með nýlegri viðbyggingu, 47 legubásar, Lely A3 mjaltaþjónn, 5000L tankur.
Nýleg klæðning á veggjum og þaki.
Vélarskemma, Nýleg klæðning á veggjum og þaki, óeinangruð en þétt.
Eldri hesthús byggt við fjós, Nýleg klæðning á veggjum, nýtt undir kálfa og uppeldi.
Eldri fjáhús með pláss fyrir geldneyti á steinbitum í hlöðu, fjárhúsið sjálft, og viðbygging, notað með hálmi.
Greiðslumark um 276.000. lítrar.
Um 50 kýr og 65 kvígur á ýmsum aldri.
Landstærð alls um 600 hektarar þar af 270 hektarar gróið og grasgefið land, ræktað land um 86 hektarar og um 330 hektarar sandur/fjara.
Jarðirnar eiga báðar land að sjó.

**Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson í síma 892 6000 eða magnus@fasteignamidstodin.is**

# Lífræn hreinsistöð






- **Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð**
- **Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar**
- **Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð**
- **Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti**
- **Engin hreyfanlegir hlutir**
- **Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar**

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

## Límtré-Timbureiningar




Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

# Hvernig stóð á kúfi dauðsfalla eftir að veiran var að mestu horfin?

**Mikill fjöldi ótímabærra dauðsfalla á síðustu misserum hefur ekki farið fram hjá landsmönnum.**



**Þorgeir Eyjólfsson.**



**Helgi Örn Viggósson.**







Þrátt fyrir að mjög hafi dregið úr áhuga eldri borgara á Íslandi á bólusetningum gegn Covid, þar sem innan við helmingur 60 ára og eldri þáðu bólusetningu vetrarins, dugði það ekki til að forða Íslandi frá því að mælast með hæsta hlutfall umframdauðsfalla í Evrópu í desember sl. samkvæmt útreikningum Eurostat, eða 25,2%. Samkvæmt landlækni reyndust umframdauðsföllin í desember vera 11,2%. Mismunandi tölur skýrast af því að ekki er tekið tillit til mannfjöldaþróunar hjá Eurostat. En vitaskuld breytir engu hvernig er reiknað. Kjarni málsins er sá að að baki báðum tölum er sami fjöldi einstaklinga sem hlotið hafa ótímabærann dauðdaga fyrir tilverknað mRNA bóluefnanna.

Umframdauðsföllin sem hér hafa verið nefnd eru því miður einungis toppur ísjakans. Undir yfirborðinu eru sorgleg dæmi um mikinn skaða af völdum bóluefnanna sem hrjá fjölda einstaklinga og fleiri en einn í sumum fjölskyldum. Átakanlegt hefur t.d. verið að fylgjast með frásögnum af fjölgun greininga á Parkinsonsjúkdómnum. Heilasjúkdómarnir Alzheimer og Parkinson deila meinleiðum með príonsjúkdómum eins og Creutzfeld-Jakob Disease (CJD). Niðurstöður rannsókna hafa sýnt hvernig Covid mRNA-efnin geta valdið príonsjúkdómum. CJD stafar af því þegar venjuleg príonprótein, sem finnast á yfirborði margra frumna, verða óeðlileg og klessast í heilanum, sem veldur heilaskaða. Þessi óeðlilega uppsöfnun skemmdra prótína í heilanum getur valdið minnisskerðingu, persónuleikabreytingum og hreyfierfiðleikum.

Þekkt eru skaðleg áhrif mRNA efnanna á starfsemi hjartans en helsti ráðgjafi sóttvarnayfirvalda hefur staðfest að bólusetning gegn veirunni þrefaldi líkur á bólgu í hjartavöðva og á annað þúsund ritrýndar vísindagreinar hafa komið út um hvernig sprauturnar geta skaðað hjartað, þar á meðal framskyggnar rannsóknir (þátttakendur mældir fyrir og eftir sprautu) með niðurstöðum sem segja að í kringum 3% ungs fólks fái hjartavöðvabólgu, í langflestum tilvika einkennalaust en getur engu að síður verið lífshættulegt ástand.

Þrátt fyrir að birtar hafi verið þúsundir ritrýndra rannsókna í vísindaritum sem staðfesta skaðsemi Covid mRNA bóluefnanna virðist sem þær staðreyndir nái ekki augu og eyrum stjórnenda heilbrigðismála. Haldið er áfram að halda mRNA efninu að eldri borgurum. Hér verður rakið hvernig dauðsföll sem rekja má til bóluefnanna voru skráð sem af völdum Covid sjúkdómsins væru þrátt fyrir að veiran hafi verið gengin yfir og sóttvarnatakmörkunum hafi verið aflétt þegar kúfur dauðsfallanna átti sér stað í mars 2022.

SARS-CoV-2 veiran sem veldur Covid-19 sjúkdómnum barst til landsins í febrúar 2020 og hófust bólusetningar gegn veirunni um áramótin 2020/2021. Á árinu 2020 lést 31 af völdum Covid, flestir komnir fram yfir væntan lífsaldur.

Landsmenn þáðu 719.000 sprautur af bóluefnum á árinu 2021. Þátttaka almennings í bólusetningum var mikil og þáðu liðlega 80% frumbólusetningu (fyrstu tvær sprauturnar) og 69% fyrstu örvunarsprautuna. Þegar árið var gert upp kom í ljós að 7 höfðu látist úr sjúkdómnum en hins vegar höfðu Lyfjastofnun borist 33 tilkynningar um dauðsföll í kjölfar bólusetninga á árinu 2021. Því létust þó nokkuð fleiri á árinu 2021 af völdum bóluefnanna en látist höfðu af völdum Covid á árinu. Rétt er að hafa í huga að vanskráningarþátturinn í passífum tilkynningakerfum eins og Lyfjastofnun rekur er mjög stór.

Alda Covid-smita gekk yfir í byrjun árs 2022. Þrátt fyrir mikinn fjölda smita reyndist lítið um alvarleg veikindi og spítalainnlagnir héldust fáar. Því var talið óhætt að afnema allar sóttvarnaráðstafanir vegna Covid 25. febrúar 2022. Mikil áhersla var lögð á örvunarbólusetningar um veturinn. Landsmenn þáðu á fjögurra mánaða tímabili nóv. til feb. 2022 alls 225.000 sprautur. Afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Umframdauðsföllum fjölgaði mjög í kjölfar bólusetninganna eins og sjá má á súluritinu. Flest urðu umframdauðsföllin í mars 2022 þegar landlækni reiknaðist til að þau hefðu verið 40,6% (54,4% samkvæmt Eurostat). Þrátt fyrir að afleiðingar bólusetningarstefnunnar væru aðilum ljósar var haldið áfram að örvunarbólusetja almenning og þáðu landsmenn 154.000 bóluefnaskammta á árinu 2022.

Í árslok lá fyrir að dauðsföllum hafði fjölgað um 15% á milli ára á sama tíma og landsmenn höfðu þegið 873.000 sprautur.

Stefna þessi er ekki síður óskiljanleg í ljósi þeirrar vitneskju að sprauturnar gera fólk útsettara bæði fyrir smitum og veikindum af völdum Covid, skv. fjölda rannsókna. Sem dæmi, í stórri rannsókn hjá Cleveland sjúkrahúsinu, sem er eitt helsta rannsóknarsjúkrahúsið í BNA, er komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem höfðu fengið 4 sprautur eða fleiri voru 338% líklegri til að veikjast af Covid m.v. óbólusetta, á meðan 3 sprautur gerðu þá 315% líklegri. Afleiðingarnar eru ekki aðeins að fólk verður veikara fyrir alls kyns sýkingum, heldur einnig krabbameinum, sjálfsónæmissjúkdómum, hjarta- og æðakerfis-, taugakerfis- og segmyndun.

Til að auðvelda lesandanum að glöggva sig á orsakasamhengi bólusetninganna og dauðsfallanna sýna bláu súlurnar fjölda bóluefnaskammta í mánuði hverjum (hægri ás) og rauða línan sýnir umframdauðsföll í prósentum (vinstri ás) sem í kjölfarið fylgdu. Á línuritinu eru dregnir hringir sem sýna hvernig dauðsföllum fjölgar nokkrum vikum eftir að aukinn kraftur er settur í bólusetningarnar hverju sinni.

En aftur að fjölgun dauðsfallanna veturinn 2021/2022. Hvernig átti að gera grein fyrir þessari fjölgun dauðsfalla án þess að viðurkenna að dauðsföllin mætti rekja til bóluefnanna?

Ákveðið var að skrifa dauðsföllin á Covid-sjúkdóminn í þeirri von að stjórnvöld og almenningur tækju það trúanlegt. Það virðist hafa gengið eftir því til þessa dags hefur ekki orðið vart opinberrar umræðu um skýringar embættis landlæknis á dauðsföllunum á árinu 2022.

Klippan er af heimasíðu embættis landlæknis og sýnir hvernig dauðsföllin á árinu 2022 voru bókuð sem af völdum Covid-19. Ef haft er í huga að ómíkrón-afbrigði veirunnar tók yfir í byrjun árs 2022, sem skv. vísindamönnum var mjög vægt í samanburði við þau fyrri, væg kvefveira sem sýkir aðeins vefi í efri öndunarveg, auk þess sem að nánast allir landsmenn voru komnir með mótefni, náttúrulegt eða sprautaðir, verða útskýringar landlæknis enn ótrúverðugri.

Í mörgum löndum standa yfir rannsóknir á atburðarás og ákvörðunum tengdum Covid-19 á liðnum árum. Tímabært er að við Íslendingar gerum það einnig. Það er þýðingarmikið til þess að læra megi af mistökunum þannig að þau endurtaki sig síður.

Því miður virðist ýmislegt benda til að við stöndum fljótlega frammi fyrir sömu viðfangsefnum og á árinu 2020.

Mikilvægt er að stjórnvöldum takist betur upp næst.

*Þorgeir Eyjólfsson er eftirlaunaþegi og Helgi Örn Viggósson hugbúnaðarsérfræðingur.*






1858

Hundurinn amtmannsins og kláðamaurinn

„Hjá þjóðinni sjálfri hefur komið fram það, sem oss verður svo oft, að láta hrífast eingöngu af hinni fyrstu tilfinningu, en gefa ekki rúm rólegri íhugun. Menn einblína á hitt, sem hefur borið við hjá oss á öðrum tímum og undir öðrum kringumstæðum að öllu leyti, og mönnum þykir það eins og sjálfsagt, að þegar stjórnin varð að grípa til þess fyrir 80 árum að skipa niðurskurð, af því að enginn læknir og engin meðul voru til, engin hirðing eða neitt, og allt gekk á tréfótum bæði það og annað, þá sé sjálfsagt, að svo eigi nú að vera og það eitt geti stoðað ... Hver laus flugufregn, sem berst manna á milli, hver hleypidómur, sem getur náð rót hjá einhverjum, þetta er haldið eins og trúargrein, en skýrslur á rökum og sannindum byggðar eru að engu hafðar, þegar þær eru á móti þeirri ímyndun og ótta, sem hefur fest rætur hjá mönnum ... Þó að ein sveitin skeri, þá getur kláðinn komið í hina sveitina, áður en nokkur veit af. Þó að Húnvetningar skeri nú, til að verja Skagafjörð og norðursveitir, þá getur kláðinn komið upp í Skagafirði að vetri, og þegar Skagfirðingar eru að skera seinustu ána, þá getur kláðinn verið að spretta upp í Eyjafirði, og svo koll af kolli. Enda hver getur ábyrgzt, að ekki loði kláðamaur jafnvel í sýslumanninum sjálfum, eða í amtmanninum, eða í hundinum þeirra, ef þeir koma á blóðvöllinn, og berist með þeim úr einni sýslunni í aðra? — Allt ber þess vegna, eftir vorri beztu sannfæringu, að því, að það sé eina ráðið, að allir, bæði æðri og lægri, leggist á eitt með að hvetja til lækninga og til alls þess, sem bætir hirðing og þrifnað fénaðarins ... Oss virðist auðsætt, að sú aðferð að drepa allt niður, sem veikt verður, eða bæði sjúkt og heilbrigt, án þess að reyna nokkurar lækningar, án þess að bæta fjárrækt sína og húsakynni, og án þess að taka sér fram í neinu, sé ekki einungis svo grimmúðlegt, að það líkist villiþjóðum — og það verra, sem það er auðvirðilegra að vera fjárböðlar en mannaböðlar — heldur og einnig svo hættulegt fyrir bjargræði manna, að það geti valdið hallæri í landinu og jafnvel drepsótt í fólkinu sjálfu, sem landið byggir, og enn fremur er það gagnslaust í framtíð, því að enginn lærir þar af að sjá við þessu meini, hvenær sem það ber að höndum, eða fyrirbyggja það, heldur eru menn jafnilla undirbúnir í hvert sinn eftir sem áður ... Nú í sumar er enn tíð að fá meðul og lækna og hafa samtök hin öflugustu í þessu efni, en ef það er forsmáð, getur hættan að vetri orðið enn meiri og skaðinn enn hættulegri. Það væri fagurt dæmi fyrir embættismenn vora, hina helztu bændur og ekki sízt blaðamennina að ganga undan öðrum með góðu eftirdæmi og hvetja hina tómlátu vægðarlaust til að sýna dugnað og þrek til að frelsa lífsbjörg sína og velmegun landsins, heldur en að horfa á, að allt fólk sé eins og höggdofa og hver reki annan í ótta og skelfingu að troginu ..."

Jón Sigurðsson.
(Ný félagsrit.)

**Grein Jóns Sigurðssonar eins og hún birtist í Öldin sem leið, minnisverð tíðindi 1801–1860. Forlagið Iðunn gaf út árið 1955.**

# Niðurskurðargapuxarnir



**Árni Baldursson.**

**Eins og meðfylgjandi grein í Nýjum félagsritum frá 1885 ber með sér hafa verið uppi um aldir deilur um hvort skera skuli niður og útrýma þannig sjúkdómum sem upp koma enn og aftur.**

Hvað hefur niðurskurður á heilbrigðu fé skilið eftir sig annað en skömmina og skaðann? Niðurskurðargapuxarnir með stjórnvöld að baki sér hafa verið og eru þjóðarböl. Löngu er vitað að til er fé sem ekki fær riðuveiki og menn með glögga sýn yfir sínar hjarðir hafa sýnt að ræktun skilar sér gagnvart riðuveikinni. Sú skömm og niðurlæging sem á niðurskurðargapuxunum hvílir skal fylgja þeim út yfir gröf og dauða. Enda verður sá skaði sem þeir hafa valdið best bættur með því að minnast þeirra eins og þeir eiga skilið. Betur að þeir hefðu aldrei fæðst. Þessi hjálagða grein eftir Jón Sigurðsson forseta á við enn í dag og mætti birta hana í hverju Bændablaði hér eftir.

*Höfundur er hrossabóndi.*

# Eignaupptaka í nafni sjálfbærrar landnýtingar?

**Í Samráðsgátt stjórnvalda lágu fyrir skemmstu til umsagnar drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.**


Dr. Sigurður E. Jóhannesson.

Líklegt má telja að öll – eða í það minnsta vel flest – séum við sammála um mikilvægi skynsamlegrar nýtingar landsins gæða og ósammála óskynsamlegri og óvandaðri nýtingu sem gengur um of á auðlindirnar og leiðir til hnignandi ástands lands.

Við ættum einnig öll að vera sammála um að kapp er best með forsjá þegar kemur að lagasetningu. Lagasetning ætti einnig alltaf að miðast við möguleikann á verstu mögulegu ráðamönnum.

Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu – og reyndar lögin sem hún byggir á – lög um landgræðslu nr. 155/2018 – fellur því miður algerlega á prófinu um hina verstu mögulegu ráðamenn.

Hér er yfirvöldum gefin heimild til að skikka landeigendur til að gera úrbætur á landi sínu, telji yfirvaldið að slíkra úrbóta sé þörf. Verði landeigandi ekki við kröfum yfirvalda getur hann átt von á sektum sem geta numið allt að 500.000 krónum á dag.

### *Hættan af vondu yfirvaldi*

Hér er að ýmsu að huga.

1. Reglugerðin (og reyndar lögin) virðist ganga í berhögg við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar 72. gr. – þ.e. á þeim löndum sem eru í einkaeigu.

2. Hvað er „sjálfbært“ er sjaldan eða aldrei hægt að skilgreina með nákvæmni. Auðvelt yrði því fyrir hið vonda yfirvald að nýta sér þetta með því að setja fram ýtrustu kröfur um úrbætur.

3. Skilyrði 10. gr. reglugerðardraganna um að mat landsins skuli byggja á „...viðurkenndum vísindalegum grunni ...“ nær ekki að girða fyrir hættuna sem nefnd er í lið 2 hér að ofan. Yfirvald sem hefur illan ásetning mun nefnilega einnig ákvarða hver hinn viðurkenndi vísindalegi grunnur er.

Reglugerðin (og lög 155/2018) er því berskjölduð fyrir hættunni af vondu yfirvaldi.

### *Sviðsmynd í boði reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu*

Hér er sviðsmynd sem reglugerðin og lögin bjóða t.d. upp á:

Djúp kreppa hefur skollið á, á Íslandi.

Fólk berst í bökkum um allt land.

Eins og oft gerist við slíkar aðstæður, hallar fólk sér að „sterkum“ leiðtogum.

Hinn sterki leiðtogi – eða hið sterka/öfgasinnaða stjórnmálaafl – kemst til valda.

Leiðtoginn er valdgírugur og leitar allra leiða til að styrkja og efla völd sín.

Ein leið til að styrkja valdið er að gera almenning veikan og háðan leiðtoganum.

Leiðtoginn sendir því embættismenn sína út um allt land til að meta hversu sjálfbær landnýting bænda og annarra landeigenda er.

Leiðtoginn gætir þess að gera kröfurnar mjög strangar – allt undir yfirskini þess að landið sé undirstaða velferðar og því verði að tryggja sjálfbærni þess.

Fáir hafa tök á að ráðast í endurbæturnar sem farið er fram á enda kreppan að leika fólk illa.

500.000 króna dagsektirnar hlaðast upp hjá landeigendum út um allt land. Á einu til tveimur árum er skuld flestra landeigenda við ríkið, vegna dagsektanna, orðin hærri en verðgildi jarða þeirra.

Leiðtoginn leysir til sín jarðir landeigenda upp í skuldir þeirra við ríkissjóð.

Enginn getur kvartað eða leitað réttar síns enda fór leiðtoginn að lögum í einu og öllu – lögum nr. 155/2018 og reglugerðinni sem hér er til umfjöllunar.

Einhverjum kann að finnast þessi sviðsmynd langsótt. Ég bið þá sömu um að skoða söguna sem er stútfull af dæmum sem þessum.

### *Niðurstaða*

a) Landgræðsla og sjálfbær landnýting er góð.

b) Leiðbeiningar frá Landi og skógi til landeigenda eru góðar.

c) Lögbinding úrbóta sem ákvarðaðar eru af hinu opinbera og viðhangandi sektarákvæði eru glapræði.

Ég skora á alla landeigendur og aðra umráðamenn lands að mótmæla ólögum sem þessum og minni í því samhengi á orð Periklesar, eins helsta frömuðar hins gríska lýðræðisríkis: „Það að þú hafir ekki áhuga á stjórnmálum þýðir ekki að stjórnmálin hafi ekki áhuga á þér.“

Góður ásetningur réttlætir ekki vond lög.

Kapp er best með forsjá.

Endurskoða þarf lög um landgræðslu nr. 155/2018 og þá reglugerð sem fjallað hefur verið um hér m.t.t. lögbindingar úrbóta og viðhangandi sektarákvæða.

Með kveðju.

*Höfundur er umhverfis- og auðlindafræðingur.*

## Skipulagsauglýsing

Tálknafjörður

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps auglýsir hér með tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039 ásamt umhverfismatsskýrslu og athugasemdum Skipulagsstofnunar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér endurskoðun á Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039 og er sett fram á uppdrætti, í greinargerðum og í vefsjá: https://storymaps.arcgis.com/stories/e964ea14e94147a19de2e13365b420

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík, og í vefsjá á sérstakri vefsíðu um verkefni, sem og í skipulagsgáttinni, málsnr. 66/2024 frá og með 27. febrúar 2024 til og með 9. apríl. 2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. apríl 2024.
Athugasemdir skulu vera skriflegar og undirritaðar með nafni, kennitölu og heimilisfangi.

Þeim skal skila á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Tálknafjarðarhreppi, eða á netfangið talknafjordur@talknafjordur.is, merktum Aðalskipulag 2039.

*Bent er á að athugasemdir við aðalskipulag eru opinber gögn.*

**Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps**


Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA


Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is


Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI




VALTRA Q305 TIL AFGREIÐSLU STRAX
EINNIG TIL AFGREIÐSLU STRAX
✓ VALTRA A115H4
✓ VALTRA A135LH
✓ VALTRA A115MH4
✓ VALTRA G135V
✓ VALTRA N175A
✓ VALTRA T195A
✓ VALTRA N155EA

AFLVÉLAR
TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI
Garðabæ | Akureyri | Selfossi
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Lögfræðistofa Reykjavíkur
LÖGMANNSÞJÓNUSTA


Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

# Þjóðlendukröfur í eyjar og sker

## – Ósamræmi við lög og afbökun

**Óbyggðanefnd tók til meðferðar-svæði 12, með því að fjármála-ráðuneytinu var tilkynnt um að það gæti gert kröfur um þjóðlendur.**


Jón Jónsson.

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annara landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru meginlands Íslands. Það var undir ráðuneytinu komið hvaða kröfur yrðu gerðar.

Óbyggðanefnd hefur á síðastliðnum 20 árum fjallað um öll svæði á meginlandi Íslands á grunni laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Kröfulýsingar ríkisins hafa alla jafnan fengið gagnrýni, en reyndin sú að þeim hefur oft verið hafnað að miklu leyti af Óbyggðanefnd. Greinarhöfundur telur reyndar að framkvæmd löggjafarinnar hafi hvílt á ósanngjörnu sönnunarmati í garð landeigenda og ekki að öllu leyti á réttu mati á jarðaskipulagi þjóðveldisaldar og eignarréttarlegri þróun frá þeim tíma. Svæðisskipting landsins í 11 svæði og staðbundin mótmæli í hvert skipti þegar ríkið setur fram kröfulýsingar, hefur leitt til þess að aldrei hefur skapast nægt pólitískt bakland til að endurskoða lögin og tryggja sanngjarnara sönnunarmat.

Kröfulýsing ríkisins er nú komin fram og eins og oft áður kemur á óvart hve langt er gengið í að véfengja eignarrétt á svæðum, sem almennt séð hefur enginn vafi verið um að séu eignarrétti háð. Segja má að kröfulýsingin feli þó í sér ákveðin nýmæli í vitleysu, sem verða hér útskýrð.


Allar líkur eru á því að tilvik þar sem raunveruleg álitamál eru um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja séu tiltölulega fá. Mynd / úr myndbandi Markaðsst.Vesturlands.

### *Eyjar sem eru hluti meginlands Íslands*

Mörk málsmeðferðarsvæðis Óbyggðanefndar miðast við stórstraumsfjöruborð meginlands Íslands. Þess skal getið að á fyrri málsmeðferðarsvæðum Óbyggðanefndar umhverfis landið, hafði málsmeðferðarsvæði afmarkast af hafi.

Kröfulýsing íslenska ríkisins nær nú m.a. til nafngreindra eyja/skerja sem eru í raun landföst og hluti meginlands Íslands, en einnig er landfastra eyja/skerja getið í almennri umfjöllun um heimildir, þótt ekki komi fram nafngreining í kröfukafla. Kröfulýsing nær m.a. til Örfiriseyjar í Reykjavík, hólma í vatnsföllum og ýmissa eyja sem eru landfastar vegna náttúrulegrar þróunar eða landfyllinga. Þjóðlendukrafa í þessi svæði verður auðvitað ekki tekin til skoðunar, enda utan þess svæðis sem Óbyggðanefnd má fjalla um. Það er hins vegar eðlileg krafa að ríkið farið skipulega yfir öll slík tilvik og að þau verði felld úr kröfugerð. Óvissu og óskýrleika um hvern kröfugerðin snertir verði eytt að þessu leyti.

### *Netlög eru eignarland*

Íslensk lög og lagaframkvæmd ganga út frá því að netlög séu hluti eignarlands fasteigna að sjó, þ.e. 115 metrar út frá stórstraumsfjöruborði. Nefna má í því sambandi ákvæði laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, lög nr. 90/2011 um skeldýrarækt og breytingar á vatnalögum nr. 132/2011. Í kröfulýsingu ríkisins er ekki minnst á þetta. Kröfulýsing fjallar ekki um netlög og skapar það óvissu um eignarréttarlega stöðu eyja/skerja sem rísa úr hafi innan netlaga. Það er í raun alveg fráleitt lögfræðilega að eyjur, sker eða boðar sem rísa upp í netlögum jarða á meginlandi Íslands séu annað en eignarland. Þjóðlendumál hafa hingað til varðað álitamál um gildi mismunandi heimilda, en kröfulýsing í eyjar og sker innan netlaga virðist hreinlega véfengja þýðingu almennra ákvæða laga. Í raun virðist hver einasta strandjörð á Íslandi, þar sem sker eða boði rís úr hafi rétt utan stórstraumsfjöruborðs, þurfa að láta sig kröfulýsingu ríkisins varða. Þetta er furðulega staða, sem ríkið hlýtur að endurskoða.

### *Landauki er eignarland og ströndin er breytileg*

Hafa ber í huga að mörk stórstraumsfjöru eru ekki landfræðilega þekkt, þ.e. nákvæm hnitsetning þeirrar línu á landakortagrunni liggur ekki fyrir. Það sama gildir um netlög, nákvæmlega 115 metra beltis umhverfis strandjarðir er ekki til á neinum kortagrunni.

Þá verður að hafa í huga að grundvallareðli marka jarða við sjó er að mörkin geta verið breytileg. Breyting á strönd vegna malarrifs eða hægfara landriss leiðir til breytingar á landi og netlögum. Skýrir dómar Hæstaréttar liggja fyrir að landauki í hafi er eign aðliggjandi jarðar. Það hefur engum komið það til hugar að verkefni Óbyggðanefndar yrði að afmarka netlög umhverfis allt Ísland á kortagrunni. Kröfulýsing ríkisins mun að óbreyttu þvinga slíka vinnu fram, sem mun leiða til þess að málsmeðferð mun taka mörg ár vegna mikils fjölda mála og nákvæmrar kortagerðar.

Kröfulýsing ríkiins þarf að breytast þannig að netlög séu virt og grundvallarskipan eignarréttar haldi gildi sínu um að netlög miðist við stórstraumsfjöruborð á hverjum tíma. Netlög verði áfram óræð lína. Að minnsta kosti verða kröfulýsingar landeiganda að taka mið af þessu.

Óbyggðanefnd hefur úrskurðað um að jökulröndin árið 1998, þ.e. þegar þjóðlendulög voru samþykkt, ráði mörkum eignarlanda sem áttu land að jökli. Aðferðafræði ríkisins virðist miða að því að um netlög fari eins og mörk jökla. Með því verður réttarstöðu strandjarða raskað.

### *Aðferðafræði þjóðlendu-mála afbökuð*

Í kröfulýsingu ríkisins er ekki mikill rökstuðningur. Í raun virðist aðferðafræði þjóðlendumála til landsins varpað yfir á eyjar/sker, án þess að gætt hafi verið að grundvallaratriðum sem gera viðfangsefnin ólík. Mikilvægar réttarheimildir hafa gleymst, t.d. um netlög, en einnig sérstakar lagareglur og ákvarðanir stjórnvalda sem tekið hafa til eyja við Ísland. Í þjóðlendumálum ræðst niðurstaða í mestu álitamálum af mati á aðstæðum, t.d. hvað land liggur hátt yfir sjávarmáli, legu frá byggð og hvort það hafi aðallega verið nýtt til beitar. Hvernig geta slík sjónarmið átt við um eyjar og sker? Það er algjörlega óútskýrt af hálfu ríkisins. Svo því sé haldið til haga, þá hefur greinarhöfundur hvergi séð greinarskrif um fræðilegan grundvöll þessarar nálgunar ríkisins. Kröfulýsing ríkisins hefði átt að hvíla á ítarlegri rannsókn og ekki byggja á lögfræðitilraunum.

### *Eignarréttarleg skipan á eyjum og skerjum*

Allar líkur eru á því að tilvik þar sem raunveruleg álitamál eru um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja séu tiltölulega fá. Eignarréttarleg staða helstu eyja og eyjabyggða við Ísland hvílir oft á áreiðanlegum heimildum. Það var grundvöllurinn að því að Íslendingar komust af. Á hinn bóginn er ljóst að tilteknar eyjar og sker hafa aldrei verið tengdar eignarhaldi nokkurrar jarðar. Tilvikin sem þarna liggja á milli eru tiltölulega fá.

Það er áhyggjuefni að umfangsmikil kröfugerð ríkisins mun leiða til þess að fjölda jarða er att út í þjóðlendumál á forsendum sem eru í ósamræmi við lög eða afbökun á fordæmum þjóðlendumála. Algjört yfirfall mála getur skapast sem getur komið niður á gæðum málsmeðferðar þar sem helst skiptir máli að gagnaöflun og greining heimilda verði vönduð. Miðað við ákveðna óvissu eða gloppur í heimildaöflun sem greinarhöfundur hefur orðið var við á svæði 11, þar sem um 20 svæði eru undir, er staðan mjög alvarleg, enda má ætla að kröfulýsingar jarða vegna eyja og skerja verði margfalt fleiri.

*Höfundur er hrl. hjá Sókn Lögmannsstofu.*




Ásmundur Friðriksson.


Berglind Ósk Guðmundsdóttir.


Njáll Trausti Friðbertsson.


Teitur Björn Einarsson.


Vilhjálmur Árnason.

# Alvarleg aðför að eignarrétti, landbúnaði og byggðafestu

**Reglugerðardrög um sjálfbæra landnýtingu sem lokið hafa umsagnarferli í samráðsgátt ganga allt of langt og hæpið er að til staðar sé lagastoð til þess að setja eins íþyngjandi kröfur á bændur og sveitarfélög líkt og áform eru um.**

Þá virðist ríkisstofnunin Land og skógur hafa skrifað reglugerðina, eiga að framfylgja henni og hafa eftirlit sömuleiðis. Það er ekki góður bragur af því þegar sami aðilinn situr í öllum sætunum við borðið.

Það er margt furðulegt í reglugerðardrögunum. Land er t.a.m. ekki talið beitarhæft fyrir búfé ef brekkur eru yfir 30° halla, fjall fer yfir 600 metra í hæð eða undir 20% lands séu þakin gróðri. Margir bændur búa við og hafa beitt lönd í áratugi ef ekki árhundruð með góðum árangri þrátt fyrir að eitt eða fleiri þessara ákvæða eigi við. Í þessu samhengi er ágætt að hafa í huga að áætlað er að hver kílómetri af lagningu girðinga kosti um 5 milljónir króna. Er ætlun ráðherra að leggja þann kostnað á bændur eða ætlar hún að punga út nokkrum milljörðum til þess að hægt sé að uppfylla þær óraunhæfu kröfur sem hún vill gera til bænda? Það teljum við ekki góða nýtingu á skattfé.

Þá er ósvöruð spurningin um hvernig ráðherra ætlar að beisla veðrið, hvern á að skattleggja og skikka til uppbyggingu lands þegar hiti verður lægri en -10 gráður eða vindur hærri en 20m/s? Fær Veðurstofan það hlutverk? Það vekur jafnframt athygli að í reglugerðardrögunum eru engar fyrirbyggjandi aðgerðir hugsaðar vegna villtra beitardýra sem róma um landið. Verður Land og skógur með sérstakt eftirlit með þeim eða á e.t.v. að fella öll hreindýr, álftir og gæsir til þess að verja landið?

Að fara vel með land og bæta ástand þess jafnt og þétt er eitt af grunnstefum landbúnaðar. Bændur eru og hafa verið helstu vörslumenn lands um langt skeið. Það er beinlínis hvati ábúenda að tryggja sjálfbæra landnýtingu á landi sínu. Bændur sem ekki tryggja sjálfbæra landnýtingu munu ekki geta ræktað land sitt og haft af því tekjur. Það er í besta falli sóun á skattfé og í versta falli misnotkun þess að hafa íþyngjandi eftirlit frá ríkinu, líkt og birtist í umræddum drögum, til þess að þau skilyrði séu uppfyllt. Það mætti líkja því við að ríkið færi að hafa eftirlit með því að fólk nærðist eða fengi nægan nætursvefn. Óhætt er að treysta bændum til að stunda áfram sjálfbæra landnýtingu án íþyngjandi krafna og eftirlits enda geta þeir án þess ekki stundað búskap, líkt og án matar og svefns til langs tíma getum við mennirnir ekki lifað. Í þokkabót verður matið huglægt og ógerningur að tryggja jafnræði og sömu viðmið um land allt.

Það er augljóst að hér er alvarleg aðför að eignarrétti, landbúnaði og byggðafestu í landinu. Landbúnaður er lykilþáttur í þjóðaröryggi auk þess að vera einn helsti menningararfur landsins. Margir umsagnaraðilar benda á að líklega skorti ráðherra lagastoð fyrir því að skrifa undir reglugerðina óbreytta og að hún gangi á eignarrétt og atvinnufrelsi bænda, sem varið er í stjórnarskrá. Kostnaður hefur ekki verið metinn en milljarðarnir munu safnast hratt upp og ekkert er tekið fram hver skal bera þann kostnað. Í því tilliti ber að minna á að í 129. gr. sveitarstjórnarlaga kemur skýrt fram að kostnaðarmeta verði stjórnvaldsfyrirmæli sem gætu haft áhrif á sveitarfélög.

Hér hefur verið tæpt á nokkrum óásættanlegum atriðum í tengslum við reglugerðardrögin en hægt væri að skrifa margar blaðsíður um málið. Að öllu þessu virtu er það með öllu óásættanlegt að þessi reglugerð verði undirrituð óbreytt. Enn fremur er augljóst að endurskoða verður reglugerðarheimildina og önnur viðeigandi ákvæði í lögum um landgræðslu, nr. 155/2018, og afmarka skýrt í lögunum orðskýringar og viðmiðanir sem leggja á til grundvallar. Jafn víðtækt framsal löggjafans til ráðherra, eins og reglugerðardrögin bera með sér, gengur einfaldlega ekki upp.

*Höfundar eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins.*


BK HÖNNUN

SMAHÝSI 60 m² STÁLGRINDARHÚS



Stálgrindarhús, 6x10 m - 3m vegghæð
Klæðning 40 mm PIR yleiningar.

TÖLUM SAMAN!
sala@bkhonnun.is
571-3535
www.bkhonnun.is

3.500.000 kr.
~~3.850.000 kr~~

Verslunar- og þjónusturými á jarðhæð í hjarta Austurlands

Til sölu eru tveir eignarhlutir í Miðvangi 8 á Egilsstöðum -húsið er í byggingu. Líklegur afhendingartími, miðað við tilbúið undir tréverk, er sumar 2025.

110 m² eignarhlutur á 78 milljónir (63 milljónir án vsk.)
183 m² eignarhlutur á 119 milljónir (96 milljónir án vsk.)

*Aðilar í virðisaukaskattskyldum rekstri fá lækkun sem nemur áföllnum virðisaukaskatti.*



Allar nánari upplýsingar hjá INNI fasteignasölu s.580 7905 eða inni@inni.is

INNI FASTEIGNASALA

Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt vorið 2024

Opnað verður fyrir umsóknir í íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt 8. mars næstkomandi á www.mimir.is.

Prófin verða haldin á eftirfarandi stöðum:

- Ísafjörður 14. maí kl. 13:00
- Egilsstaðir 15. maí kl. 13:00
- Akureyri 16. maí kl. 13:00
- Reykjavík 21. – 29. maí kl. 09:00 og kl. 13:00.

Skráningu lýkur 19. apríl 2024.
Ekki verður hægt að skrá sig eftir að skráningarfresti lýkur.
Prófgjaldið er 40.000 kr.

VARAHLUTIR Í KERRUR



KNOTT
AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER

Bílabúðin Stál og stansar
Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2022
Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Páskablað Bændablaðsins kemur út 21.mars

Munið að panta auglýsingaplássin tímanlega
thordis@bondi.is

# Kýr gera óskunda í þvotti

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Þórbergi Þórðarsyni.**




Þórbergur Þórðarson.

Hann fæddist 12. mars 1888 á Hala í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu, sem þá var eitt afskekktasta byggðarlag landsins. Þaðan fór hann átján ára gamall suður til Reykjavíkur, fyrst til sjós en síðar fékkst hann, þrátt fyrir sult og seyru, við ritstörf, nám og kennslu, með ýmsum útúrdúrum, allt til 1931 en eftir það sinnti hann ritstörfum og hugðarefnum nær eingöngu.

Sterkustu áhrif í lífi Þórbergs virðast hafa verið ritstörf, ástin, íslensk fræði, guðspeki, jóga og spíritismi, esperantó-tungumálið og sósíalismi. Hann var mjög gagnrýninn á samtíma sinn og hikaði ekki við að deila hart á auðvald, embættismenn og kirkju. Hann hafði óbeit á ranglæti og samúð hans var með öreigum. Bersögull var hann og beitti fyrir sig hárfínni kímni og hæðni.

Þórbergur er talinn hafa haft hvað mesta þekkingu samtímamanna sinna á orðaforða og stílbrigðum íslensks máls og hafa búið yfir undraverðri færni í ritun á íslenska tungu. Var hann enda iðulega nefndur Meistari Þórbergur. Eftir hann liggja margar bækur, þ.á m. ljóðabækur, bækur um esperantó, sjálfsævisöguleg skáldverk, ævisögur, ferðasaga, fjölmargar greinar o.fl.

Hann kvæntist Margréti Jónsdóttur árið 1932, hún var bæði menntuð og vel sigld, en áður hafði hann átt dóttur með Sólrúnu Jónsdóttur.

Þórbergur var heiðursfélagi í Skaftfellingafélaginu og Rithöfundafélaginu. Hann var kosinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands 1974 og lést sama ár. /sá

*Heimild: Þórbergssetur.*

*„... Það lagði þægilegan yl frá kúnum um alla baðstofuna. Ég man ekki til, að þar væri nokkurntíma kalt, og aldrei tók maður eftir, að flórlykt legði upp á loftið. Ég fann hana stundum fram í göngin þegar nýbúið var að moka. Mér fannst hún viðkunnanleg. Mig minnir það vera stráð svolitlu af ösku yfir flórinn, þegar lokið var að moka hann. Það hefur líklega verið gert til að gera hann penari og kannski til að taka af honum lykt. Flórinn var þó alltaf mokaður vandlega á Hala.*

*Kýrnar fengu líka hlýju frá fólkinu. Þetta var samhjálp í baráttunni við vetrarkuldana. Þessir fjósbúar voru ein fjölskylda, sem bjó á tveimur hæðum. Og ylurinn frá kúnum var svo náttúrulegur í lífi fólksins, að maður hugsaði aldrei út í það, hvílík vörn þessar blessaðar skepnur voru gegn kuldasjúkdómum og illri líðan. Kannski er það Huppu og Skjöldu að þakka, að ég drapst ekki úr draghóstanum.*

*En maður á að vera hreinskilinn í bókum, og þess vegna get ég ekki sloppið við að játa, að kýrnar voru á ýmsar lundir erfiðar í sambúð, sérstaklega þegar þær voru ekki á básunum. Þær veltu um drýli og sátum á túnum og engjum, þegar þær komust í færi, og þá var auðséð á þeim, að þær voru ánægðar með sig. Þær settu hausana fokvondar í garða og veggi og brutu í þá holur og skörð. Þær stálust í heyflekki og átu úr þeim og óðu yfir þá og tróðu þá niður og skitu í þá. Þær laumuðust inn í kartöflugarða og tróðu niður kartöflugrasið og úðuð það ofan í sig. Þær neituðu sér aldrei um þá skemmtun að leggja lykkju á leið sína til þess að gera óskunda í þvotti, sem breiddur var út eða hengdur á snúrur. Stundum fundu þær upp á þeim fjanda, þegar þær voru reknar heim á kvöldin, að taka undir sig stökk á fjósabalanum og æða eins og bandvitlausar til og frá um túnin með rassana hátt upp í loftið, og maður var nær dauða en lífi að eltast við þær. Og þegar fór að líða á sumarið, gat maður átt það vofandi yfir sér, að þær kæmu ekki heim að á kvöldin, heldur létu rökkrið detta á sig einhvers staðar langt í burtu og legðust þar fyrir í mestu makindum og létu menn leita að sér í myrkrinu, og ég gat aldrei fundið nokkra ástæðu að þessu háttalagi þeirra aðra en þá, að þær væru að stríða manni og gera manni erfitt fyrir. ...“*

*Þegar ég varð óléttur, úrval úr ritum Þórbergs Þórðarson, Húsdýrin á Hala, bls. 38-9, Mál og menning, 1989.*



## Leikfélag Eyrarbakka:

# Einu sinni á Eyrarbakka

**Rúm áttatíu ár eru liðin frá stofnun Leikfélags Eyrarbakka sem var afar virkt fram á 6. áratuginn.**

Hafði leikfélagið legið í dvala þar til snemma hausts í fyrra, er þær stöllur Hera Fjord, Sesselja Pálsdóttir og Hulda Ólafsdóttir tóku af skarið og boðuðu stofnfund sem vel var mætt á og félagar í dag yfir þriðja tug talsins. Leikfélagið hlaut á dögunum styrkveitingu Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, alls 800.000kr., með það fyrir augum að setja upp stuttverkadagskrá nú í mars.

Segir Sesselja, nú formaður, að leiksýningin, sem hlaut nafnið Einu sinni á Eyrarbakka, sé samin af félögum leikfélagsins og standi alls þrettán leikarar á sviði undir leikstjórn Huldu Ólafsdóttur. Semur Hulda einnig samsöngslögin auk söngtextanna í Eyrarbakkasyrpunni, en tónlist er eftir Birki Örvarsson. Eftirfarandi sýning telur þessa þætti:

**Óhugur eftir Guðmund Brynjólfsson.** Fjallar verkið um lífsbaráttu sjávarþorpa, enda um aldir hörð og sambúð manns og sjávar ströng. Brugðið er upp svipmynd alþýðuheimilis á Eyrarbakka um aldamótin 1900 þar sem fylgst er með þremur ættliðum kvenna.

**Eyrarbakkasyrpa eftir Huldu Ólafsdóttur.** Um ræðir fjóra leikna þætti um líf og starf fólks síðustu alda, þ.á m. leikgerð upp úr bók Eyrúnar Ingadóttur um Þórdísi ljósmóður, ásamt rímuðum brag sem tengir þættina saman.

**Myndbandið Lilja mín, eftir Sesselju Pálsdóttur.** Þar má sjá skáldað líf Lilju frá æsku, búsettri á Eyrarbakka. Söngtexti er einnig eftir höfund en lag eftir Norbert Schultze og söngur í flutningi Gerðar Eðvarðsdóttir.

**Biltúrinn, einnig eftir Sesselju Pálsdóttur**. Þar segir frá þegar Ölfusárbrú brast þann 6. september árið 1944 og þurfti að ferja bæði fólk og vörur yfir. Um viku síðar hljóp svo mikill vöxtur í ána að öll umferð yfir hana stöðvaðist og mjólkurlaust varð á Eyrarbakka.

***Sýningar og miðakaup***

Sýnt verður í Byggðasafni Árnesinga, miðaverð kr. 3900, en miða má panta á vefsíðu tix eða í síma 551 3800 á milli klukkan 12–16. Athugið að miðasala verður ekki við innganginn.

Uppselt er á frumsýninguna þann 9. mars, en sýnt verður áfram þann 16. mars kl. 20 og svo 17., 23. og 24. mars kl. 16. */sp*







**Svipmyndir af sviðinu.** Myndir / Halaleikhópurinn

## Halaleikhópurinn:

# Kirkjugarðsklúbburinn





**Halaleikhópurinn víðfrægi tók að sér verkið Kirkjugarðsklúbbinn eftir Ivan Menchell, gamanleik af bestu gerð í þýðingu Elísabetar Snorradóttur.**

Leikhúsgestir fá að kynnast þremur ekkjum, vinkonum sem allar hafa gengið í gegnum missi eiginmanns síns en fundið mismunandi leiðir til að takast á við þá sorg. Þær fara saman mánaðarlega í kirkjugarðinn til að vitja grafanna, og rekast einn daginn á fullorðinn ekkil. Einhverjar tilfinningar kvikna í kjölfarið sem miserfitt er að vinna úr enda spurning hvort eigi að vera sínum ektamanni trú yfir líf og dauða. Eitt er víst að lífið heldur áfram. Vinkonurnar þrjár eru leiknar af þeim Hönnu Margréti Kristleifsdóttur, Sóleyju B. Axelsdóttur og Stefaníu B. Björnsdóttur. Ekkilinn leikur Jón Gunnar Axelsson og kunningjakonu þeirra leikur Margrét Eiríksdóttir undir leikstjórn Péturs Eggerz. Hefjast sýningar þann 8. mars en uppselt er á frumsýninguna. Frekari sýningar eru 10. mars klukkan 17, og svo 16. og 22. mars klukkan 20. Miðasala er í síma 8975007 og á netfanginu halaleikhopurinn.is en miðaverð er 3.500 kr. /sp

## Leikfélag Hörgdæla:

# Bróðir minn Ljónshjarta sett á svið

**Ein hugljúfasta saga Astridar Lindgren segir frá tilveru þeirra bræðra Snúðs og Jónatans sem þurfa að standa frammi fyrir bæði drekum og dularfullu fólki sem siglir oftar en ekki undir fölsku flaggi.**

Segir sagan frá því er yngri bróðirinn Snúður er dauðvona en Jónatan, sá eldri, reynir að hughreysta hann og segir honum að eftir dauðann hefjist ferðin mikla í Kirsuberjadal Nangijala þar sem ævintýrin bíða. Svo fer að Jónatan deyr á undan en fljótlega eru þeir bræður sameinaðir í spennandi atburðarás er þeir hittast aftur í Nangijala. Þar virðist lífið vera yndislegt þangað til kemst upp að það er svikari í Kirsuberjadal sem er hliðhollur því illa sem finnst í þeim heimi, riddaranum Þengli og hans fólki ásamt eldspúandi drekanum Kötlu sem eiga sitt aðsetur í Þyrnirósadal.

Tók Leikfélag Hörgdæla verkið upp á arma sína og hóf æfingar nú í byrjun árs. Alls eru 14 leikarar í sýningunni og enn fleiri sem koma að verkinu á einn eða annan hátt.









**Hér má sjá úrvalslið Leikfélags Hörgdæla, myndir fyrir miðju sýna bræðurna Snúð og Jónatan og að lokum illmennið Kader.** Myndir / Leikfélag Hörgdæla

Leikstjóri er Kolbrún Lilja Guðnadóttir og sér tónlistarmaðurinn Svavar Knútur Kristinsson um tónana. Miklar undirtektir og spenningur eru vegna fyrirhugaðrar sýningar og er nú þegar uppselt á frumsýninguna þann 7. mars. Frekari sýningar eru 9., 10., 16. og 17. mars klukkan 16 og svo 21. mars klukkan 20. Næst er sýning 27. mars klukkan 20, 28., 29. og 30. mars klukkan 16, næst 4. apríl kl. 20 og síðustu sýningar eru 6. og 7. apríl klukkan 16.

Almennt miðaverð er 4.500 kr., 3.500 kr. fyrir börn upp að 15 ára aldri svo og eldri borgara. Miða má fá á vefsíðu tix – www.tix.is, en sýnt verður í Félagsheimilinu á Melum.

Rétt er að geta þess að það verða svokölluð Strobe ljós (blikkandi ljós) í sýningunni sem gætu valdið einhverjum sýningargestum óþægindum. /sp




Magne Kvam býr til gönguskíðabrautir á Hólmsheiðinni og við Blikastaði. Hann vill að sem flestir geti notið skíðagöngu, sem sé ánægjuleg útivist. Hann hefur sjálfur smíðað tækin sem hann dregur með snjósleða. Myndir / Aðsendar

# Einkaframtak í gerð gönguskíðaspora

**Magne Kvam hefur tekið upp á sitt einsdæmi að leggja spor fyrir skíðagöngu á höfuðborgarsvæðinu.**

Hann vill með þessu sýna fram á að það sé hægt að halda gönguskíðabrautum opnum reglulega séu þær unnar almennilega. Uppátækið nefnir hann Sporið.

Þeir sem ætla á skíði geta ekið hinn svokallaða Hólmsheiðarveg sem liggur á milli Grafarholts og fangelsisins þar sem eru þrjú bílastæði. Þá reynir Magne að gera tengispor niður að íbúðargötunni Þorláksgeisla í Grafarholti og segir hann fólk því geta tekið strætisvagn að upphafsstaðnum. Þar að auki gerir hann spor við Hafravatn og Rauðavatn og reynir hann að tengja þessi svæði saman þegar kostur gefst. Magne leggur jafnframt brautir við Blikastaði í Mosfellsbæ.

### *Hólmsheiðin paradís*

„Það er svo mikil synd að sjá svæði eins og Hólmsheiðina ónýtta. Þetta er paradís," segir Magne. Margir sem hafi búið í Reykjavík alla sína tíð hafi aldrei uppgötvað þetta svæði sem sé orðið að þéttri skógrækt.

Eitt af markmiðum Magne sé að fá sem fjölbreyttastan hóp fólks á gönguskíði og sýna fram á notagildi svæðisins að vetri. „Allar leiðir hugsa ég þannig að byrjendur geti skíðað þetta, en að þetta sé ekki „dead boring" fyrir þá sem eru góðir. Mikil áskorun sé að finna hinn gullna meðalveg þannig að allir séu sáttir og leiðirnar ekki hættulegar. Það séu til að mynda aldrei blindbeygjur í kjölfarið af brekkum.

Magne segir ferðaþjónustu-fyrirtækið Icebike Adventures, sem er í hans eigu, hafa staðið straum af kostnaði við lagningu Sporsins undanfarin sex ár. Mosfellsbær byrjaði að taka þátt í verkefninu í tilraunaskyni í vetur. Magne segist jafnframt vera í viðræðum um stuðning frá Reykjavíkurborg, en það sé lengra ferli. Þá hafi Fjallakofinn og Garmin búðin lagt verkefninu lið.

Hann segir fólk afar þakklátt fyrir framtakið og margir hafi komið að fyrra bragði og sýnt vilja til að styðja við bakið á honum. Því bjó hann til skilti með QR-kóða til að auðvelda fólki að senda styrk. Í Bláfjöllum þurfi fólk að greiða fyrir aðgang að gönguskíðabrautunum og margir séu viljugir til að greiða það sama fyrir að nýta sporin hans Magne.

### *Fylgist grannt með veðurspá*

Ein helsta áskorunin við gerð gönguskíðaspora sé hinn mikli breytileiki í snjónum.

Það skipti öllu máli að fylgjast með veðurspá til að geta sporað á réttum tíma og vera búinn að leggja grunn að brautunum þegar loksins kemur almennilegur snjór. Magne segir það hafa komið fyrir að hann hafi byrjað að spora klukkan þrjú að nóttu þar sem þá skapaðist hagstæður veðurgluggi.

Hann heldur fólki upplýstu um aðstæður á Facebook-síðu undir heitinu „Sporið" þar sem hann setur daglega inn upplýsingar um ástand og færð. Þá hafi hann sett upp Strava-aðgang fyrir þá allra hörðustu, en þar geti áhangendur fengið tilkynningar í símann um leið og hann er búinn að spora. Í þetta notar Magne fimm heimasmíðuð tæki sem hann dregur á snjósleða sem ræður við að keyra mjög hægt. Hvert tæki þjónar sérstökum tilgangi og er notað við mismunandi aðstæður. Eitt tækið virkar svipað og valtari og er til að þjappa niður púður og koma í veg fyrir að það fjúki.

Þá notar Magne hefil, sem hann líkir við risastóran ostaskera. Með því skefur hann upp efsta lagið og dreifir því til að fylla í ójöfnur. Nú nýlega útbjó Magne tæki þar sem nýttir eru teinar úr sópvindu á rúlluvél með áföstum hnífum sem dregnir eru í gegnum yfirborðið og fræsa upp harðfennið. Mikilvægasta tækið sé hinn eiginlegi spori sem sé sleði með tveimur fleygum undir sem móta sporið. Þetta tæki geri þó ekkert eitt og sér nema það séu fullkomnar aðstæður, sem sjaldan megi reikna með á Íslandi. */ál*

## Hvalfjarðarsveit:

# Félagsskapur eldri borgara

**Stofnfundur Félags eldri borgara í Hvalfjarðarsveit var haldinn sunnudaginn 11. febrúar í Miðgarði. Jóhanna G. Harðardóttir var kjörin formaður félagsins.**

Hún segir helsta hvatann fyrir stofnun félagsins vera að eldri borgara vanti aðstöðu miðsvæðis innan sveitarfélagsins til að koma saman til að vinna að fræðslu-, tómstunda- og félagsstarfi. Stjórn félagsins ætli að hittast í þessari viku til að leggja á ráðin með viðræður við sveitarfélagið um aðstöðu. Þangað til félagið fær þak yfir höfuðið verði skipulagðir viðburðir sem þarfnist ekki húsnæðis, eins og ferð á Þjóðminjasafnið og göngur. Á stofnfundinn mættu næstum þrjátíu félagar, en Jóhanna reiknar fastlega með að fljótlega fjölgi í hópnum.

Nú sé félagið komið með síðu á Facebook undir heitinu „Eldri borgarar í Hvalfjarðarsveit" og vonast Jóhanna til að félagsskapurinn spyrjist fljótlega út. Þeir sem eru sextíu ára eða eldri og búsettir í Hvalfjarðarsveit geti gengið í félagið.



Félag eldri borgara í Hvalfjarðarsveit vantar húsnæði. Mynd / Aðsend

Á meðfylgjandi mynd er nýkjörin stjórn og varastjórn félagsins. Frá vinstri: Jóna Björg Kristinsdóttir, endurskoðandi reikninga; Kristján Jóhannesson, varamaður; Sigrún Sólmundardóttir, varamaður; Jóhanna G Harðardóttir, formaður; Anna G. Torfadóttir, stjórnarmaður og Áskell Þórisson, stjórnarmaður. */ál*




MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn v. 2024.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra haflidi@icelandiclamb.is





Vélabásinn:

# Rúmgóð og rennileg drossía

## – Prufuakstur á Volkswagen ID.7



**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is




Volkswagen ID.7 er vel útbúinn og fágaður rafmagnsbíll. Innra rýmið er vandað eins og gengur og gerist með þýskar bifreiðar. Aksturseginleikarnir eru afslappandi og er akstursaðstoðin býsna fullkomin. Myndir / ÁL




Form ID.7 er rennilegt en aflíðandi halla á þaki fylgir sá ókostur að höfuðrými aftursætisfarþega skerðist.



Þjóðverjar eru góðir í að gera innréttingar. Hér er allt einhvern veginn mátulegt.



Skottið er rúmgott og stór afturhlerinn gefur gott aðgengi til að koma fyrir stórum hlutum.



Aftursætin ættu að rúma þrjá fullorðna einstaklinga að því gefnu að þeir séu ekki þeir hávöxnustu.

**Að þessu sinni er tekinn til kostanna Volkswagen ID.7 Pro í 1st Style útfærslu. Hér er um að ræða stóran fimm manna rafmagnsfólksbíl sem væri hægt að setja í sama flokk og hinn gamalreynda Volkswagen Passat.**

ID.7 er langur bíll og er það eitt helsta útlitseinkenni hans. Mjúkar línur eru ráðandi og sígur þakið niður í aflíðandi halla að aftan. Andlit bílsins er í samræmi við aðra rafmagnsbíla frá Volkswagen og er ID.7 tilbrigði við sömu hönnun. Framljósin eru tengd saman með ljósrönd, eins og er mikið í tísku þessa dagana.

Þegar stigið er um borð er tekið í innfellda hurðarhúna. Að innan tekur á móti manni týpísk Volkswagen innrétting sem er skynsamlega hönnuð. Flest allt sem fingurnir geta snert er mjúkt en sé það úr hörðu plasti er áferðin á því áhugaverð. Beint fyrir framan bílstjórann er pínulítill skjár sem sýnir grunnupplýsingar, eins og aksturshraða, hvaða akstursstefna er valin og hleðslu á rafhlöðu.

Þessi skjár er hálf óþarfur vegna hins afbragðsgóða sjónlínuskjás sem varpað er inn á framrúðuna og sýnir sömu upplýsingar og meira til. Þessi sjónlínuskjár er sá skýrasti sem undirritaður hefur reynt og er hann til að mynda tengdur við leiðsögukerfið sem sýnir á einstaklega greinilegan hátt hvar og hvenær skal beygja.

### *Takkar í lágmarki*

Takkar eru í algjöru lágmarki en það helsta er aðgengilegt á heimaskjá margmiðlunarskjásins, sem er af svipaðri stærð og í Tesla Model 3. Stýrikerfið er býsna einfalt og hraðvirkt og tekur enga stund að tengja Blátönnina í símanum. Þá er þráðlaust Android-auto og Apple CarPlay. Það er ágætur eiginleiki til að hafa, því þótt innbyggða leiðsögukerfið í bílnum sé gott, þá er það ekki eins notendavænt og Google Maps.

Allt sem viðkemur miðstöðinni hefur verið fært í skjáinn. Það er fljótlegt að stilla hita og blástur, en maður þarf að kafa aðeins dýpra til að stjórna blástursstefnunni. Það er ekki hægt að hreyfa neinar ristar handvirkt heldur þarf að gera það í gegnum valmynd á skjánum. Þarna myndi maður segja að Volkswagen sé að gera einfaldan hlut flókinn.

Öflug bakkmyndavél er í bílnum sem sýnir mynd á skjánum. Hún er algjörlega nauðsynleg vegna stærðar bílsins og hversu langt er á milli ökumannsins og afturendans.

### *Miklir stillimöguleikar í sætum*

Framsætin eru breið með stórri sessu, sem er hægt að lengja handvirkt til að fá betri stuðning undir lærin. Flest öllum stillingum á báðum sætum er stjórnað með rafmagni og er býsna öflugt nudd í sætisbakinu. Mikill aðdráttur er í stýrinu sem ætti að gleðja þá sem vilja hafa sætið aftarlega. Hvort sem ökumaðurinn er stuttur eða langur ætti hann að geta komið sér vel fyrir. Hægra megin á bak við stýrishjólið er gírstöngin og vinstra megin stöng fyrir stefnuljós og rúðuþurrkur.

Á milli framsætanna er djúp geymsla undir armhvílunni. Þar fyrir framan eru tveir glasahaldarar og bakki þar sem hægt er að hlaða símann þráðlaust, þó hleðslan þar sé frekar hægvirk. Hanskahólfið mætti teljast miðlungsstórt, en hurðavasarnir eru stórir og fóðraðir að innan.

Aftursætin rúma þrjá fullorðna einstaklinga með góðu móti. Þar sem þakið á bílnum er aflíðandi þurfa þeir hávöxnustu að lúta höfði. Miðað við að þetta sé fólksbíll er aðgengið inn og út úr bílnum að framan og aftan prýðilegt. Þá er innra rýmið bjart með stórum gluggum. Skotthlerinn er firnastór og farangursrýmið með eindæmum rúmgott.

### *Yfirveguð akstursaðstoð*

ID.7 er með afbragðsgóða akstursaðstoð sem er næstum á pari við það sem er í Tesla. Hann heldur sér vel í akreinum og er með yfirveguð við- brögð við breytingum á umferðinni. Þá varpar áðurnefndur sjónlínuskjár mynd inn á framrúðuna sem lætur ökumanninn vita hvað akstursaðstoðin er að hugsa. Óþarft er því að taka augun af veginum til að fá fullvissu um að bíllinn sé líka að fylgjast með.

Sé skynvæddi hraðastillirinn í gangi fylgir bíllinn hámarkshraða. Það er frábær eiginleiki, nema þegar bíllinn sér hámarkshraðaskilti til hliðar og heldur að það eigi við um stofnbrautina sem ekið er á. Því getur bíllinn hægt á sér að því er virðist fyrirvaralaust.

Samkvæmt upplýsingum frá Heklu mun vera hægt að slökkva á þessum eiginleika, en undirritaður fann ekki út úr því meðan á þessum prufuakstri stóð. Þess skal getið að Tesla Model 3 glímir við mjög svipaðan vanda.

### *Lítill hvati fyrir glannaakstur*

Aksturseiginleikar bílsins eru alveg mátulegir. Hann er hvorki leiðinlegur né skemmtilegur en hægt er að ganga að því vísu að upplifunin sé afslappandi. Þrátt fyrir 286 hestafla mótor er lítið sem eggjar ökumanninn til að keyra rallíakstur.

Ef inngjöfinni er þrýst í botn er ekki nokkur leið að láta bílinn spóla. Undirritaður reyndi meira að segja á glerhálum þjóðvegi, en spólvörnin gaf ekki færi á glannaakstri og fór bíllinn rólega og örugglega af stað. Sé allt gefið í botn á þurru malbiki er hröðunin næg til að koma bílnum á umferðarhraða, en ekki þannig að ökumaður og farþegar fái fiðring í magann.

### *Afturdrifi fylgja takmarkanir*

Bíllinn í þessum prufuakstri var afturdrifinn og það fer honum ágætlega. Langflestir íslenskir ökumenn hafa vanist framhjóla- eða fjórhjóladrifnum fólksbílum og var það ekki fyrr en með tilkomu rafmagnsbíla sem algengt varð aftur að fá bifreiðar með drif á aftari öxli. Nokkur viðbrigði geta fylgt því að aka þess konar bílum, sérstaklega í snjó. ID.7 er ekki alslæmur í þeirri færð eins og oft er sagt um afturdrifnar sjálfrennireiðar. Undirritaður saknaði þó framdrifsins þegar ekið var í djúpum og hörðum hjólförum í illa mokuðum íbúðagötum. Þá var ekki hægt að ganga að því vísu að komast úr farinu til að leggja í stæði.

Áðurnefnd spólvörn er hins vegar það öflug að hún kom í veg fyrir að maður kæmi sér í vandræði. Þá var eina ráðið að finna annað stæði þar sem brúnin var aðeins lægri. Eins og verður sífellt algengara í nýjum bílum, þá gefur ID.7 frá sér viðvörunarhljóð þegar ekið er yfir hámarkshraða. Ólíkt þeim ökutækjum sem undirritaður hefur prufað frá til að mynda Hyundai og Kia, þá eru viðvörunarhljóðin í þessum bíl alls ekki ágeng og sýnir bíllinn smá umburðarlyndi þó að ekið sé rétt yfir hámarkshraða.

Pípið í þessum bíl rétt dugar til að minna á hraðann án þess að fara í taugarnar á nokkrum.

### *Að lokum*

Volkswagen ID.7 er vel heppnaður og rúmgóður fólksbíll. Það er í raun ekkert sem er hægt að finna honum til foráttu, en afturdrif getur verið galli fyrir þá sem þurfa reglulega að berjast í gegnum vonda vetrarfærð. Innrarýmið er með eindæmum vandað og nær alls staðar ofgnótt rýmis, nema þegar kemur að höfði aftursætisfarþega.

Samkvæmt verðlista hjá Heklu kostar Volkswagen ID.7 Pro með afturdrifi og 77 kílóvattstunda rafhlöðu 9.990.000 krónur með virðisaukaskatti. Sem stendur er þetta eina útgáfan sem er flutt inn.



Sauðfjárbúið Stórholt í Saurbæ, Dalabyggð er reisulegt og fallegt. Myndir / Einkasafn

Bóndinn:

# Allir vegir færir

**Steinþór Logi Arnarsson og Eydís Anna Kristófersdóttir, sauðfjárbændur í Stórholti, gefa lesendum innlit í líf og starf fjölskyldu sinnar. Einnig má fylgjast með þeim á Instagram og Facebook-síðu Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.**

Steinþór og Eydís tóku við búskapnum sumarið 2022 af foreldrum Steinþórs sem voru búin að búa á jörðinni frá árinu 1990. „Á sama tíma áttum við okkar fyrsta barn og vildum setjast niður og koma okkur fyrir. Okkur leist vel á að fá að prófa að reyna fyrir okkur í sauðfjárbúskapnum sjálf þegar það bauðst svo það var eins aðgengilegt fyrir okkur og gat verið. Við höfum þó hingað til ekki tekið miklar stefnubreytingar frá því sem áður var í búskapnum,“ segir Steinþór, en hann er einnig formaður Samtaka ungra bænda.

**Býli, staðsetning og stærð jarðar?** Sauðfjárbúið Stórholt í Saurbæ, Dalabyggð. Jörðin er um 85 hektarar.

**Ábúendur, fjölskyldustærð og gæludýr?** Við erum þrjú á bænum. Steinþór Logi Arnarsson og Eydís Anna Kristófersdóttir ásamt syni okkar, Kristófer Loga. Svo eru tveir hundar, Rósý og Kappi og tveir kettir, Esja og Tígull.

**Gerð bús og fjöldi búfjár?** Sauðfjárbú að uppleggi með 600 fjár og eitthvað af hrossum eins og sagt er.

**Hvers vegna veljið þið þessa búgrein?** Við erum bæði alin upp á sauðfjárbúum svo við þekkjum það vel út á hvað þessi búskapur gengur. En það var og er ekki heldur þannig að það sé það eina sem komi til greina hjá okkur og við erum alveg opin fyrir ýmsu.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Dagarnir hjá okkur eru mjög fjölbreyttir eftir árstíðum og fyrirliggjandi verkefnum. Þeir byrja á því að drengurinn okkar fer með skólabíl í leikskólann. Yfir veturinn sinnum við svo gjöfum og sækjum vinnu þess á milli aðra hvora viku. Þátttaka í félagsmálum kemur síðan upp í dagatalið í flestum vikum með fundum eða öðrum viðburðum. Síðan eru auðvitað þessi árstíðabundnu verk sem taka yfir eins og sauðburður, heyskapur, fjárrag á haustin og rúningur sem gefur okkur alltaf eitthvað til að hlakka til.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Bústörfin eru skemmtilegust á vorin og sumrin. Þótt sauðburður sé vissulega törn þá er svo gefandi að taka á móti nýju lífi og hjálpa ungviðinu með mæðrum sínum út í vaknandi náttúruna. Haustverkin og fjárragið eru þó líka mjög skemmtileg, að sjá hvernig til hefur tekist. Leiðinlegustu bústörfin eru sennilega þegar eitthvað bilar á versta tíma.

**Hvað er það jákvæða við að vera bændur?** Það jákvæða er náttúran og umhverfið, við vildum setjast niður í sveit til að ala fjölskyldu. Það er líka gaman að takast á við áskoranir og uppskera eftir því hvernig tekst til.

**Hverjar eru áskoranirnar?** Áskoranirnar eru að finna tíma fyrir allt sem við þurfum og viljum gera. Búskapurinn, önnur vinna, félagsmál og fjölskyldulífið púslast þó alltaf þokkalega saman fyrir rest. Það hjálpar okkur mikið að eiga gott bakland í því öllu saman.



Þau Steinþór Logi Arnarsson og Eydís Anna Kristófersdóttir njóta þess að vera til.



Yngissveinninn Kristófer Logi er hvergi banginn.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Við horfum mikið í hvernig sé hægt að auka vinnuhagræðið. Til dæmis sjáum við mikil tækifæri í því að notast við örmerki sem getur flýtt mikið fyrir og opnað á aukna möguleika í bústjórn og skýrsluhaldi. En auðvitað höfum við margs konar hugmyndir um hitt og þetta varðandi búskapinn og aðstöðuna.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Það blasa við okkur fjölmörg tækifæri og það er margt sem við stöndum okkur vel í á Íslandi. Um leið og okkur tekst að nýta tækifærin okkar og styrkleika til fulls eru okkur allir vegir færir, bændum og þjóð til mikils árangurs og heilla.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Eftirminnilegustu augnablikin okkar hingað til úr bústörfunum er þegar sonur okkar spjallar við, klappar og tengist dýrunum, hvort sem það eru hestar, kindur, hundar eða kettir. Það eru skemmtileg augnablik og gaman að sjá hvernig dýrin nálgast hann öðruvísi en okkur sem stærri erum.

**Instagram-síða:@steinthorlogi99**



Sauðfé á sumardegi.












Matarhornið:

# Rasmus og Sven gera bollur

– Máltíð fyrir 4–6



**Hafliði Halldórsson**
hafliði@icelandiclamb.is

**Hakkréttir eru fín leið til að metta marga og vinsæll valkostur á heimilum landsins. Gott hakk er jafn næringarríkt og heilar steikur, en um leið ódýrara og oft fljótlegra í meðhöndlun.**

Á námsárum mínum á ónefndum veitingastað í Reykjavík var mikið höndlað með nautakjöt. Afskurðurinn af steikunum, sem ekki rataði á diska gestanna var alltaf hakkaður og umbreytt í máltíðir fyrir starfsfólkið. Það voru afar hófstillt fagnaðarlæti þegar fimmti og síðan sjötti hakkrétturinn í vikunni var borinn á borð, lausnamiðaðir kokkarnir breyttu þá til og buðu starfsfólkinu upp á bollur til að lægja öldurnar. Jú, jú, sumir sáu í gegnum þetta, en samt ekki alveg allir.

Danir eiga einfaldan kjötbollurétt sem flest börn eru mjög hrifin af og ég mæli með að lesendur prófi. Gömlu nýlenduherrarnir kalla réttinn Boller i karry og eiga samkvæmt danskinum að vera gerðar úr svínakjöti, en við ráðum auðvitað hvað við gerum hér og notum kannski íslenskt svín, en líklega eitthvað annað. Kjötbollurnar eru soðnar og síðan löguð mild karrísósa úr hluta af kjötbollusoðinu, borið fram með soðnum hrísgrjónum. Svo má leika sér með annað meðlæti og þeir allra flippuðustu bæta meira að segja við grænmeti í sósuna.

Svo býð ég upp á ofureinfaldar steiktar bollur með kartöflum og hrásalati, uppskriftin að bollunum er beint úr sænsku handbókinni, en kannski ekki alveg meðlætið að þessu sinni.





***Bollur í karrísósu***

***Bollurnar***

- ***800 g hakk að eigin vali***
- ***3 tsk. fínt salt***
- ***2 laukar***
- ***2 egg***
- ***4 msk. hveiti***
- ***pipar***
- ***1 lítri kjötsoð***
- ***(eða vatn og kjötkraftur)***

Byrjið á að skræla og saxa laukinn fínt, setjið hakk og salt í skál og hrærið vandlega saman í 2–3 mínútur. Auðveldast að gera með hrærivél ef hún er til staðar, bætið svo við lauk, eggjum, hveiti og pipar eftir smekk og hrærið vel saman. Kælið í ísskáp í 30 mínútur.

Setjið vatn og/eða kjötsoð í víðan pott og hitið að suðu, formið bollurnar og setjið í pottinn. Þegar allar bollurnar eru komnar í skuluð þið sjóða á hægum hita í 15 mínútur með lokið á. Færið bollurnar á fat og geymið, sigtið soðið til að nota í sósuna.

***Karrísósa***

- ***3–4 laukar***
- ***4–5 gulrætur***
- ***120 g smjör***
- ***100 g hveiti***
- ***4 msk karríduft***
- ***4 dl kjötbollusoð***
- ***4 dl mjólk***
- ***Salt***

Skrælið og skerið lauk og gulrætur í bita, svitið í potti með smjörinu og karrí á vægum hita í 3–4 mínútur, bætið hveitinu saman við og hrærið vandlega saman.

Bætið soðinu og síðan mjólk saman við og hrærið stöðugt í til að jafna sósuna og forðast að hún brenni. Smakkið til með salti, bætið bollunum í og hitið í nokkrar mínútur áður en þið berið matinn fram. Gott að bera fram með hrísgrjónum eða byggi.

***Bollur með kartöflubátum og hrásalati***

Þessi uppskrift er ansi sænsk, og þar er hakkið jafnan nauta- og svínakjöt til helminga eigi allt að vera samkvæmt bókinni.

Hér heima vita fæstir að allrahanda má vel nota í fleira en bakstur en það er mikið notað í Svíþjóð í matargerð, kjötbollur og síldarrétti svo dæmi sé tekið. Best er að fá allrahanda í heilum kornum sem eru á stærð við piparkorn, heitir einmitt krydd-peppar á sænsku og eru best nýmulin í morteli eða úr piparkvörn.

***Bollurnar***

- ***600 g hakk***
- ***1 laukur***
- ***1 msk. smjör***
- ***160 ml mjólk***
- ***100 g hvítur brauðraspur***
- ***1 egg***
- ***2 tsk. salt***
- ***Hvítur pipar***
- ***1–2 tsk. Allrahanda krydd***

Skrælið og saxið laukinn fínt, svitið laukinn í smjörinu í 2–3 mínútur án þess að hann brúnist. Blandið raspi saman við mjólkina, blandið síðan hakki, lauk, eggi og mjólkur-rasp blöndunni og kryddi saman. Formið í frekar litlar bollur og bræðið 200 g smjör á pönnu og brúnið bollurnar á öllum hliðum. Færið af pönnunni og hitið upp í sósunni. Berið fram með ristuðum kartöflubátum og heimalöguðu hrásalati.

***Sósan hans Sven***

- ***3 msk. smjör***
- ***3 msk. hveiti***
- ***5 dl kjötsoð***
- ***(eða vatn og kjötkraftur)***
- ***3 dl rjómi***
- ***1 msk. eplaedik***
- ***1 msk. sojasósa***
- ***Salt og svartur pipar***

Bræðið smjör í potti og hrærið hveitinu saman við, bætið soðinu við smátt og smátt á meðan þið hrærið stöðugt. Sjóðið í 4 mín., bætið rjóma í, smakkið til með sojasósu, eplaediki, pipar og salti. Sumir vilja setja eitthvað sætt í lokin, t.d. ögn af sultu. Það má vel.

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

Hannyrðir:

# Létt pils fyrir sumarið

**Létt og skemmtilegt pils prjónað úr Drops Safran. Nýttu þér 30% bómullarafsláttinn hjá okkur frá 15. mars til 14. apríl n.k.**

**DROPS Design:** Mynstur fa-017-bn.

**Stærðir:** 2 (3/4) (5/6) 7/8 (9/10) ára.

**Stærð í cm:** 92 (98/104) 110/116 (122/128) 134/140.

**Garn:** DROPS SAFRAN (fæst í Handverkskúnst). 150 (200) 200 (200) 200 g litur á mynd nr 15, plóma.

**Prjónar:** Hringprjónn 60-80 cm nr 4 og 60 cm nr 3 fyrir fald á pilsi – eða þá stærð sem þarf til að 21 lykkja og 28 umferðir með sléttprjóni verði 10 x 10 cm á prjóna nr 4.

**Annað:** Teygja: ca 50 -70 cm. Stykkið er prjónað í hring, ofan frá og niður á hringprjóna.

**Uppskrift:** Fitjið upp 124 (134) 144 (154) 164 lykkjur á hringprjón nr 3 með Safran. Tengið í hring og prjónið slétt 6 cm.

Næsta umferð er prjónuð þannig: Leggið uppfitjunarkantinn aftan við prjóninn, þannig að þessi 6 cm sem hafa verið prjónaðir liggi tvöfaldir (með réttuna út).

Prjónið 1 lykkju af prjóni, JAFNFRAMT er þessi lykkja prjónuð saman við 1 lykkju frá uppfitjunarkanti, haldið svona áfram þar til eftir eru 4 lykkjur, prjónið 4 lykkjur án þess að prjóna uppfitjunarkantinn með (= gat til að þræða teygju).

Skiptið yfir á hringprjón nr 4, prjónið 1 umferð slétt þar sem fækkað er um 4 lykkjur jafnt yfir. Setjið 10 prjónamerki í stykkið, með 11 (12) 13 (14) 15 lykkjur á milli (setjið prjónamerki í eina lykkju).

Prjónið síðan sléttprjón, JAFNFRAMT er aukið út um 1 lykkju (með því að slá 1 sinni uppá prjóninn), í hægri hlið við hvert prjónamerki, aukið út í annarri hverri umferð, alls 27 (33) 40 (48) 56 sinnum = 390 (460) 540 (630) 720 lykkjur – útauknu lykkjurnar eru prjónaðar snúið slétt í næstu umferð, svo að ekki myndist gat.

Á eftir síðustu útaukningu (stykkið mælist ca 22 (26) 31 (37) 42 cm) fellið laust af með sléttum lykkjum þannig: Prjónið 1 lykkju slétt, ((** stingið inn hægri prjón á milli 2 fyrstu lykkja á vinstra prjóni (þ.e.a.s. á milli lykkja á prjóni, ekki í gegnum lykkjuna), sláið 1 sinni uppá hægir prjón, dragið uppsláttinn fram á milli lykkja og setjið uppsláttinn á vinstri prjón **, endurtakið frá **-** 2 sinnum til viðbótar (= 3 nýjar lykkjur á vinstri prjóni).

* Prjónið fyrstu lykkjuna á vinstri prjóni slétt, takið fyrstu lykkjuna á hægri prjóni yfir síðustu lykkjuna sem var prjónuð*)), endurtakið frá *-* alls 6 sinnum og endurtakið frá ((-)) meðfram öllu pilsinu þar til eftir er 1 lykkja, klippið frá og þræðið þráðinn í gegnum síðustu lykkju.

Þræðið teygju í faldinn og saumið opið saman.




*Prjónakveðja*
*Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*







## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 5 | 3 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | | | 9 | 4 | | 6 | |
| | 5 | | 3 | 8 | | | 2 | |
| 4 | 2 | 1 | | | | | | 6 |
| | | 6 | 1 | 4 | | 2 | | |
| | | | 9 | | | | 7 | |
| | 9 | | | 2 | | 6 | 8 | 3 |
| 6 | | 3 | 8 | | | 7 | | 2 |
| 8 | | | | 7 | 3 | 4 | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 7 | | 5 | | |
| | | | 9 | 5 | 6 | | | |
| | 7 | | | 4 | | | | 6 |
| | | | | | 2 | | | |
| | | | | | 9 | 6 | 8 | |
| 5 | 3 | | | 6 | | 1 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 2 | 8 | 7 | | | | | |
| | | 9 | | | | 3 | | 5 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | 1 | |
| 4 | | | 6 | | 2 | | | |
| 5 | | | | | | | | 4 |
| | 3 | | 8 | | | | | |
| 6 | | | 1 | | | | | |
| | | | 9 | 7 | | 2 | 8 | |
| 3 | 2 | | | | 7 | 9 | 5 | |
| | | | | | | | 3 | 1 |
| | | | | 9 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | 3 | |
| | | | | | 5 | 7 | | |
| 5 | 2 | 1 | | | 3 | | | |
| 3 | | | | | 9 | | | 8 |
| 4 | | | | | 1 | 3 | | |
| | 9 | | | 5 | | | 4 | |
| | | | 9 | | 4 | | | |
| | | | | | | | 6 | 2 |
| 9 | 5 | | 7 | | | | | |

Erfinginn:

# Snjóbrettagaur

**Eyvindur Páll hefur gaman af því að vera á snjóbretti og langar að leggja það fyrir sig í framtíðinni. Honum finnst líka mikið fjör að ferðast. Þegar hann er heima finnst honum best að knúsa Njál, köttinn sinn. Hann elskar líka að svamla í vatni enda í stjörnumerki fisksins.**



**Nafn:** Eyvindur Páll G. Kristjánsson.

**Aldur:** Ég verð 11 ára í mars.

**Stjörnumerki:** Fiskur.

**Búseta**: Hveragerði og Ölfus.

**Skóli:** Grunnskólinn í Hveragerði.

**Skemmtilegast í skólanum:** Frímínútur.

**Áhugamál:** Snjóbretti, fara til útlanda, Parkour og að hoppa af háum klettum ofan í vatn.

**Tómstundaiðkun:** Parkour og píanó.

**Uppáhaldsdýrið**: Njáll, kötturinn minn, og komodo dreki.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa.

**Uppáhaldslag:** The Maybe man með AJR.

**Uppáhaldslitur:** Grænn.

**Uppáhaldsmynd:** Ég á ekki uppáhaldsbíómynd.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég fékk Njál.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fara á snjóbretti.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Reyna að vera bestur á snjóbretti.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband sem langar að taka þátt!**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** hefur alla burði til þess að koma í framkvæmd þeim hugmyndum sem eru honum efstar. Skipulagsgáfa hans er með besta móti og um að gera að nýta hana sem fyrst. Eitthvað er um veikindi í kringum hann, þó ekki alvarleg en hann ætti sjálfur að gæta þess að veikjast helst ekki. Mikil lukka er í loftinu. Happatölur 23, 16, 80.

**Fiskurinn** má vænta ýmissa breytinga og allar líkur eru á að þær muni hafa mikil áhrif þegar til lengri tíma er litið. Ástamálin eru með besta móti. Með það í huga er rétt að sýna yfirvegun og ró og láta ekki hlutina ganga sér of nærri, enda litlu hægt að stjórna þegar öllu er á botninn hvolft. Happatölur 11, 26, 18.

**Hrúturinn** þarf að horfa inn á við meðfram öllum breytingum og ekki taka óafturkræfar ákvarðanir að sinni. Eitthvað reynir á náin sambönd, bæði viðskiptaleg og þau sem liggja nær hjartarótunum þar sem hrúturinn þarf að passa að vera bæði heiðarlegur við sjálfan sig og aðra. Happatölur 3, 15, 31.

**Nautið** þarf að virkja sjálft sig í að sleppa öllum þeim tökum sem það getur og fjarlægja sig frá samböndum sem byggja á óheiðarleika. Nautið þarf enn fremur að vera duglegt við að hreyfa sig og gæta þess hvað það lætur inn fyrir sínar varir, enda eitt þeirra merkja sem á vanda til að vera of eftirlátt við sjálft sig. Happatölur 8, 18, 26.

**Tvíburinn** vaknar nú með vorinu af fullum krafti en þarf að gæta þess að vaða ekki yfir aðra þó honum sé mikið niðri fyrir. Muna að ekki er allt við hæfi þó hann brenni fyrir því að láta hlutina ganga. Breytingar eru yfirvofandi, leggja þarf öllum hroka og óöryggi og velta vel fyrir sér hvað er í rauninni rétt afstaða. Happatölur 1, 6, 81.

**Krabbinn** hefur beðið lengi eftir bjartari tíð og verður víst að bíða enn um sinn. Honum er ráðlagt að njóta þess að hafa hægt um sig og leggja frekar á ráðin um hvað koma skal. Þær hugmyndir sem vakna geta mjög líklega orðið honum til góðs, ef af framkvæmd þeirra verður, og því þurfa undirstöðurnar að vera styrkar. Happatölur 4, 73, 21.

**Ljónið** virðist eiga heiminn um þessar mundir og heldur áfram stefnunni sem það trúir að sé sú rétta. Ekki eru allir á sama máli, en ljónið mun halda sínu striki þar til annað kemur í ljós. Veikindi eru í kortunum og hlúa þarf að andlegu hliðinni. Efla svo tengslanetið auk þess sem ljónið þarf að hlusta vel á fólkið í kringum sig. Happatölur 15, 8. 76.

**Meyjan** hefur alla burði til þess að vera glöð og ánægð enda óðum að birta til. Bæði í málum hjartans og almennri vellíðan. Útivist á vel við um þessar mundir og upplagt að anda djúpt og njóta þess að vera til. Árið leggst vel í merki meyjunnar enda að flestu leyti einungis jákvæðara en áður. Happatölur 8, 79, 61.

**Vogin** hefur æ oftar þurft að taka á honum stóra sínum í nánum samböndum og mun sjóða upp úr oftar en einu sinni á þessu ári. Vogin þarf þó ekki að örvænta því eftir mikið upprót verður lygna og góðir tímar fram undan. Vogin þarf ekki að vera smeyk við að standa á sínu enda hefur hún réttlætið og röksemdina sín megin. Happatölur 21, 34, 9.

**Sporðdrekinn** veltir fyrir sér hversu þungt hann skuli stíga niður í vissu máli og verður að segjast að hans hlið mun fá aðra til að hugsa sig tvisvar um. Eitthvað getur orðið honum til ama, en þegar öllu er á botninn hvolft er þar tækifæri til breytinga. Öll skipulagning ætti að ganga greiðlega því fyrr sem ákvarðanir eru teknar. Happatölur 3, 55, 18.

**Bogmaðurinn** hefur nýverið gengið eitthvað fram af öðrum en ætti að láta það sig litlu skipta. Ágætt er að ræða málin sem fyrst og hreinsa loftið en í framhaldinu mun þetta fá alla hlutaðeigendi til þess að horfa á málin frá fleiri hliðum og því í rauninni til góðs. Happatölur 66, 4, 72.

**Steingeitin** hefur eitthvað verið að velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Hvað mætti bæta og hverju mætti leyfa að standa í stað. Slík hugsanavinna er henni afar mikilvæg og sá lærdómur sem felst í því að ganga inn í lífið með opnum huga. Happdrættisvinningur er á næsta leiti, annaðhvort í lífinu eða í formi fjár. Happatölur 16, 22, 28.



**Sefhæna er fugl af relluætt líkt og keldusvín. Þær eru algengir varpfuglar víða í Evrópu en hafa ekki sest að hér á Íslandi. Engu að síður flækjast þær hingað endrum og sinnum. Sefhæna er yfirleitt frekar felugjarn fugl, ekki ósvipað og keldusvín. Sumar hafa þó gerst nokkuð félagslyndar við tjarnir og í almenningsgörðum þar sem þær halda til og verpa í Evrópu. Fuglinn á myndinni er annar af tveimur sem hafa haldið til á lítilli tjörn hjá Ása í Lambhaga en Lambhagi er landsþekkt fyrir framleiðslu á fyrsta flokks salati. Það er reyndar ekki salatið sem sefhænurnar sækjast í heldur er það hann Ási sem hefur mikið dálæti af fuglum og hefur litla tjörn við húsið sitt þar sem hann gefur öndum að borða sem hafa gerst heimakærar. Þarna fundu sefhænurnar tilvalið votlendi, tjörn, skurði og það sem meira er, húsráðanda sem þykir vænt um fuglana og gefur þeim að borða.**

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Tíska:

# Plöntur eða plast?

**Vinnsla ýmiss konar klæðis úr plönturíkinu hefur verið í þróun síðastliðin ár en áhorfendur á tískuviku Parísar fyrir nokkru síðan ráku upp stór augu þegar fyrirsætur pallanna báru fatnað sem á greri gras og aðrar plöntur.**

Það sem bar fyrir augu gesta var afrakstur hugmyndavinnu spænska textílhönnuðarins Paulu Ulargui Escalona, en hún ásamt teymi sínu eyddi um fjórum mánuðum í að rannsaka hvaða flíkur og fylgihlutir hentuðu best sem undirlag undir ræktun. Einnig gerðu þau rannsóknir á hvaða plöntur yxu við hvað fjölbreyttustu aðstæður og urðu niðurstöðurnar þær að jurt chia fræja (Salvia hispanica) og kattagras (Nepeta cataria) kæmu helst til greina.

Næst var lagst í heilmikla ræktun, enda þurfti að tryggja að plönturnar döfnuðu vel í kjöraðstæðum, þó þær yxu á óhefðbundnum jarðvegi.

*Umhverfisvænir áhrifavaldar*

Í kynningu á tískuvikunni benti Paula á að fatnaðurinn yrði ekki fáanlegur, enda nær ómögulegur til framleiðslu – en markmiðið væri að vekja athygli á og endurspegla þá hreyfingu innan iðnaðarins sem benti á sjálfbærari vinnslu en áður.



Hönnuðurinn Paula Ulargui Escalona við vinnslu og hönnun klæðisstranga sem notaður var í fatnað á tískuviku Parísarborgar fyrir nokkru.

Við nánari umhugsun lét þó hönnuðurinn hafa eftir sér að í rauninni væri hægt að halda lífi í gróðrinum sem yxi í fatnaðinum, ef vel væri að gætt. Slíkt verkefni gæti jafnvel verið sumum til góða – enda bæði gott fyrir andlega heilsu að þurfa að sjá um eitthvað og tengjast náttúrunni.

Paula, sem er af einni yngstu kynslóð hönnuða í dag, segir samferðamenn sína í dag hugsa sig tvisvar um hvaða efni þau nota í hönnun og áskorun um sjálfbærni hátt á baugi. Þau geri sér grein fyrir hvaða vald þau hafa í höndunum og hvernig þau geta haft áhrif á þá loftslagsvá sem liggur yfir með því að vinna að list sinni á jákvæðan og umhverfisvænan hátt.



*Iðnaðarmengun par exellence*

Innan hönnunargeirans almennt hefur víðtæk hugarfarsbreyting átt sér stað á síðastliðnum árum þar sem meirihluti er sammála þeirri hugmynd að hönnun sé stór þáttur í að snúa við þeirri hnignun sem átt hefur sér stað í umhverfismálum.

Plastmengun í heiminum er ein stærsta áskorunin sem nær allur iðnaður stendur frammi fyrir. Á vefsíðu „Surfers against Sewage“ eða „Brimbrettakappar gegn úrgangi“ koma nokkrar allskelfilegar tölur fram.

**Plastmengun í tölum af vefsíðu Surfers against Sewage**

- 8 milljónir plastrusls hefur ferð sína í hafið á hverjum degi.
- 12 milljónum tonna af plasti er hent í hafið árlega.
- 80% alls rusl sjávar er plast.
- 5,25 trilljónir makró- og örplasts fljóta um í hafinu, alls um 270 tonn að þyngd.
- 100.000 sjávarspendýr og skjaldbökur auk 1 milljónar sjófugla drepast árlega vegna plastmengunar sjávar.

Þetta eru ótrúlegar tölur, en ættu að vekja okkur mannkynið til umhugsunar. Ein plastflaska getur haldið lögun sinni í hálfa öld umvafin lífríki sjávar og svo brotnað hægt og rólega niður í smærri hluta sem hverfa aldrei.



**Skýringarmynd af gervilið í mjöðm – plasttota er sett yfir málmhlutann.**

Það gefur til kynna þá sorglegu og áhugaverðu staðreynd að allt plast sem hefur verið framleitt er enn til í einhverri mynd – á meðan rannsóknir sýna að æ meira plast er notað en nokkru sinni fyrr.

*Af plasti ertu kominn*

Með neyslu sjávarfangs í huga er spurningin ekki lengur hvort við innbyrðum plast við neyslu þess heldur hversu mikils og hvernig það hefur áhrif á heilsuna okkar. Plastefni á borð við DDT og PCB hafa m.a. verið tengd innkirtlaröskun og jafnvel krabbameini auk þess sem örplast hefur fundist í blóði manna og frekar hrikalegt að hugsa til þess að það berist þá frá barnshafandi konum til barna sinna í gegnum fylgjuna. Og fyrir þá sem neyta ekki fiskmetis eða bera börn – en draga hins vegar andann má benda á að lífverur sjávar framleiða yfir helming alls súrefnis.

Auðvitað er ekki allt plast slæmt. Því það er aldrei allt slæmt. En það er hins vegar stór munur á plasti í hjálmum og því sem notað er við mjaðmaskiptaaðgerðir – og svo plastpoka sem kannski er notaður í korter en tekur einhver hundruð ár að brotna niður.

*(Skv. vef Landspítalans kemur fram að mjaðmaskiptaaðgerð felst í meginatriðum í því að teknir eru burt náttúrulegir liðfletir sjúklingsins og settir í staðinn íhlutir úr ólífrænu efni. Flestir gerviliðir samanstanda af íhlutum úr cobalt-chrome málmblöndu og einnig er notast við slitsterkt polyethylen plast.)* /sp

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is




LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

www.Ljárdalur.is býður upp á gröfur og vinnuvélar á ótrúlegum verðum. Liðléttingar, beltavélar og allt þar á milli. Arnar@ljardalur.is eða í s. 849-3480



Dverg Schauzer hvolpar til sölu. Ættbók frá HRFÍ, heilsufarsskoðuð, bólusett, örmerkt og með startpakka frá Royal Canin. Fyrsta snyrting eftir afhendingu fylgir með hvolpnum. Hafið samband - kolbrun.eva.oddsd@gmail.com



Til sölu hænsnakofi, einangraður í hólf og gólf, 8 varpkassar, breidd 130 cm, hæð 175 cm. Gott að þrífa, einfalt að flytja. Verð kr. 300.000, s. 595-7928.




Tesla Model 3 Long Range AWD, Rafmagn, árgerð 2022, sjálfskiptur, ekinn 34.000 km. Verð kr. 5.690.000 – notadir. benni.is – s. 590-2035.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl. 13-16.30.



Rafstöðvar 70 KVA og 90 KVA. Tilbúnar til notkunar. Verð kr. 1.980.000 +vsk. Upplýsingar í s. 696-9468 eða á husagerdin@husagerdin.is



Jcb 130 beltavél. Smurkerfi, notkun 6.000 tímar, með tönn að aftan. Nýyfirfarin, nýir led-kastarar. Verð kr. 7.000.000 +vsk. S. 770-0042.



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Til sölu gullfallegur og lítið keyrður Benz jeppi GLE 350, árgerð 2017, á vetrardekkjum, sumardekk fylgja. Verð kr. 7.500.000. Upplýsingar í s. 863-5512.



Er með þessa frábæru Gaupen 1995 - tveggja hesta kerru. Árgerð 2023. Keypti hana til að flytja varning úr dánarbúi. Hefur aldrei verið hestur í kerrunni. Sést að hún hefur verið notuð til flutninga á dóti. Nokkrar rendur. Létt, 660 kg. Mjög þægileg í drætti. Gaupen kerrur eru þekktar fyrir að vera sterkar og endingargóðar. Selst á kr. 2.300.000 með skráningu og vsk. Upplýsingar í s. 847-7627 eða email frostros70@gmail.is - Kari.



Vatnsdælur sem tengjast beint á PTO tengi. Ýmsar útfærslur í boði ásamt þvotta- og eða vökvunarsettum. Mjög hagstæð verð. vokvataeki.is vt@vokvataeki.is. Vökvatæki ehf. s. 861-4401.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Smágröfur í úrvali fyrir verkefnin sem bíða. 0,6 t. 1,2 t. og 1,4 t. Vandaðu valið því annað væri galið. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.**
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

**MEIRAPRÓF**
Næsta námskeið hefst 21. mars



**Nú styttist í næsta námskeið**
Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is
AKTU ÖKUSKÓLI

**Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði**
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484

**Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.**
**Úrvalið hefur aldrei verið meira.**
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU



**Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.**
**Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.**
**Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.**
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is















Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Glussadrifnar haughrærur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m, 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Eigum á lager forsteypta hleðslusteina á góðum verðum. Ekki hika við að hafa samband fyrir nánari upplýsingar. istak@istak.is s. 530-2700



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163. www.hak.is



Til sölu 1.400 lítra plastkar frá Borgarplast. Karið er ónotað og er með loki og botntöppum. Upplýsingar í s. 820-1856.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m-3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par, 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Til Sölu Shetland 570 – 1994. Með Mercury 150 hp. fjórgengismótor, keyrður um 20 tíma. Bátur í toppstandi. Báturinn hefur alltaf verið geymdur inni á veturna. Vagn fylgir. Upplýsingar gefur Bjarni, s. 897-9857 eða Þórður, s. 863-4460



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Til sölu Gauksmýri, póstnr: 531. Um er ræða alla jörðina ásamt öllum þeim húseignum sem eru á landareigninni, (fyrir utan hitaveituhús). Jörðin er áætluð um 650 hektarar. Hitaveita er á staðnum og eigin borhola fyrir kalt vatn. Tvö einbýlishús, 4 herbergja íbúð, 25 herbergja hótel, hesthús, hlaða, reiðhöll. Nánari upplýsingar: heimir@fasteignaland.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang, hak@hak.is



Lyftari Steinbock - Boss LE13-70-4A1. Notaður, rafhlaða ónýt, sjá: https://.hvellur.com/product/boss-steinboch-le13-70-4a1-lyftari/ Abeko hleðslulyftari sjá: https://.hvellur.com/product/abeko-kv15-lyftari/ hvellur@hvellur.com, s. 698-6400



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd: 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Peugeot 208, rafmagn, árgerð 2020, sjálfskiptur. Ekinn 90.000 km. Verð kr. 2.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager, 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 l eða 60 l tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is

Bændablaðið kemur næst út 21. mars












Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V, 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatns- og rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is






TOYOTA Proace hjólastólabíll með rampi. Nýskráning 2/2021. Akstur 47.000 km. Dísil, sjálfskipting, 5 manna + hjólastóll. 4 ára þjónustuábyrgð hjá Toyota umboði. Verð kr. 7.890.000. Allar nánari upplýsingar hjá Bílamiðstöðinni s. 517-4500.






Til afgreiðslu strax: Reck mykjuhrærur með 60 cm turbo skrúfuspaða, tjakkstýrði, niðursetning og skurðarbúnaður sem hentar afar vel fyrir niðurfellingarbúnað, fyrir 100-200 hö. traktora pto.- 540-1000. Lágmarks eldneytiseyðsla við hræringu. Uppl. í nýju símanúmeri, s. 793-0116.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“, 3“, 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang, hak@hak.is






Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang, hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á /www.golffraesing.is, s. 892-0808 - Oliver.



Við seljum sláttuvélar í stórum stíl, yfir 70 vörunúmer. Þessi litla sæta, 175 cm kostar enn þá kr. 295.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520






Ný rafstöð 100 kva. Cummins 5,9 l turbo dísil. Verð kr. 2.480.000 +vsk. S. 696-9468





Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163 hak@hak.is

**Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.**

**Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463**

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR






Girðingastaurar 4 mm. (galv.) 40 mm x 40 mm x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is S. 892-4163



Rúllubindivél fyrir smábúskapinn verðkr. 890.000 +vsk. Láttu okkur senda þér nýjasta blaðið. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520



MG MG5 Luxury, rafmagn, árgerð 2023, sjálfskiptur. Ekinn 3.000 km. Verð kr. 5.890.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar. Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163, hak@hak.is.

## Atvinna

Löglærður málari getur tekið verkefni að sér í öllum landshlutum. Þakmálun, innimálun, útimálun og allt sem snertir málningarvinnu. Bæði stór og lítil verkefni. Hef 35 ára reynslu sem málari og hef áhuga á að vinna fyrir ykkur. Hafið samband í s. 772-1765 eða á netfangið: 221malari@gmail.com. Sigurður Sveinn Sigurðsson

Starfskraftur, helst vanur bústörfum, óskast sem fyrst á kúabú í Eyjafirði. Upplýsingar í s. 864-0049 /861-1328.

Erum að leita að hressum einstaklingi til að vinna hjá okkur í hestaleigunni og reiðskólanum á Ölvaldsstöðum. Þarf að hafa reynslu af útreiðum. Starfið felur í sér útreiðar með krökkum og túristum en einnig annað sem til fellur. Tímabil frá lok maí út ágúst. Nánari upplýsingar í s. 893-3886.

Óskað er eftir starfsmanni á kúabú um 20 km frá Akureyri, fram í Eyjafirði. Um er að ræða vinnu við bústörf á um 100 kúa búi. Æskilegt að starfsmaður sé búfræðingur eða hafi reynslu af sambærilegri vinnu. Þarf að geta starfað sjálfstætt með bú. Gæti hentað fyrir par. Hægt að senda fyrirspurnir og umsóknir á netfangið vgs@vgs.is – eða í s. 898-1540.

Óska eftir setu í stjórn fyrirtækis eða nefnd. Helst í fjármálageiranum eða ríkisstofnun. Hef reynslu í eyðslu fjármagns, aðeins í öflun líka. Vel launað starf og með lágmarks mætingarskyldu. Áhugasamir hafi samband á stjornarmadur@gmail.com.

## Óska eftir

Óska eftir amerískum pallbíl, má þarfnast lagfæringa. Skoða allt, hafið samband í s. 774-4441.

Óska eftir pallhúsi og stigbrettum á Toyota Hilux 2006–2015. Hafið samband í s. 892-1397 eða siggi.sigurjonsson@outlook.com

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

## Til leigu

Góðir tekjumöguleikar við jarðarberjarækt. 670–2.000 m² fullbúin gróðrarstöð í nágrenni höfuðborgarinnar til leigu frá 15. mars til 15. sept. Áhugasamir sæki um á sophusdahl@gmail.com

## Til sölu

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu. Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir. Áhugasamir hafi samband við Unni Svövu hjá Allt fasteignasölu. unnur@allt.is

Til sölu er Land Cruser 120 VX árgerð 2004, ekinn 280.000. 7 manna. Leðursæti. Skoðaður 2024. Bíll í góðu ástandi. Sigurður s. 897-9210.

Steinsteypusögunarfyrirtæki til sölu með öllum tækjum, tólum og bíl. Ekki fasteign. Allt í góðu standi. Upplýsingar í s. 893-9068.

## Veiði

Er að leita að rjúpnalandi til leigu í styttri eða lengri tíma. Er höfstilltur veiðimaður og geng vel um. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband á jon@fishland.is eða í s. 899-4899.

## Þjónusta

Byggingarstjóri. Ertu í byggingarhugleiðingum eða ertu kominn á stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com

Get útvegað miðaálímingarvélar og átöppunarvélar, litlar og stórar. Hafið samband, mikil reynsla. Kjartanpals@gmail.com. S. 0045-251-44594




PORSCHE
IS JJ Z63
Við hættum ekki að leika okkur af því við verðum gömul.
Við verðum gömul af því við hættum að leika okkur.
Nýr Cayenne Plug-in Hybrid.
Allt að 90 km drægni á rafmagni*
Bílabúð Benna
Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. *Samkvæmt WLTP EAER CITY.



NIVEA
STINNIR HÚÐINA Í
ANDLITI, HÁLSI & BRINGU
SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á 1 VIKU
100% NÁTTÚRULEGT
BAKUCHIOL
EYKUR NÁTTÚRULEGA
FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI*
NÝTT
NIVEA
EXPERT LIFT
CELLULAR
3-ZONE LIFTING
SERUM
10x
HIGHER
CONCENTRATED
BAKUCHIOL
3-ZONE
LIFTING SERUM
1. Face
2. Neck
3. Décolleté
PURE 10X BAKUCHIOL
*(í tilraunaglasi)